

SÓLVEIG EINARSDÓTTIR

Slekkur á dyrabjöllunni til að fá smá frið

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD

Keyptu og gerðu upp húsnæði í Mosfellsbæ

Sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



UNA HLÍN KRISTJÁNSDÓTTIR

Lætur drauminn rætast

Hannar eigin fatalínu

FÓLK 18



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

22. febrúar 2010 — 44. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR



Allt glatað

Arnar Gauti Sverrisson óttast að erlent þjófa-gengi hafi brotist inn til hans og komið þýfinu úr landi.

FÓLK 26

Grikklandsvinir fagna

Grikklandsvinafélagið Hellas fagnar aldarfjórðungsafmæli sínu.

TÍMAMÓT 14



Vúddú

Einar Már Jónsson skrifar um hagfræðikenninguna sem stingur nálum í velferðardúkkuna til að ráða niðurlögum hennar.


Í DAG 12

Bikarhelgi í Höllinni

Karlalið Snæfells og kvenna-lið Hauka unnu úrslitaleiki Subwaybikarsins í körfubolta um helgina.

ÍÞRÓTTIR 20-21

VEÐRIÐ Í DAG



Éljagangur um landið norðan- og austanvert en bjart sunnan- og vestanlands. Frost á bilinu 0 til 10 stig, mildast syðst.

VEDUR 4

Tilboðinu svarað í dag

Ekki náðist samstaða milli forystumanna stjórnmalaflokkanna um svar við tilboði Breta og Hollendinga um Icesave. Formaður Framsóknarflokks er tregur í taumi. Líklega verður reynt að svara tilboðinu í dag.

UTANRÍKISMÁL Formenn stjórnmalaflokkanna funduðu lengi í gær um tilboð Breta og Hollendinga um ný kjör vegna Icesave. Ekki náðist samstaða á fundinum, en líklega verður tilboðinu svarað í dag. Ljóst er að um gagntilboð verður að ræða, tilboðið verður ekki samþykkt óbreytt.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að reyna eigi að ná saman um tilboð fyrri partinn í dag. „Við erum að fara yfir þetta allt saman og kynna útreikninga og pælingar í kringum þetta. Við munum alltaf bregðast einhvern veginn við, við látum málið ekki stoppa hérna.“ Steingrímur segir alla vera í þessari vinnu af heilindum og reynt verði að ná samstöðu allra flokka.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður

Framsóknarflokksins, tregastur í taumi. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, er mun jákvæðari í garð hugmyndanna. Sömu heimildir herma að reynt verði til fullnustu í dag að ná saman um svar við tilboðinu. Samstaða hælendis var eitt af þeim skilyrðum sem Bretar og Hollendingar settu við nýjum viðræðum.

Stjórnarkreppan í Hollandi setur einnig strík í reikninginn og allsendis óvíst er við hvern er að semja þar nú um mundir.

Sigmundur Davíð sagði eftir fundinn í gær að tilboð Breta og Hollendinga væri á skjön við það sem samninganefndin ræddi í síðustu viku og það sem fór fram á fundi forystumanna flokkanna í Haag.

Hver næstu skref verða ræðst af ráðgjöf Lee Buchheit, en samstaða er um að fylgja hans

ráðum áfram. Óvíst er þó að Sigmundur Davíð styðji það, hann hefur í viðtölum rætt um að mögulega biði lausn málsins haustsins. Það þykir stjórnarliðum ekki koma til greina, efna-hagsástandið kalli á úrlausn fyrr. Formaður Sjálfstæðisflokksins mun einnig vera þeirrar skoðunar.

Óvíst er hvort verður af þjóðaratkvæða-greiðslunni 6. mars. Stjórnarliðum þykir tilgangslítið að kjósa um lög sem byggja á verri samningi en virðist vera að nást.

Ekki hefur fengist staðfest hvað felst nákvæmlega í tilboði Breta og Hollendinga; samstaða er um að það þjóni hagsmunum Íslendinga best að ræða það ekki. Kvisast hefur þó út að um sé að ræða breytingar á vöxtum, að þeir verði fljótandi fyrri hluta tímabilsins og einhvern hluta þess verði vaxtahlé.

- kóp



POTTURINN VEKUR LUKKU Krakkarnir á Móvaði voru hæstánægðir með nýjasta heimilistækið. Fimm börn búa á Móvaði: Óskar Óli, Anika, Hrafnkell, Aníta og Anna Sóley.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Langþráð stund runnin upp hjá íbúum á Móvaði, heimili fyrir fjölfötluð börn:

Krakkarnir fengu heitan pott

FÉLAGSMÁL Í gær rann upp dagur sem íbúar á Móvaði, heimili fyrir fjölfötluð börn, höfðu bedið með mikilli eftirvæntingu. Þá var settur upp heitur pottur, þar sem krakkarnir geta slakað á og hvílt lúin bein.

Potturinn var keyptur fyrir nokkru en ekki var hægt að setja hann upp, því í hann vantaði lyftubúnað til að krakkarnir kæmust ofan í. Kvenfélagið Hringurinn

bætti úr því og gaf Móvaði lyftubúnaðinn á dögum. Þá var ekkert að vanbúnaði að koma pottinum fyrir á sínum stað og fylla hann vatni. Potturinn var tekinn formlega í gagnið í gær en krakkarnir biðu með að bleyta í sér í fyrsta sinn. Fimm fjölfötluð börn búa í Móvaði, þau Óskar Óli, Anika, Hrafnkell, Aníta og Anna Sóley.

Kvenfélagið keypti lyftubúnaðinn fyrir fé úr Barnaspítalasjóði

Hringsins. Í hann rennur allt söfnunarfé fyrir Barnaspítala Hringsins og er veitt úr honum eftir efnum og aðstæðum.

„Auk þess að styrkja sjálfan Barnaspítalann er markmið okkar að styðja við öll veik börn,“ segir Sjöfn Hjálmarsdóttir hjá Kvenfélagi Hringsins. „Heiti potturinn á án efa eftir að koma sér vel fyrir krakkana á Móvaði og hjálpa þeim að líða betur.“

- bs

Tímamót í sögu sjónvarps:

Sjónvarpspulur hætta í apríllök

FÓLK Tímamót verða í sögu Sjónvarpsins 1. maí næstkomandi. Þá verður dagskrá Ríkissjónvarpsins send út án kynningar sjónvarpspúlunnar í fyrsta sinn frá því að útsendingar hófust árið 1966.


Ása Finnsdóttir var fyrsta þula Sjónvarpsins og bauð áhorfendur velkomna á fyrsta útsendingardeginum. „Þetta er leiðinlegt, það er alltaf gaman að fá fallegt brot þegar dagskráin á kvöldin hefst,“ segir Ása í samtali við Fréttablaðið.

Undir það tekur Katrín Brynja Hermannsdóttir, sem hættir sem þula eftir níu ára starf. „Maður minnst þeirra Sirrýjar og Rósu, þeirra sem allir þekkja. Þetta verður eitthvað undarlegt.“

- fgg / sjá síðu 26



ÁSA FINNSDÓTTIR



Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

ostur.is

Brauðostur á tilboði

Nú færðu Brauðost 26% í sérmerktum kílóstykkjum á 20% lægra verði í næstu verslun!

muundu eftir mjólkinni!

muu



Garðar, er það ekki lengur þitt að dæma?

„Nei, nú kem ég mér bara fyrir á spjöldum sögunnar.“

Garðar Örn Hinriksson knattspyrnudómari er hættur dómgæslu eftir 20 ára feril.

Karlmaður á gjörgæslu: Þungt haldinn eftir eldsvoða

LÖGREGLUMÁL Karlmaður liggur þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans eftir eldsvoða í Stykkishólmi í gærmorgun. Lögreglu barst tilkynning um eld í raðhúsi klukkan 10.33 í gærmorgun. Þegar komið var að húsinu var það alelda og fannst maðurinn meðvitundarlaus í svefnherbergi. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Snæfellsnesi eru upptök eldsins ókunn. Tæknideild er væntanleg til Stykkishólms í dag. Manninum er nú haldið sofandi á gjörgæsludeildinni í Fossvogi. Hann er þungt haldinn að sögn læknis á deildinni.



AKRANES Bæjarfélagið hefur verið skikkað til að láta af hendi gögn er varða kaup á tölvupjónustu.

Akraneskaupstaður: Skikkaður til að afhenda gögn

AKRANES Kærunefnd útboðsmála hefur úrskurðað að Akraneskaupstað beri að afhenda fyrirtækinu Omnir ehf. gögn varðandi kaup á tölvupjónustu. Bæjaryfirvöld hafa hundsáð ítrekaðar fyrirspurnir nefndarinnar og ekki rökstutt hví gögnin voru ekki afhent. Líkt og Fréttablaðið greindi frá framlengdi kaupstaðurinn samning við fyrirtækið SecurStore um kaup á tölvupjónustu, en hætti við að bjóða þjónustuna út. Fyrirtækið Omnir kærði þá ákvörðun til kærunefndarinnar, en nefndin hafnaði kærunni. Fyrirtækið krafðist aðgangs að öllum gögnum og nú hefur bæjarfélagið verið skikkað til að verða við því.

Fréttablaðið í nýju blaðabroti

Fréttablaðið kemur út í nýju broti í dag. Nýja brotið er tveimur sentimetrum lægra en áður en prentflöturinn minnkar þó aðeins um einn sentimetra. Breytingarnar eru gerðar í hagræðingarskyni en töluverður sparnaður næst í pappírskaupum. Ný pappírstærð felur ekki í sér breytingar á framsetningu efnis.

Óvíst hvort Gunnar I. Birgisson tekur sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Kópavogi: Ármann öruggur í fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Ármann Kr. Ólafsson hlaut örugga kosningu í fyrsta sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Ármann lagði þar Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóra. Gunnar sóttist eftir fyrsta sætinu, en hafnaði í því þriðja. „Ég er mjög sáttur við þessa niðurstöðu, þetta eru afgerandi úrslit og mikil traustsýfirlýsing við mitt framboð,“ segir Ármann. Ekki náðist í Gunnar í gær, en hann sagði á fundi með framboðendum í síðustu viku að hann



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON myndi ekki taka annað sætið á listanum tapaði hann slagnum um fyrsta sætið. Ármann segist ekki hafa heyrt í Gunnari eftir að úrslit urðu ljós. Um 4.900 manns voru skráðir í flokkinn hinn 21. janúar. Um 6.000 voru á kjörskrá í prófkjörinu og því hafði fjölgað um 1.100 í flokknum

RÖÐ FRAMBJÓÐENDA
1. Ármann Kr. Ólafsson
2. Hildur Dungal
3. Gunnar I. Birgisson
4. Margrét Björnsdóttir
5. Aðalsteinn Jónsson
6. Karen E. Halldórsdóttir
7. Árni Bragason

á einum mánuði. Alls kusu 3.337 í prófkjörinu og kjörsókn því um 56 prósent. Ármann segir sitt framboð ekki hafa stundað smölun. Eðlilegt sé að nýjum mönnum fylgi nýir stuðningsmenn.

Minnst fjörutíu eru látnir á Madeira

Flóð og aurskriður hafa orðið að minnsta kosti fjörutíu manns að bana á portúgölsku eyjunni Madeira. Hundruð eru særð og fjölmargra saknað. „Rosalegt að sjá þetta,“ segir Guðmundur Bergsteinsson sem er búsettur á eyjunni.

PORTÚGÁL „Alls staðar í kring eru skriðuföll, og grjót á flestöllum leiðum,“ segir Guðmundur Bergsteinsson, sem býr á eyjunni Madeira í Portúgal. Stormur reið yfir eyjuna á laugardag og olli miklum flóðum og aurskriðum. Að minnsta kosti fjörutíu hafa látið lífið og hundruð eru særðir. Þá er óttast að tala látinna muni hækka þar sem fjölmargra er enn saknað.

Guðmundur býr ásamt konu sinni í um tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborginni Funchal, sem varð einna verst úti í hamförunum. „Það eru mjög miklar skemmdir inni í Funchal, og það er rosalegt að sjá þetta. Það er búið að rigna svo til alla daga frá því fyrir jól,“ segir Guðmundur. Hann segir að rignt hafi stanslaust í um tvo klukkutíma á laugardag og vatnsmagnið hafi verið gríðarlegt. „Árnar taka bara ekki við þessu og það flæddi hér niður allar hlíðar.“

Flóðin hrifu meðal annars með sér gróður og bíla. Þá gaf jarðvegur sig undan einhverjum húsum. Hjálparstarfsmenn hafa verið sendir frá meginlandi Portúgal og Spáni til þess að aðstoða við björgunarstörf. Veður hamlaði björgunaraðgerðum á laugardag en aðstæður höfðu skánað mikið í gær.

Guðmundur segir eyjuna vera í hálfgerðri biðstöðu. Allir skólar og vinnustaðir séu og verði lokaðir. „Það hreyfir sig enginn og það veit enginn neitt nema það sem heyrir í fréttum. Leiðin til höfuðborgarinnar er lokað, og leiðin út á flugvöll líka. Það veit enginn



BJARGAÐ ÚR FLÓÐINU Hjálparstarfsmenn aðstoða mann við að komast leiðar sinnar í höfuðborginni Funchal á laugardag.

hvenær allt fer af stað aftur, fólk bara bíður.“

Eyjan Madeira er vinsæll ferðamannastaður og voru nokkrir ferðamenn á meðal þeirra sem leituðu aðhlynningar á spítöllum. Yfirvöld í Portúgal hafa sagt alla ferðamenn óhulta, en þó er óttast um afdrif breskrar konu.

thorunn@frettabladid.is

GUÐMUNDUR BERGSTEINSSON íbúi á Madeira segir eyjuna alla í biðstöðu vegna hamfaranna.



Verkfall flugvirkja hjá Icelandair gæti stöðvað ferðir um 20 þúsund farþega í dag:

Fundað stíft fram eftir kvöldi

SAMGÖNGUR Samninganefndir flugvirkja og Icelandair funduðu stíft í allan gærdeg og fram eftir kvöldi til að freista þess að ná samningum áður en til verkfalls kæmi. Samningar höfðu ekki tekist þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi, en verkfall átti að hefjast á miðnætti.

Seint í gærkvöldi stefndi allt í að milliríkjaflug Icelandair myndi stöðvast. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, sagði í gær að stefnt væri á að funda fram eftir nóttu til að reyna að ná samningum.

Kristján Kristinsson, formaður samninganefndar Félags flugvirkja, sagði í gærkvöldi ekkert hægt að upplýsa um gang viðræðna, en viðræður myndu halda áfram fram eftir kvöldi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að flugvirkjar hafi verið búnir að draga úr kröfum sínum í gær, en upphaflega kröfðust þeir 25 prósentu launa-hækkunar. Atvinnuástand meðal flugvirkja hefur verið gott, störfum hefur fjölgað frá árinu 2008 og næga vinnu að hafa.

Sex vélar Icelandair áttu að fljúga frá Keflavíkurflugvelli í morgun, og má búast við því að um það bil 1.000 farþegar eigi bókað far með þeim. Guðjón hvatti þá til að fylgjast með stöðunni og



FERÐALÖG Verkfall flugvirkja myndi setja ferðaáform fjölda flugfarþega í uppnám.

reikna með að áætlanir gangi upp.

Verkfall flugvirkja myndi setja ferðaáætlanir um 20 þúsund ferðamanna, sem eiga bókaðar ferðir á þeim tíma sem verkfallið á að standa, úr skordum.

Réttarbót í Sádi-Arabíu:

Konur fá að flytja mál

SÁÐI-ARABÍA Kvenkyns lögfræðingar munu bráðlega geta flutt mál sín fyrir dómi í Sádi-Arabíu í fyrsta sinn. Hingað til hafa konur aðeins getað starfað á bak við tjöldin hjá hinu opinbera.

Ný lög um þetta verða kynnt á næstu dögum að sögn dómsmálaráðherrans Mohammed al-Eissa. Hann segir lögin hluta af endurbótaáformum konungsins Abdullah. Konunum verður þó aðeins leyfilegt að flytja fjölskyldutengd mál, til dæmis skilnaðar- og forræðismál.



Í FANGI PABBA Engin læknisfræðileg skýring er á hæð Khanedra Thapa Negar.

Sækist eftir heimsmeti:

Er aðeins 56 sentimetra hár

NEPAL, AP Khahendra Thapa Negar, átján ára Nepali, ætla að ferðast til Ítalíu til að freista þess að komast í Heimsmetabók Guinness sem minnsti maður í heimi. Hann er aðeins 56 sentimetrar á hæð en núverandi met-hafi, Kínverjinn He Pingping, er 73 sentimetrar á hæð.

Fjölskylda Negars lagði fyrst inn metumsókn hjá Heimsmetabókinni þegar hann var fjórtán ára en henni var sýnað þar sem hann var ekki fullvaxinn. Negar varð átján ára í fyrra og ætla því að reyna að fá metið staðfest. Læknar í Nepal hafa ekki getað útskýrt hvers vegna hann er svona lítill.

ÞÝSKALAND

Reynir að hindra verkfall

Þýska flugfélagið Lufthansa reri í gær öllum árum að því að koma í veg fyrir að fjögur þúsund flugmenn fari í fjögurra daga verkfall í dag. Slíkt myndi hafa í för með sér mikla röskun á innanlands- og millilandaflugi.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ógnaði með sprautunál

Maður á þrítugsaldri framdi vopnað rán í verslun 10/11 í Álfheimum á laugardagsmorgun. Maðurinn, sem var í annarlegu ástandi, ógnaði afgreiðslustúlku í versluninni með blóðugri sprautunál og hafði á brott með sér óverulega peningaupphæð. Lögregla fann manninn skömmu síðar.

SELTJARNARNES

Árni leiðir Neslistann

Árni Einarsson sigraði í prófkjöri Neslistans á Seltjarnarnesi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Brynjólfur Halldórsson hlaut kosningu í annað sætið. Þeir eru báðir varabæjarfulltrúar Neslistans í dag. Alls kusu 186 í prófkjörinu.

Fáðu þér Nova símkort í símann

0 kr. Nova í Nova – Vertu með!

**Símkort sem lækkar
hjá þér símreikninginn!**

Settu símkort frá Nova í farsímann. Nova símkort er hægt að setja í alla farsíma og ef þig vantar nýjan síma þá eigum við úrval farsíma á frábæru verði.

0 kr. Nova í Nova hópurinn hefur stækkað hratt en nú eru yfir sextíuþúsund manns með símkort frá Nova í farsímanum sínum. Það kostar ekkert að flytja símanúmerið til Nova. Skelltu þér í næstu Nova verslun eða á nova.is og láttu flytja númerið þitt til Nova.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

Ragnheiður efst í Árborg: Karl upp vegna kynjakvótans

STJÓRNMÁL Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri varð í fyrsta sæti í forvali Samfylkingarinnar í Árborg fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Þrófjöröð fór fram á laugardag og var kosning í fyrstu fjögur sætin bindandi. Arna Ír Gunnarsdóttir hlaut flest atkvæði í annað sætið. Vegna kynjakvóta færðist hún niður í þriðja sætið. Eggert Valur Guðmundsson færðist því upp í annað sætið í stað Örnú, en fjórða sætið skipar Kjartan Ólason. Gylfi Þorkelsson bæjarfulltrúi, sem sóttist eftir fyrsta sætinu, hafnaði ekki í einu af fjórum efstu sætum.



RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR

Róstur á Fillipseyjum: Uppreisnarleiðtogi veginn

FILIPPSEYJAR Framámaður í hópi íslamskra harólinumanna féll ásamt fimm öðrum í árás filippseyska hersins á búðir uppreisnarmanna á eyjunni Jolo á Filippseyjum. Breska ríkisútvarpið BBC greindi frá þessu. Albader Parad, leiðtogi uppreisnarsamtakanna Abu Sayyaf, var eftirlýstur fyrir að hafa rænt þremur starfsmönnum Rauða krossins á eyjunni í fyrsta. Talsmaður hersins segir fall hans reiðarslag fyrir uppreisnarhópinn. Abu Sayyaf-samtökin eru minnstu og róttækustu aðskilnaðarsamtökin á suðurhluta Filippseyja. Þau eru talin standa á bakvið nokkrar sprengjuárásir, mannrán og morð.

Protabú Baugs íhugar að krefja fyrrverandi stjórnendur Baugs um skaðabætur: Krafa upp á allt að 15 milljarða

VIÐSKIPTI Protabú Baugs íhugar að krefja fyrrverandi stjórnendur Baugs um allt að 15 milljarða króna í skaðabætur vegna vanrækslu. Stöð 2 greindi frá þessu í gær. Stjórnin keypti hlutabréf fyrir þessa upphæð af þremur stærstu hluthöfum Baugs þegar markaðurinn fyrir bréfin var lítill sem enginn. Þegar Hagar voru seldir úr Baugi til eignarhaldsfélagsins 1998 ehf. sumarið 2008 fóru 15 milljarðar króna af söluandvirðinu í hlutabréfakaup Baugs í Baugi. Bréfin voru keypt af félögum í eigu þriggja stærstu hluthafanna; Jóni Ásgeiri

Jóhannessyni, Ingibjörgu Pálma-dóttur og Hreini Loftssyni. Öll sátu þau í stjórn Baugs á þessum tíma, auk Jóhannesar Jónssonar, Kristínar Jóhannesdóttur, Guðrúnar Sylvíu Pétursdóttur og Hans Kristian Hustad. Öll tengdust þau félögunum þremur nema Hans Kristian. Protabúið skoðar nú hvort stjórnin hafi ákveðið að kaupa nánast verðlaus hlutabréf af stærstu eigendum þess á yfirverði. Skaðabótakrafan getur numið allt að fimmtán milljörðum króna, ef bréfin verða metin verðlaus þegar kaupin áttu sér stað.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Protabú Baugs kannar hvort fyrrverandi stjórn hafi keypt verðlítill hlutabréf á yfirverði.

Jarðhiti annar allri orkuperf landsins

Íslendingar framleiða tvöfalt meira af grænni orku en Holland. Væri notast við olíukyndingu þyrfti að flytja inn olíu fyrir 50 milljarða á ári. Alls eru framleiddar 17.000 gígavattsstundir af orku og eru 4.000 þeirra framleidd með jarðhita.

ORKUMÁL Framleiðsla á rafmagni með jarðhita hefur aukist mikið undanfarin ár og nú er svo komið að fræðilega væri hægt að anna allri almennri orkuperf landsins með rafmagni þannig framleidd. Þetta kom fram í erindi Sigurðar Inga Friðleifssonar, framkvæmdastjóra Orkuseturs, á aðalfundi Samorku á föstudag.

Alls eru framleiddar um 17 þúsund gígavattsstundir af orku hér á landi. Af þeim eru 4 þúsund framleiddar með jarðhita sem annar allri almennri orkunotkun á landinu.

Sigurður Ingi sagði að ef kynda þyrfti hús hér á landi með olíu, líkt og víða tíðkast, þyrfti að flytja inn 800 þúsund tonn árlega, með um 50 milljarða kostnaði. Þá sparast um 2,5 milljónir tonna af útblæstri gróðurhúsalofttegunda, við að hita húsin líkt og gert er hér. Til samanburðar má nefna að losun frá öllum vegasamgöngum er um 900 þúsund tonn.

Ísland stendur öðrum löndum framar í þessum efnum. Sigurður Ingi tók sem dæmi að í Hollandi eru aðeins framleidd tæplega 9 þúsund gígavattsstundir af grænni orku. Til þessarar sérstöðu landsins gleymist oft að líta þegar kemur að viðræðum við Evrópusambandið. Því sé mikill akkur og tölfraðilegur fengur að fá land sem framleiðir jafn mikið af grænni orku.

„Eini mælikvarðinn á stöðu þjóða í raforkuframleiðslu er græn orka,“ sagði Sigurður Ingi. Engin þjóð muni komast undan



NESJAVELLIR Sigurður Ingi telur mikla möguleika liggja í ferðabjónustu tengdri orkuframleiðslu. Sérstaða þjóðarinnar í orkumálum veki víða athygli.



SIGURÐUR INGI FRÍÐLEIFSSON

því að skipta á endanum yfir í græna orku. Það þýði mikil fjárútlát hjá öðrum þjóðum vegna óhjákvæmilegra orkuskipta, fjárútlát sem Íslendingar losni við.

Sigurður Ingi benti þó á að enn væri úrbóta þörf á ýmsum sviðum. Þannig kæmi enn um 20 prósent af orku hérlandis frá óendurnýjanlegum orkugjöfum. Á

því þyrfti að taka. Þá hefur notkun heimila á gasi aukist undanfarin ár, úr tæpum 600 tonnum árið 1996 í rúmlega 1.000 tonn árið 2007. Það skýrist af útihturum og gaseldavélum. „Það er eins og annar hver maður sé orðinn stjórnuokkurur sem þurfi gaseldavél.“

Sigurður Ingi segir mikla möguleika í orkutengdri ferðabjónustu. Hægt væri að búa til útsýnisferðir um virkjanir og ýmis fyrirtæki þeim tengdum. Sérstaða Íslands veki eftirtekt í útlöndum og út á hana ætti að gera.

kolbeinn@frettabladid.is

Tvö björgunarskip kölluð út: Bátur varð vélarvana við Viðey

BJÖRGUNARSTARF Landhelgisgæslan kallaði út tvö björgunarskip fyrir hádegi í gær, eftir að útkall barst frá vélarvana fiskibát norðvestan af Viðey. Tveir menn voru um borð í bátnum og var óttast að hann myndi reka að eyinni. Björgunarskip Landsbjargar, Ásgrímur S. Björnsson frá Reykjavík, og Gróa Pétursdóttur frá Seltjarnarnesi, voru send á vettvang. Rúmum 40 mínútum eftir útkall var Ásgrímur kominn með bátinn í tog og dró hann bátinn til hafnar í Reykjavík.



HÓLMÁVIK Rekstur Strandabyggðar gengur vel og gert er ráð fyrir hagnaði á árinu.

Fjárhagsáætlun 2010: Hagnaður hjá Strandabyggð

STRANDABYGGÐ Gert er ráð fyrir hagnaði á árinu 2010 í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins Strandabyggðar, en hún var samþykkt fyrir skemmstu. Frá þessu er greint á fréttavefnum Strandir.is. Þegar aðalsjóður og B-hluta sjóðir eru teknir saman er gert ráð fyrir tveggja milljóna króna hagnaði. Gert er ráð fyrir hækkuðum fasteignagjöldum en útsvars- og fasteignaprósentur verða óbreyttar. Önnur þjónustugjöld hækka að meðaltali um 7 prósent. Tekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar tæpar 345 milljónir króna. Þá var samþykkt að styrkja hjálparstarf á Haítí um 100 krónur á hvern íbúa sveitarfélagsins.

Álftnesingar flytja lögheimili: Flytja álögurnar

ÁLFTANES Fjöldi Álftnesinga ætlar að flytja lögheimili sitt yfir í annað sveitarfélag til að koma sér undan hærri álögum vegna fjárhagsvand-ræða Álftaness. RÚV greindi frá því í gær. Í samtali við Vísi sagði Pálmi Másson bæjarstjóri að bæjarfyfirvöld hafi verið meðvituð um að hærri álögur gætu haft þetta í för með sér. Hann gerir þó ráð fyrir að þeir sem færi lögheimili sín séu almennt að flytja en reynt verði að fylgjast með.

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvisleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

FROST Fram undan eru frostkaldir dagar enda norðanált ríkjandi á landinu. Norðan- og austanlands verður eljagangur en bjart sunnan heiða. Þegar liður á morgundaginn bætir í vind um landið norðanvert og á miðvikudaginn verður víða strekkingur.

Á MORGUN Vaxandi vindur norðanlands.

MIÐVIKUDAGUR Víða strekkingur eða allhvasst.

HEIMURINN	17°
Alicante	17°
Basel	4°
Berlin	2°
Billund	1°
Eindhoven	8°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	9°
Gautaborg	0°
Kaupmannahöfn	0°
Las Palmas	22°
London	6°
Mallorca	14°
New York	6°
Orlando	25°
Ósló	-14°
París	11°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-6°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Betra verð

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI



Mora FMM sturtuset
Verð kr. **4.980,-**

IFÖ innrétting 75 cm
Verð kr. **69.900,-**



IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. **99.900,-**

Sphinx Lugano borðhandlaug
Verð kr. **9.960,-**

IFÖ salerni með setu
Verð kr. **34.900,-**



Mora FMM eldhústæki
Verð kr. **9.960,-**

Sphinx upphengt salerni,
geberit kassi, seta og spjald
Verð kr. **55.900,-**

Adrian stál ræstivaskur
Verð kr. **22.900,-**



Mora MMIX sturtutæki
m/uppstút
Verð kr. **26.300,-**

Mora sturtut. með niðurst.
Verð kr. **17.500,-**

Mora FMM handlaugartæki
Verð kr. **9.960,-**

Fagmennska í fyrirrúmi

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að smakka á köku ársins sem byrjað er að selja í bakaríum landsins?

JÁ	29,5%
NEI	70,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
 Borðaðir þú fisk oftast en einu sinni í síðustu viku?

Segðu þína skoðun á **visir**

Ríkisstjórnin í Hollandi deildi um veru hermanna í Afganistan:

Afganistan felldi ríkisstjórn

HOLLAND, AP Ríkisstjórn Hollands féll á laugardag, eftir miklar deilur um veru hollenskra hermanna í Afganistan.

Hollenskir hermenn hafa verið í Afganistan frá árinu 2006, en áformað hafði verið að draga herliðið burt á þessu ári. Fyrr í mánuðinum bað Nató ríkisstjórnina um að endurskoða þá ákvörðun og halda herliðinu í landinu. Deilur hafa verið á milli stjórnarflokkanna vegna málsins. Kristilegir demókratar vildu skoða beiðni Nató en Verkamannaflokkurinn vildi halda fyrri áætlun. Í umræðum um málið

á þinginu var meirihluti fyrir því að hefja brottflutning á árinu. Stjórnarsamstarfinu lauk svo þegar ráðherrar Verkamannaflokksins gengu af sextán klukkustunda löngum fundi þar sem reynt var að ná samkomulagi um málið. Forsætisráðherrann, Jan Peter Balkenende, tilkynnti svo í gær að hollenski herinn myndi hefja brottflutning frá Afganistan í ágúst. Hann hefði ekki lengur vald til þess að breyta þeirri ákvörðun. Líklegt er að nú verði boðað til kosninga í maí, ári fyrr en áætlað var.



FORSÆTISRÁÐHERRANN Jan Peter Balkenende tilkynnti um slit stjórnarinnar á laugardagsmorgun. Hann mun ganga á fund drottningar í dag og líklegt er að boðað verði til kosninga í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félag laganema við HÍ:

Ókeypis ráðgjöf á bókasöfnum

SAMFÉLAGSMÁL Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, mun á næstu vikum bjóða borgarbúum upp á lögfræðiráðgjöf á bókasöfnum borgarinnar. Laganemar verða á aðalsafni Borgarbókasafns í dag milli 16 og 18.

Þjónustan er borgarbúum að kostnaðarlausu, en mannréttindaráð Reykjavíkurborgar veitti styrk fyrir verkefninu. Laganemar hafa hingað til eingöngu veitt ráðgjöf í gegnum síma og verður því haldið áfram samhliða aðstoð á bókasöfnum.

- bj

Harðskeljadekk

Meira grip - umhverfisvæn - hljóðlát - endingargóð

Bilabúð Benna

Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

Nesdekk - Fiskislóð - sími 561 4110 / Nesdekk - Reykjanesbæ - sími 420 3333

VM krefst ...

... greiðsluadlögunar sem nær til almennta skulda og veðskulda, íbúðalána og bílalána.

Nánari upplýsingar á www.asi.is

N1 Deildin

2009 - 2010

KARLAR

Mánudagur

Höllin	Akureyri - Fram	19:00
Kaplakriki	FH - Stjarnan	19:30
Vodafone höll	Valur - HK	19:30

512 54 01

Audýngarátt

Eineltið mest hjá níu til tíu ára krökkum

Í könnun sem gerð var í lok síðasta árs í þeim grunnskólum Reykjavíkur sem fylgja Olweusar-áætluninni mældist einelti mest í 4. bekk, eða rúm þrettán prósent. Framkvæmdastjóri áætlunarinnar segir hana víða draga mjög úr einelti.

FÉLAGSMÁL Einelti í 4. til 10. bekk í grunnskólum í Reykjavík, sem fylgja Olweusaráætluninni, mældist að meðaltali sjö prósent samkvæmt nýrri könnun sem gerð var í nóvember og desember síðastliðnum. Þetta jafngildir því að einn til tveir nemendur í hverjum bekk verði fyrir einelti annarra nemenda, að sögn Þorláks H. Helgasonar, framkvæmdastjóra Olweusar-áætlunarinnar á Íslandi. Áætlunin er sem kunnugt er notuð gegn einelti í skólum.

Í grunnskólum Reykjavíkur mældist eineltið mest í 4. bekk, rúm þrettán prósent, og lækkar eftir því sem ofar dregur. Það er fjögur prósent í 10. bekk. Einelti mælist meira hjá strákum en stelpum nema í 6. bekk.

Þorlákur segir að breytinga hafi orðið vart milli ára 2008 til 2009 sem felist í því að fleiri svari því til en áður að þeim líki illa á unglingastigi í skólanum. 2,6 prósent stúlkna í 8. til 10. bekk sögðu sér líka illa í skólanum haustið 2008 en 4,4 prósent haustið 2009.

„Það er einkum þrennt sem stendur upp úr þegar spurt er um tegund eineltis,“ útskýrir Þorlákur. „Það er orðbragðið og stríðnin á óþægilegan og meiðandi hátt. Þá er það rógburðurinn, að breiða út sögur og loks beinlínis útilokun. Þetta er svokallað dulið einelti. Skólarnir bregðast við líkamlegu áreiti svo sem höggum og spörkum, en suma þeirra þarf að aga til að bregðast við duldu



OLWEUSAR-VERKEFNIÐ Á milli 55 til 60 prósent grunnskólabarna eru þátttakendur í Olweusar-verkefninu. Einn framhaldsskóli, Framhaldsskólinn á Selfossi, hefur tekið upp áætlunina innan sinna vébanda með ágætum árangri. Í hittifyrri kom svo fyrsti leikskólinn inn í verkefnið, Eyrarskjól á Ísafirði.

Skólarnir bregðast við líkamlegu áreiti svo sem höggum og spörkum, en suma þeirra þarf að aga til að bregðast við duldu ofbeldi.

ÞORLÁKUR HELGASON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

ofbeldi. Aðalatriðið er að hinir fullorönu, foreldrar, starfsfólk skóla og skólayfirvöld, beri ábyrgð og setji reglur.“

Þorlákur segir að þar sem skólari hafi agað sig og fylgt Olweus-

ar-áætluninni í hvívetna sé að nást verulega góður árangur. Í nokkrum skólum sé einelti helmingi minna milli ára og börnunum þar líði augljóslega betur. Hann kveðst ekki vilja nefna einstaka skóla í þessu sambandi.

„Reykjavíkurborg hefur stutt þetta verkefni myndarlega. Ég er með ákveðinn ramma sem ég er nú að útfæra á hvern skóla í borginni. Svona þarf að vinna þetta og styrkja hvern einasta skóla, ekki á einhverjum meðaltalsgrundvelli heldur með tilliti til þarfa hvers og eins.“

jss@frettabladid.is

Niðurstaða hagfræðiúttektar á greiðsluvanda heimilanna fyrir Neytendasamtökin:

Þriðjungur heimila er í vanda

EFNAHAGSMÁL Búast má við að tæplega þriðjungur íslenskra heimila safni upp skuldum, gangi á eignir til að standa undir daglegri neyslu og afborgunum af lánum, eða hafi dregið svo mikið úr neyslu að lágmarksviðmiði samfélagsins eiga ekki við hjá þeim.

Þetta kemur fram í úttekt sem unnin var fyrir Neytendasamtökin. Niðurstöður úttektarinnar, sem unnin var af Kjartani Brodda Bragasynti hagfræðingi, benda til þess að Seðlabankinn og aðrir opinberir aðilar ofmeti greiðslugetu íslenskra heimila.

Þegar tekið hefur verið tillit til „eðlilegra neyslustaðla“ er töluverð hættu á greiðslubroti hjá töluverðum hluta þeirra skuldsettu heimila sem eru með lægstu ráðstöfunartekjurnar, að því er fram kemur í skýrslunni.

Tekjulægsti hópurinn, sem telur tæplega 11 þúsund heimili, um níu prósent íslenskra heimila samkvæmt skýrslunni, er með um



HEIMILI Töluverð hættu er á greiðslubroti hjá skuldsettustu heimilunum sem eru með lægstu ráðstöfunartekjurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

235 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur þegar tekið hefur verið tillit til vaxta- og barnabóta. Þennan hóp vantar um 129 þúsund krónur á mánuði til að borga fyrir daglega

neyslu og til að greiða vaxtakostnað af lánum. Þessi hópur þarf því annaðhvort að ganga hratt á eignir, taka lán fyrir neyslu, eða draga verulega úr neyslu sinni.

- bj



Antalya

Fegursta borg Tyrklands
20.-28. apríl



ALLT
INNIFALIÐ
OG ALGJÖR
LÚXUS!



Hótel Bahia Lara ★★★★★

Baia Lara er nýtt og glæsilegt 5 stjörnu hótél staðsett við Lara ströndina í Antalya. Hótelíð var opnað 2009. Allur matur og innlendir drykkir eru innifaldir í verði.

VERÐ FRÁ: **20.-28. apríl 169.900 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn og ALLT INNIFALIÐ!



Concorde Resort & Spa ★★★★★

Allt sem þú þráir - og allt innifalið! Lúxus gisting í hóteli sem líkist Concorde-flugvél, dýrindis matur og innlendir drykkir, einkaströnd, stór sundlaugargarður með 5 sundlaugum og barnaklúbbur.

VERÐ FRÁ: **20.-28. apríl 188.300 kr.***

m.v. 2 fullorðna og 1 barn og ALLT INNIFALIÐ!

Draumafríð í framandi fegurð!

Töfralandið Tyrkland verður stöðugt vinsælli áfangastaður fyrir ævintýrabyrsta Íslendinga sem vilja hafa það náðugt á fallegum ströndum, leika sér í sjónum eða kynnst glæsilegri menningarsögu landsins.

Antalya og nágrenni er einn eftirsóttasti áfangastaður Evrópubúa hin síðustu ár. Þar fer saman skínandi sól, fallegar strendur, mikil náttúrufegurð, góður matur og einstök gestrisni heimamanna. Antalya liggur við samnefndan flóa á suðurströnd Tyrklands. Miðjarðarhafið glitrar í sólinni en í fjarska glittir í Taurus-fjallgarðinn í bláleitri móðu.

Gríptu tækifærið og bókaðu strax í ferð þar sem "allt" er innifalið!



Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting með öllu inniföldu. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

KÍKTU Á MYNDIR AF ÞESSUM LÚXUS HÓTELUM Á
urvalutsyn.is

NÁMSKEIÐ Í REIÐISTJÓRNUN

Reiði og neikvæð viðbrögð við reiði og öðrum skyldum tilfinningum geta skert lífsgæði fólks verulega.

Elsa Bára Traustadóttir sálfræðingur heldur námskeið í reiðistjórnun í húsi Kvíðameðferðarstöðvarinnar (KMS), Skútuvogi 1a. Námskeiðið er ætlað körlum og konum sem vilja ná betri tökum á reiði og erfiðum tilfinningum.

Námskeiðið hefst 1. mars og lýkur 31. mars

Nánari upplýsingar og skráning í síma **662-8318** eða með tölvupósti þar sem fram kemur nafn, kennitala og símanúmer á póstfangið: elsabt@simnet.is


SGS krefst...

... þess að stöðugleikasáttmálinn standi! Efling atvinnulífsins verði algjört forgangsmál.


Starfsgreinasamband Íslands

Nánari upplýsingar á www.asi.is

Af litlum neista...



Omeprazol Actavis

- öflugt lyf við brjóstsvíða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarsvið: Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazol sem hefur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsvíða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnaemi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda clatrimýcin hjá sjúklingum með skerta lífrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavir. **Vard:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfiðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blöð í hægðum, ef lífrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðgangi/brjóstgjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýrupólíð hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækinn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýrupólunu hylkin með glasi af vökva. Sýrupólunu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýrupólunu hylkin. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Janúar 2009.

actavis
hagur í heilsu

Auglýsingasími

**512
5401**



Allt sem þú þarft...

FRÉTTASKÝRING: Innanflokksátök hjá Vinstri grænum

VG er í vanda statt

Hljóðið í þingmönnum VG er þungt þessa dagana þegar þeir eru spurðir um heilsufar flokks síns. Fólk dramatísar vandann mismikið, en enginn gerir lítið úr honum. Ofboðslegur titringur og vaxandi, segir einn þingmaður. Lausn á Icesave er talin forsenda þess að um heilt grói.

Spenna vegna framkvæmdar forvals VG í Reykjavík á dögunum og eftirmál þess eru vísbendingar um að grunnt sé á því góða í flokknunum.

Umræða um meinta andfemínista og laka framkvæmd kosninganna hefur verið áberandi. En sumir fylgismenn Ögmundar Jónassonar, sem fór úr ríkisstjórn vegna andstöðu sinnar við Icesave-stefnu Steingríms J. Sigfússonar formanns, telja að fólk Steingríms og Svavars Gestssonar hafi í forvalinu hefnt sín á Ögmundi fyrir afstöðu hans í Icesave-málinu. Það hafi barist gegn Þorleifi Gunnlaugssyni, sem er talinn til Ögmundarmanna.

Auðvitað þýðir stuðningur við einn frambjóðanda ekki andstöðu við samherja annars frambjóðanda, en þingmenn flokksins kannast við þessar sögur. Enginn þeirra sem blaðið ræddi við sagðist þó hafa tekið þátt í slíkum leik.

Þingmaður VG, hlynntur Ögmundi, segir augljóst að eitt-hvað mikið bjáti á í flokknunum, fyrst gengið sé fram af heift gegn gömlum félaga á þennan hátt.

Annað nýlegt dæmi um titring í VG eru skrif um ágæti Evu Joly, þar sem Björn Valur Gíslason, Steingrímsmeginn, og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, úr Ögmundararmi, hafa verið á öndverðum meiði.

Þegar vefriti VG, Smugunni, var lokað á dögunum höfðu þangað borist nokkrar aðsendar greinar og harðorðar frá flokksmönnum. Til dæmis sagðist Sigríður Kristinsdóttir, fyrrum kjörstjórnarfulltrúi og VG-félagi til langs tíma, þar efast um að hún kjósi flokkinn í næstu kosningum. Hún talaði um siðleysi í forvalinu og þar fram eftir götunum.

Svo líkti einn pistlahöfundur, Freyr Rögnvaldsson, keppinautum Sóleyjar Tómasdóttur við menn á borð við Pol Pot, Papa Doc og Pinochet. Þetta væru litlir hræddir karlar sem þýldu ekki að sjá hugrakka unga stúlku sigra.

Stalín kemur einnig að borðinu

Hversu mikið sem það kann að tengjast femínisima og miðaldra körlum, verður ekki hjá því litið að margir flokksmenn telja VG hafa misst sjónar á lýðræðislegum hefðum sínum. Þetta var eitt af því sem flokksmenn gagnrýndu í forvalinu í Reykjavík. Síðan hafa komist í hámmáli deilur Sóleyjar Tómasdóttur og Hermanns Valssonar varaborgarfulltrúa, um hvernig Hermann ætti að greiða atkvæði. Nú heyririst vopnabrák norðan heiða.

Guðbergur Egill Eyjólfsson, þá formaður svæðisfélags VG á Akureyri, sagði af sér formennsku á föstudag, óánægður með hvernig stillt var upp á lista fyrir norðan, vegna komandi sveitarstjórnarkosninga.

Það er í ljósi alls þessa sem Ögmundur skrifar á heimasíðu sína á föstudag, og vikur að deilum fyrir sunnan og norðan. „Það tekur á þegar vinir deila. Svo lýkur því,“ sagði hann þar og hvatti flokksmenn til að fylkja liði til sigurs í sveitarstjórnarkosningum.

En það er ekki sami sáttatónn í

öllum þingmönnum VG. Í svokallaðri órólegri deild Ögmundar eru þingmenn sem segja Steingrím J. og félaga jaðra við að beita „stalínískri“ reglu um eina flokkslínu fyrir alla. Þetta smiti út frá sér: Lilja Mósesdóttir var hvött á sínum tíma af „vel menntuðum hópi fólks úr grásrótinni“ til að segja af sér sem þingmaður, eftir að hún tók afstöðu gegn Icesave-samningnum.

Ögmundur óvelkominn?

Svokallað flokkseigendafélag Steingríms formanns og Svavars segir á móti að Ögmundur hafi sjálfur ákveðið að fara úr ríkisstjórninni, án samráðs við þingflokkin. Hann hafi meira talað við blaðamenn. Einn ráðherra VG segist ekki vita til þess að Ögmundi hafi verið stillt upp við vegg í því máli. Ákvörðunin virðist hafa verið Ögmundar.

Þingmaður einn telur að Ögmundur hafi æ meir tekið ásýnd fórnarlamb þegar í ljós kom að hann hefði leikið af sér með afsógninni og hann fann sig utan innsta hrings.

Nú sé stjórnin samstæðari og sterkari og beri deilumál ekki á torg. Ögmundur njóti því ekki stuðnings þingflokksins sem hugsanlegur ráðherra, enda séu allir hættrir að tala um það sem möguleika að hann snúi aftur. Þvert á móti fjarlægist hann óðum hringiduna í stjórn flokksins.

Þá segir annar þingmaður erfiðt að sjá fyrir sér sættir fyrir en Ögmundur snúi aftur í ríkisstjórn.

Icesave sem forsenda friðar

Einir fimm viðmælendur blaðsins úr þingflokki VG voru spurðir sérstaklega um hugsanlega lausn á deilum innan flokksins. Allir nefndu niðurstöðu í Icesave-málinu sem forsendu friðar.

Einn þingmaður telur hins vegar að í grunninn snúist deilurnar ekki um málefni heldur um Steingrím og Ögmund, tvo leiðtoga flokksins. Aldrei hafi verið gengið almennilega frá verkaskiptingu milli

þeirra. Það verði þó ekki gert fyrir en að Icesave loknu.

Ögmundarfólk tekur ekki undir þetta heils hugar, heldur segja málið snúast um trúnað við hugsjónir. VG sé í þeirri hættu að fara sama veg og aðrir flokkar, passi hann ekki upp á lýðræði og opin skoðanaskipti, sem fyrir segir. Þetta eigi að vera aðalsmerki flokksins.

Samkvæmt heimildum hefur á stundum ekki verið starfsfriður í æðstu röðum flokksins, vegna persónulegra deilna. Sérstaklega hafi staðan verið slæm fram að 30. september, þegar Ögmundur sagði af sér. Þá hafi hávær átök á þingflokksfundum komið í veg fyrir að fólk gæti talað saman. Opinskáar deilur í fjölmiðlum hafi síðan reynst mörgum flokksmönnum erfiðar, enda sé VG flokkur sem leggi mikið upp úr samstöðu. Stjórnarsetan hafi verið afar erfið að þessu leyti.

Erfiðir hjallar fram undan

Grasrót flokksins, fullyrða sumir þingmenn, er vonsvikin með stefnu VG í ríkisstjórn. Það þykir ekki nægilega vinstrisinnadur bragur þar á bæ. Aðgerðaleysi hafi komið í stað frægrar skjaldborgar um heimilin.

Þá skyldi ekki vanmeta andstöðu, sérstaklega landsbyggðarfólks, við ESB, og gremju vegna umsóknar Íslands að því. Steingrímur formaður sagði júnnað fyrir kosningar en að ESB væri á dagskrá.

En hvorki ESB né Icesave eru endilega það sem verður erfiðast fyrir flokkinn, að sögn þingmanns. Fram undan er minnst fimmtíu milljarða niðurskurður ársins 2011, eftir allt sem á undan er gengið. Þá fyrst þurfi vinstri græn að taka á honum stóra sínum og standa saman.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARS.
klemens@frettabladid.is



Keflavíkurflugvöllur er besti flugvöllur í Evrópu að mati flugfarþega! Alþjóða-samtök flugvalla, Airports Council International, framkvæma stöðugt viðamikla þjónustukönnun á 140 helstu flugvöllum heims, þar af 48 í Evrópu. Farþegar meta gæði rúmlega 30 þjónustubáttar og hefur Keflavíkurflugvöllur tekið þátt í könnuninni frá árinu 2004. Sem dæmi um gæði þjónustunnar var Keflavíkurflugvöllur í þriðja sæti á heimsvísu árið 2004 í flokki flugvalla með undir fimm milljónir farþega á ári. Fyrstu kynni erlendra ferðamanna við Ísland eru oftast þegar þeir lenda á Keflavíkurflugvelli og því er mikilvægt að sú upplifun sé góð. Þar af leiðandi er gott að vita að Keflavíkurflugvöllur er fremstur í flokki flugvalla í Evrópu. Keflavíkurflugvöllur hefur skarað framúr í heildaránægju farþega fyrir kurteisi og hjálpssemi starfsfólks, auðvelt tengiflug, notalegt andrúmsloft og hreinlæti. Farþegar hafa einnig verið mjög ánægðir með skjóta afgreiðslu farangurs, aðgengi að farangurskerrum, bankaþjónustu og veitingastaði í flugstöðinni. Grunn-ástæðan fyrir ánægju farþega er framúrskarandi starfsfólk. Þá hefur aðstaða og þjónusta við farþega verið bætt mikið á undanförunum árum og þægindi aukist í kjölfar umfangsmikillar stækkunar og endurbóta á flugstöðinni. Tveir veitingastaðir, þrjú kaffihús, bar, banki og þrjár friðhafnarverslanir eru á biðsvæði farþega auk tíu sérverslana með tiskufatnað, skartgrip, gleraugu, útivistarvörur, minjagrip, snyrtivörur, bækur og tímarit, raftæki, hönnunarvörur og matvörur. Í komusal á fyrstu hæð flugstöðvarinnar er kaffihús, banki og matvöruverslun. Þar er líka afgreiðsla Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og Kynniferða, bílaleiga og gott aðgengi að bílastæðum flugvallarins. Ljóst er að ekki er sjálfgefið að ná þeim merka árangri að vera kosinn besti flugvöllur í Evrópu. Við hjá Keflavíkurflugvelli erum að sjálfsögðu mjög stolt af árangrinum og vitum að til að verja titilinn á næsta ári þurfum við að gera enn betur því farþegar sem ferðast um flugvöllinn okkar eru sannarlega góðu vanir.

BESTI FLUGVÖLLUR Í EVRÓPU



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR



SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Um landið allt eru framúrskarandi veitingastaðir og hlýleg hótél og ekki þarf að fljúga langt til að kúpla sig út úr stressinu. Komum sterk inn í nýja vinnuviku með góðar minningar í farteskinu. Hringdu í 570 3030 og bókaðu endurnærandi helgarferð.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Mikilvægt framlag Samtaka atvinnulífsins:

Nú þarf startkapla

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Samtök atvinnulífsins hafa látið frá sér fara myndarlegt yfirlit um tillögur sínar til endurreisnar í íslensku atvinnulífi og efnahag þjóðarinnar. Mikil vinna liggur greinilega að baki þessum viðamiklu tillögum sem hafa það að markmiði að vísa þjóðinni leið til endurreisnar, kröftugs atvinnulífs og bættra lífskjara. Auðvitað verða skiptar skoðanir um ýmislegt í þessum tillögum SA, en viðleitnin er mjög jákvæð.

Alþýðusambandið hefur líka hreyft mörgum tillögum og hugmyndum og gert skýrar kröfur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Að verulegu leyti er samhljómur með þessum helstu samþökum í íslensku atvinnulífi og vinnumarkaði. Óskandi væri að ríkisstjórnin og stjórnmalaflokkarnir allir vildu hlusta á þessar tillögur og taka tillit til þeirra.

Samtök atvinnulífsins hafa greinilega miklar áhyggjur af því að horfur eru á langvarandi kyrrstöðu eða efnahagslægd og fjölda-atvinnuleysi á Íslandi á komandi misserum. Af þeim sökum leggja SA megináherslu á að bætt verði hressilega í fjárfestingar, iðnþróun og orkubæisun þegar á komandi mánuðum. Samtökin leggja fram margþættar tillögur og hugmyndir til að stuðla að þessu.

Það er skoðun Samtaka atvinnulífsins að framvinda efnahags- og atvinnumála á næstu árum sé undir því komið hverjar ákvarðanir Íslendingar sjálfir taka og hvernig okkur farnast að framfylgja þeim. Þau benda sérstaklega á það grundvallaratriði að fjárfestingar í útflutningsgreinum verða að draga vagninn. Og þau gera þá eðlilegu kröfu að stjórnvöldin vinni með atvinnulífinu.

Markmið Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins eru þau að hér verði atvinna fyrir alla þegar á næstu árum. Þá verði unnið að varanlegri eflingu atvinnulífsins með orkunýtingu og stórfjárfestingum sem eru virkasta leiðin til þess að rykkja hagkerfinu í kröftugan gir til atvinnuaukningar og almennra lífskjaraþóta í landinu. Samtökin leggja þunga áherslu á að vaxta-stigið í landinu verði lagað að þessum markmiðum og horfið frá gjaldeyrishöftunum, en þau eru í raun vantraustsyfirlýsing á krónuna og koma þannig alveg í veg fyrir að hún geti náð tiltrú á markaðinum.

Þær aðgerðir sem Samtök atvinnulífsins boða nú eru einmitt mikilvægar til þess að skapa tiltrú og traust á íslensku atvinnulífi og íslenskri hagþróun til framtíðar. Tillögurnar eru víðtækar og ná til allra helstu samfélagsþátta sem máli skipta. Allir sjá að ríkisstjórnin er stórlega löskuð og kemur eiginlega engu eða fáu til leiðar, að minnsta kosti í bili. Iðnaðarráðherra er aftur og aftur að boða aðgerðir og fyrirætlanir en virðist jafnóðum hrundið til baka af afturhaldsöflum innan stjórnarinnar. Meðal annars af þessari ástæðu hljóta menn að líta til frumkvæðis og tillagna úr öðrum áttum. Það verður að koma vitinu fyrir þá sem standa á móti. Ef ríkisstjórnin megnað ekkert til góðs verður hún auðvitað að vika.

Nú þarf að setja startkapla á hagkerfið. Aðrar aðferðir eru of seinvirkar til að vélin hrökkvi í gang. Tillögur Samtaka atvinnulífsins eru mikilvægt framlag sem allir ættu að kynna sér.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA


S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Miðstýring frjálsbyggjunnar

Frjálsbyggjufélagið hélt aðalfund sinn um helgina. Hann sátu „hátt á fjórða tug manns“ líkt og segir í tilkynningu frá félaginu. Líkt og venja er á aðalfundum var kjörið í stjórn, en hana skipa 19 menn. Karlmenn. Ungir frjálsbyggjudrengir. Líkur á að komast í þá stjórn eru nokkuð góðar, vel ríflega helmingur fundarmanna var kosinn í stjórn. Óvíst er hvort, John Locke hefði skrifað upp á miðstýringu af þessu tagi. Komist drengirnir í félaginu til valda má líklega búast við mikilli útpenslu ríkisbáknsins, ef koma á rúmlega helmingi þjóðarinnar í stjórn.



hefur nefnilega löngum verið mælikvarði á rökprot að seilast í líkingum til Þýskalands Hitlers.



Rökprot eða vanþroski?

Frjálsbyggjudrengirnir bera hag hinna ríku mjög fyrir brjósti og í samþykkt aðalfundarins segir að orðið auðmaður sé komið á sama stall og orðið gyðingur „í munni áróðursmeistara þýska nasistaflokksins“. Vonandi er hægt að skrifa jafn ósmekklega samlíkingu á vanþroska drengjanna. Það

Ekkert fútt lengur

Aðalfundurinn virðist hafa farið nokkuð friðsamlega fram og raunar er það lenska orðin að fundir stjórnmalahreyfingar eru hálfhlitlausir. Engin átök, ekkert fútt, allir vinir. Það er af sem áður var þegar oft lá við handalögmaðlum á slíkum samfundum. Þannig var það á miðstjórnarfundi Alþýðubandalagsins í Neskaupstað fyrir margt löngu. Eftir pólitísk átök yfir daginn voru kverkarnar vættar um kvöldið. Þá fannst nokkrum, sem sumir enduðu síðan á Alþingi, eðlilegt næsta skref að henda Ásmundi Stefánssyni, þá hagfræðingi ASÍ, í höfnina, en voru stöðvaðir á brýggjuspörðinum. kolbeinn@frettabladid.is

Vúddú

Franskir blaðamenn, sem eru öllum hnútum kunnugir, sögðu nýlega frá því í fréttum að eftir jarðskjálftann í Haítí hafi vúddú-særingar, sem þar eru landlægar, mjög svo færst í aukana. Einn þeirra hafði viðtal við „hougan“ nokkurn, en svo eru vúddú-prestar nefndir þar í landi, sem taldi augljóst að andarnir hefðu vitað fyrir um hamfarirnar. Viku fyrir þær hefði hann haldið mikla serimoníu með bænasoð og bumbuslætti ásamt með fleiri prestum í „pot-omitant“ eða hofi, og þá hefðu andarnir að vísu mætt eins og búist var við en verið eitthvað undarlegir, hvorki viljað borða né tala heldur einungis grát. Jafnvel guðinn Ogou, sem er venjulega svo kátur og reifur, hefði ekki sagt eitt aukatekið orð. Greinilegt var að eitthvað skelfilegt var í aðsigi, þótt menn skildu það ekki þá. Öll þessi guðfræði er hvítum Vesturlandabúum framandi, en hins vegar þekkja þeir aðra hlið á vúddú-kukli, – neikvæðu hliðina þegar særingamenn búa til dúkku af fjamdmanni sínum og stinga í hana nálum til að ljósta hann sjálfan einhverjum kaunum og pestum. Dúkkur af því tagi hafa jafnvel verið til sölu í verslunum í París, m.a. í líki Sarkozys, og fylgja nálarnar með.

Svo var þó að sjá af greinunum að fréttamennirnir hefðu brosað út í annað þegar þeir voru að skrifa þær, en það ættu þeir ekki að gera. Því íbúar vítt og breitt á Vesturlöndum hafa ekki farið varhluta af sínum eigin vúddú-særingum og þær af hinu grimma tagi. Fyrir nokkrum árum fóru ýmsir hagfræðingar frjálsbyggjunnar að básúna þá nýju kenningu að með því að lækka skatta mjög mikið, einkum og sérlega á hátekju-



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Hagfræði og galdrar

mönnum og fyrirtækjum, væri hægt að auka skattatekjur ríkisins til muna. Þetta rökstuddu þeir með því að við þessar lækkanir yrðu menn svo glaðir að þeir færu að vinna mun meira en áður – kenningin gengur sem sé úti frá því að alltaf sé næga vinnu að fá, o.s.frv. – þá myndu tekjur þeirra hækka verulega og þeir borga meiri skatta í raun þótt hundradstalan væri lægri. Þetta var svo skýrt með stærðfræðiformúlum sem voru jafn óskiljanlegar og særingaþulur á Haítí.

Fljótlega fékk kenningin nafn sem hún hefur síðan gengið undir og var kölluð „vúddú-hagfræði“, og fannst sumum að hún vekti áleiðna spurningu: skyldu þeir sem halda þessu fram trúa í raun og veru á þessa kenningu sína? Það töldu margir af og frá. Þeir héldu því fram að tilgangurinn væri sá einn að nota þessa nýju hagfræði til að framkalla sem háværasta tóma-hljóð í ríkiskössum, því það væri segin saga að þegar fjármál hins opinbera væru illa stödd, hvar í heimi sem væri, myndu viðbröð stjórnmalamanna jafnan verða þau sömu, að byrja á að draga úr kostnaði í félagsmálum af öllu tagi, heilbrigðiskerfi, skólum og slíku. Því strax í upphafi frjálsbyggjunnar bjuggu hagfræðingar hennar til líkan, eða dúkku, af því sem þeim var

mest nöp við, sem sé velferðarríkinn, – því líkón eru þeirra ær og kýr – og hafa þeir síðan verið í óða önn við að pikka í hana með kenninga-nálum af öllu tagi til að reyna að ráða niðurlögum þessa þjóðfélags, koma því helst til leiðar að sjúkrahúsum verði lokað, nema rándýrum einkaspítölum fyrir auðkýfinga, dregið verði úr framlögum til menntamála, þannig að í staðinn fyrir opinbera skóla komi einkaskólar með háum skólagjöldum, og atvinnuleysisbætur og annað slíkt verði skorið niður við trog, svo ekki sé talað um það fé sem runnið hefur til menningarmála.

Þessi vúddú-hagfræði hefur víða borið góðan árangur frá sjónarhóli þeirra sem bjuggu hana til, en nú bætist annað við í sama anda, og það er kreppan. Hún er í raun og veru framhald vúddú-hagfræðinnar og himna-sending fyrir frjálsbyggjuna, því hennar vegna neyðast jafnvel vinstri stjórnmál til að framkvæma þá stefnu sem hún fylgir sem harðast; þótt þær séu á öndverðum meid eiga þær ekki lengur annarra kosta völ en brýna kutana og vada út í blóðugan niðurskurð á öllu því sem kennt hefur verið við heilbrigðismál, félagsmál og menningu.

Þannig er ýmsum helstu atriðum frjálsbyggjunnar hrundið í framkvæmd, án þess að frjálsbyggjumenn þurfi að koma nálægt því sjálfir og bera á því nokkra minnstu ábyrgð. Þeir geta horft á þetta allt saman skellihljæandi meðan þeir bíða eftir því að fá aftur upp í hendurnar þau fyrirtæki, banka, skipafélög og annað sem þeir misstu um stundarsakir í kreppunni, hvítpengin og skuldlaus, ásamt með auðmjúkri beiðni um afsökun fyrir óþægindin.

Staða ungs fólks áhyggjuefni

UMRÆÐAN

Erla Ósk Ásgeirsdóttir skrifar um atvinnumál

Atvinnuleysi meðal ungs fólks er áhyggjuefni. Við erum að missa unga fólkíð af landi brott en flestir þeirra sem flust hafa í burtu eru á aldrinum 25–29 ára sem er einmitt fjölmennasti aldurshópurinn á atvinnuleysissskrá, eða um 30,5% allra atvinnulausra. Þetta er verulegt áhyggjuefni enda mannauðurinn ein helsta auðlind okkar. Þessar tölur eru skýr skilaboð um að ungt fólk er að sækja sín atvinnutækifæri utan landsteinanna sem þýðir aftur að fjöldi fólks metur það svo að það sé ákjósanlegra að búa annars staðar. Ísland á að vera ákjósanlegur staður fyrir ungt fólk að búa á og við verðum að búa svo um hnútana að það finni kröftum sínum farveg hér heima. Atvinnumálin þola enga bið, ef ekkert verður að gert blasir við að þeim mun fjölga sem velja að flytjast af landi brott. Við stöndum frammi fyrir því að aldrei hafa jafn margir flutt frá landinu og á síðasta ári en 4.835 fleiri fluttu frá landinu en til þess. Næstflest-



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

ir brottfluttir umfram aðflutta voru árið 1887.

Ef opinberar spár ganga eftir munu Íslendingar þurfa að horfast í augu við aukið atvinnuleysi á árinu verði ekki gripið í taumana. Ef ekkert verður að gert mun atvinnuleysi aukast í 10-11% á árinu. Þróunin á vinnumarkaðinum er grafalvarleg en samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar fækkaði störfum um 11 þúsund á milli árunna 2008-2009 og meðalvinnustundum fækkaði um

rúmlega 10% sem gefur sterka vísbendingu um minni verðmætasköpun í hagkerfinu.

Við verðum öll að leggja okkar af mörkum í uppbyggingu atvinnulífsins og samfélagsins því nú ríður á að sköpuð verði ný störf og atvinnuleysi útrýmt. Efnahagsleg endurreisn hefur gengið hægar en vonir stóðu til. Það er því löngu orðið tímabært að stjórnmalamenn horfi til framtíðar og vinni saman að því finna lausnir á þeim vanda sem við blasir við móti skýra framtíðarsýn þannig að Ísland verði áfram ákjósanlegur staður fyrir ungt fólk að búa á.

Höfundur er varaþingmaður.



Takk fyrir Icelandic Glacial

Pann tólfta janúar síðastliðinn reið gríðarlegur jarðskjálfti yfir eyríkið Haiti og skildi íbúa þess eftir í áfalli og ótta. Klukkustundirnar í kjölfar skjálftans voru þrungnar dimmu og drunga þegar fólk byrjaði að leita ástvina sinna sem lágu lífs eða liðnir undir rústum bygginga sem hrunið höfðu til grunna. Skemmdirnar voru gífurlegar og skortur á mat og vatni ógnaði lífi þeirra sem komust af. Icelandic Water Holdings brást hratt við þeim bráða vanda sem blasti við og gaf samtökunum Operation Blessing International átappað vatn sitt, Icelandic Glacial Water, í miklu magni. Samtökin fengu Bandaríska sjóherinn til samstarfs við sig um flutning vatnsins til Haiti.

Fyrir hönd íbúa Haiti vilja samtökin Operation Blessing International þakka Icelandic Water Holdings innilega fyrir þetta höfðinglega og vel tímasetta framlag á Icelandic Glacial „Water for life“.



DREW BARRYMORE ER 35 ÁRA Í DAG.

„Lífið er athyglisvert, því þegar allt kemur til alls verður manns erfiðasta reynsla manns mesti styrkur.“

Drew Blyth Barrymore er bandarísk leikkona og leikstjóri sem sló fyrst í gegn sem barn í kvikmyndinni E.T.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERDIST: 22. FEBRÚAR 1952

Þjóðminjasafnshúsið afhent


Á þessum degi árið 1952 fór fram formleg afhending byggingarnefndar á Þjóðminjasafnshúsinu við Suðurgötu. Þjóðminjasafnið þótti þá í fyrsta skipti fá húsnæði við sitt hæfi en tillaga um byggingu safnsins var upphaflega borin fram í Bláðamannafélaginu en byggingin var hugsuð sem ytra ták og sýnilegur minnisvarði lýðveldisstofnunarinnar.

Safnið var stofnað árið 1863. Munir þess höfðu, allt þar til nýja húsnæðið var opnað, verið geymdir á miður góðum stöðum, svo sem á lofti Dómkirkjunnar, þakhæðum tukhússins við Skólavörðustíg og Alþingishússins og lofti Landsbankans. Við stofnun lýðveldisins árið 1944 ákvað Alþingi

Íslendinga að láta reisa safnhúsið við Suðurgötu en arkitekt hússins var Sigurður Guðmundsson sem teiknaði húsið í samstarfi við Eirík Einarsson.

Sigurður þykir einn helsti brauðryðjandi í íslenskum arkitektúr og nefndur eini íslenski fulltrúi norrænnar klassikur, til að mynda með byggingum sínum, Austurbæjarskóla og svo innréttungum Reykjavíkur Apóteks sem voru í Austurstræti 16.

Eiríkur og Sigurður höfðu starfað sem félagar frá árinu 1938 og af þeirra sameiginlegu verkefnum utan Þjóðminjasafnsins má nefna Sjómannaskólann, bálstofu og kapellu í Fossvogi og Hallgrímskirkju í Saurbæ.



HÁVELLA Steggur í vetrarskrúða, löngu stélfjaðrirnar eru áberandi. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON

FUGL VIKUNNAR: HÁVELLA

Öndin sem segir nafnið sitt

Hávellan er ein algengasta öndin við Ísland á veturna og kemur næst á eftir æðarfuglinum hvað fjöldann varðar. Hún sést jafnt við ströndina, í höfnum sem og lengra úti, þar sem hún lifir á svífi. Hávellan kys helst kalt loftslag, hún verpur við stendur heimskautalandanna á norðurhveli jarðar. Á veturna sjást hér bæði íslenskir fuglar og vetrargestir frá norðlægari löndum. Eitt af einkennum hávellu er að karlfuglinn, steggurinn, er með áberandi langar miðfjaðrir stéls. Annað sem einkennir hávellu er að hún skiptir oft um fjaðurham heldur en aðrar endur. Mikið líf og fjör einkennir hávellurnar, sérstaklega síðla vetrar og fram á vor. Þá gera steggirnir allt til að ganga í augun á kollunum og synda gölandi kringum þær með stélfjaðrirnar á lofti og eru í sífelldum erjum. Þeir kalla þá nafn sitt í sífellu, há-á-vella. Þessi söngur er mjög einkennandi og þekktist víða á norðurhveli, m.a. nota Grænlandingar hann í veðursöngvum sínum. Söngurinn er einkennandi fyrir íslensk fjallavötn á vorin og heyrst jafnframt mikið í Mývatnssveit. Hávellan verpur bæði inn til landsins og við sjávarbjarnir og vötn á láglendi. Hún er mun algengari á láglendi norðanlands en sunnan. Hreiðrið er venjulega nærri vatni, vel falið í gróðri og líkist hreiðrum annarra anda. Steggir fella fjaðrir aðallega á sjó.



AFMÆLI „Við höfðum öll mikinn áhuga á Grikklandi og þarlandri menningu,” segir Kristján Árnason um stofnun Grikklandsvinafélagsins fyrir aldarfjórðungi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GRIKKLANDSVINAFÉLAGIÐ HELLAS: FAGNAR 25 ÁRA AFMÆLI SÍNU

Margt heillandi við Grikkland

„Það má segja að tildrögin að stofnun félagsins á sínum tíma hafi verið þau að okkur stofnmeðliminum þótti yanta kynningu á Grikklandi hér á Íslandi. Grísk fræði hafa ekki verið áberandi í okkar menntalífi, ólíkt því sem gerist víða annars staðar,” segir Kristján Árnason, formaður Grikklandsvinafélagsins Hellas, sem fagnar aldarfjórðungsafræðisínu í dag.

Félagið var sett á fót á þessum degi árið 1985 af Kristjáni og fleira áhugafólki um Grikkland. Margir stofnmeðlimanna starfa enn með félaginu, en skráðir meðlimir eru í dag á annað hundrað talsins. „Við höfðum öll mikinn áhuga á Grikklandi og þarlandri menningu, bæði hinna forngrísku menningu og þeirri nýrri. Það er svo ótalmargt sem heillar við þetta land. Í gegnum árin hafa svo margir gengið í félagið sem hafa ferðast til Grikklands og vilja halda þeim tengslum við,” segir Kristján.

Hann segir starfsemi félagsins hafa verið fræðslubundna fyrst og fremst, en þó hafi verið bryddað upp á ýmsu öðru. „Við höfum reynt að kynna Grikkland eftir bestu getu, en einnig verið með yfir tug ferðir til Grikklands og haldið fundi í kringum þær ferðir. Þá höfum við staðið fyrir samkomum þar sem boðið hefur verið upp á gríska rétti, tónlist og dans og þar fram eftir götunum.

Svo skemmtilega vill til að samhliða afmælinu í dag hefst námskeið á vegum félagsins og Endurmenntunar Háskólans sem ber heitið Grikkland ár og síð. Hlín Agnarsdóttir hefur umsjón með námskeiðinu sem stendur yfir til 22. mars, en það er byggt á samnefndri bók sem kom fyrst út árið 1989 en var endurútgefin fyrir síðustu jóla. Þar gefst almenníngi kostur á að kynna nánar menningu Grikklands að fornu og nýju á viðum grundvelli, en valdir fræði-

menn flytja fyrirlestra um alla helstu þætti hennar, svo sem goðafræði og sagnfræði, skáldskap og listir, heim-speki og vísindi. Áhugasömum er bent á vefsíðuna endurmennt.is þar sem finna má nánari upplýsingar um námskeiðið.

Þá mun félagið fagna afmæli sínu á videigandi hátt næstkomandi laugardagskvöld, 27. febrúar, á efstu hæð Iðnó í hjarta höfuðborgarinnar. Þar verður boðið upp á fordrykk og þríreittað máltíð að grískum sið. Ræðumaður kvöldsins er fjölmiðlamaðurinn og Grikklandsvinurinn Egill Helgason og einnig verður fluttur leikþátturinn Dómur Parísar eftir Lúkíanós í þýðingu Steingrims Thorsteinssonar. Í framhaldinu verður leikin tónlist og stigin dans meðan gólfpláss leyfir. „Ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta,” segir Kristján.

kjartan@frettabladid.is



Okkar ástkæra,
Ásdís Karlsdóttir

Klapparstíg 13, Njarðvík, áður til heimilis að Álfaskeiði 81, Hafnarfirði,

andaðist á sjúkrahúsi Keflavíkur 10. febrúar 2010. Að ósk Ásdísar hefur útför farið fram í kyrrþey.

Grímur Karlsson
Áslaug Karlsdóttir
Hulda Karen og Sigríður Dúa



Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is



Hádegisspjall höfunda

Norræna húsið hefur undanfarna mánudaga staðið fyrir svokölluðu Höfundahádegis þar sem rithöfundar eru fengnir til að ræða bækur sínar. Í dag mun Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur ásamt Jörinni Sigurðardóttur ræða nýjustu bók Vilborgar um landnámskonuna Auði djúpúðgu.

Fyrri bækur Vilborgar, sem og þessi, byggja á mikilli rannsóknarvinnu og mun Vilborg meðal annars sýna slæður frá söguvöldi bókarnar á Bretlandseyjum og myndir tengdar sinni heimildavinnu. Spjallið hefst klukkan 12.

- jma



AUÐUR TIL UMRÆÐU Lítið er til af heimildum um ævi Auðar djúpúðgu en Vilborg vann mikla rannsóknarvinnu fyrir bók sína um landnámskonuna.

BADKAR í líki háhælaðs skós er ekki hefðbundin sjón en slíkt var meðal annars að finna á alþjóðlegri húsgagnasýningu í Köln sem haldin var í janúar.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Matarhorn sælkerans:
Spennandi olíur og edik
Fyrsta flokks vara
Sett í flöskur á staðnum
Skrifum kveðjur á flöskurnar
Óvenjulegar og skemmtilegar gjafir

í bústaðinn og á heimilið
Opið: má-fö. 12-18
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is

Nóra

GEZE
Rennihurðabrautir
Fyrir vegghengdar glerhurðir

JÄRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h,
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarngler.is

ALLT
Á FERÐINNI

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Pórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



Takkinn góði sem Sólveig lét setja upp til að geta slökkt á dyrabjöllunni þegar hún vill fá frið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Takkinn veitir góða hvíld

Þótt hluturinn sem Sólveig Einarsdóttir kennari ákvað að sýna lesendum Fréttablaðsins sé ekki sá sem er í mestu upphaldi á heimilinu, veitir hann henni ómælda ánægju í formi góðrar hvíldar.

Sólveig Einarsdóttir kennari ólst upp með níu systkinum í stóru húsi í Reykjavík. Börnin voru öll fædd á sextán ára tímabili og því oft líf og fjör á heimilinu, ekki síst á matmálistímum. Það er því ekki að furða að móðir Sólveigar, sem var heimavinnandi með allan krakka-skarann, þyrfti að leggja sig eftir hádegismatinn.

Á barnmörgu heimili verður óhjákvæmilega ráp inn og út og dyrabjallan því síhringjandi. Móðir Sólveigar brá því á það ráð að láta hengja úr dyrasímanum snúru með rofa þannig að hægt væri að slökka á dyrabjöllunni svo hún

fengi frið meðan hún lagði sig.

„Þegar ég stofnaði eigið heimili og eignaðist mín fjögur börn fann ég stundum fyrir þeirri þörf að vera í friði í dálitla stund til að leggja mig,“ segir Sólveig sem brá þá á sama ráð og móðir hennar og lét setja upp dyrabjöllurofa til að minnka líkurnar á því að bjallan truflaði blundinn.

„Þetta er kannski ekki hluturinn á heimilinu sem mér þykir vænst um en hann hefur hins vegar tengingu við mína barnæsku og gefur mér einnig góðar stundir í friði og ró,“ segir hún en viðurkennir kímín að stundum gleymi hún að

kveikja aftur á bjöllunni, gestum til nokkurs ama.

Sólveig er íslenskukennari við Kvennaskólann og gaf nýverið út ásamt Ásdísi Arnalds tvær bækur í bókaflóknum Tungutak. „Önnur bókin er eins og konfekt og rjómi,“ segir hún glettin. Þar er fjallað um félagsleg málvísindi, til dæmis máltöku barna, kynjamál, stéttamál, táknmal og ýmislegt fleira. Hin bókin er sérhæfðari og fjallar um hljóðfræði,“ upplýsir hún en dyrabjöllurofinn hefur líklega komið sér vel þegar Sólveig einbeitti sér að skrifum bókarinnar.

solveig@frettabladid.is

FRAMTÍÐIN Í FJÖLSTILLANLEGUM RÚMUM



- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukkan með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum
- Fæst bæði með dökkum og ljósum lit



" IQ-CARE heilsudýrnar hafa svo sannarlega slegið í gegn hér á landi. Þær eru einstakur valkostur og hafa reynst frábærlega vel.

Viðskiptavinir okkar velja þær yfirleitt í stillanleg rúm sín enda eru dýrnar sérstaklega hannaðar til að þola allar hreyfingar sem stillanleg rúm gera kröfu til. Með komu IQ-CARE heilsudýrnanna höfum við enn betur náð að koma til móts við sértækustu þarfir viðskiptavina okkar og finna þá lausn í dýnu sem best hentar hverjum og einum "

Sigurður Matthíasson, forstjóri

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



HVERT HERBERGI ætti að hafa fókus. Skemmtilegt er að ganga inn í stofu þar sem athyglin beinist strax að einhverjum einum áberandi hlut líkt og litríkum sófa eða sérkennilega löguðum lampa.

FRÍ MÆLING
út febrúar

á gluggatjöldum

Reykjavík: Mörkín 4 | Sími: 533 3500 | Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16
Akureyri: Hofsbót 4 | Sími: 462 3504 | Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-14

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Hafdis Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir eru þegar komnar af stað með nýja vörulínu sem þær kalla Corvus.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kökudiskar og krummar

Stöllurnar Hafdis Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir standa á bak við Arcadesign. Fyrirtækið stofnuðu þær fyrir hálfu ári í kringum kökudisk úr plexigleri sem þær teiknuðu sjálfar og létu smíða.

„Þetta byrjaði allt þegar við Vilborg sátum yfir kaffibolla inni í eldhúsi. Við vorum að tala um hvað okkur vantaði oft kökudiska á fæti sem taka ekki allt skápa-pláss en Vilborg var þá að undirbúa fermingarveislu. Þá kviknaði hugmyndin að kökudiski sem hægt er að taka í sundur,“ útskýrir Hafdis.

Þær hófust síðan handa við að teikna við eldhúsborðið heima og fengu fyrirtækið Logoflex til að skera út formin. Fljótlega vatt hugmyndin upp á sig og fylgdu servéttustandar, kertastjaker og fleira í kjölfarið. „Þegar við fundum x-ásinn sem hlutirnir er settir saman með spruttu hugmyndirnar fram.“

Þó stutt sé síðan fyrirtækið fór af stað hafa Hafdis og Vilborg ekki setið auðum höndum. Fram er komin ný vörulína sem þær kalla Corvus sem inniheldur meðal annars borðspegil, snaga og kertastjaka. „Corvus er latneska heitið yfir hrafn en okkur finnst krummi svo fallegur fugl. Við byrjuðum að vinna í línunni strax fyrir jól og erum enn að hugsa um fermingarnar en núna gjafir. Krummi er glysgjarn og við gerðum til dæmis borðspegil sem krummi situr upp á. Svo er hægt að hengja skartið á hann.“



Kökudiskur eða fat undir ávexti.

Vörurnar frá Arcadesign má meðal annars finna í verslunum Móðern í Hlíðar-smára, Póley í Vestmannaeyjum og Sirku á Akureyri, Mótívó á Selfossi og á pósthúsum víða um land. Einnig eru þær stöllur með eigin vefverslun í smíðum.

Hafdis segir vörurnar hafa fengið góðar viðtökur og er nú vinnan við Arcadesign orðin aðalvinna þeirra beggja. „Við bjuggumst ekki alveg við þessu þegar við byrjuðum á kökudiskinum en þetta hefur gengið alveg rosalega vel. Við munum örugglega koma með eitthvað nýtt fyrir sumarið, til dæmis fyrir brúðkaupin. Við erum með svo mikið af hugmyndum og erum bara rétt að byrja.“

heida@frettabladid.is

Hönnuðurinn Mario Bellini útskrifaðist frá Plytechnic í Mílanó árið 1959. Hann starfar enn á eigin arkitekt- og hönnunarstofu í borginni.

Hann hefur starfað fyrir merki á borð við Artemide, Erco, Fiat, B&B Italia, Cassina og Olivetti. Frægustu verk hans eru stólar í CAB-línunni sem hann hannaði fyrst árið 1977.

www.interiordezine.com



Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Aðstoðaðu okkur við að bæta dagskrána!

Mánudagur 22. febrúar

Hvernig stöndumst við álag - Hvað fær okkur til að pirrast og reiðast yfir smámunum? Tími: 12.30 - 14.00.

Prjónahópur - Lærðu að prjóna. Tími: 13.00 - 15.00.

Enskuhópur - Æfðu þig að tala ensku. Tími: 14.00 - 15.00.

Með hamingjuna í lúkunum - Þórhildur frá Þekkingarmiðlun fjallar um hamingjuna, hamingjuhindranir og gefur gömlum broshrukum nýtt líf. Tími: 14.30 - 15.30.

Skáklúbbur - Komdu og tefldu. Tími: 15.30 - 17.00.

Þriðjudagur 23. febrúar

Qi – Gong - Viðar H. Eiríksson kennir fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00 - 14.00.

NLP (Neuro Lingvistisk Programering) - Hvernig má nýta NLP sem hjálpartæki þegar lífið tekur óvænta stefnu og velja þarf úr nýjum möguleikum. Tími: 13.30 - 14.30.

Vinum saman - Ný viðhorf (Býflugurnar) - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14.00-16.00.

Að sýna trúna í verki - Umræður. Tími: 14.00-15.00.

Baujan sjálfstyrking - Fullt! Tími: 15.00 - 17.00.

Skiptifatamarkaður - Barnaföt - Tími: 16.00 - 18.00.

Miðvikudagur 24. febrúar

Næring og lífsstíll - Þú þarft ekki að umturna lífi þínu þó þú viljir lifa heilsusamlegu lífi. Tími: 12.30 - 13.30.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Tími: 13.30-15.30.



Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

Áhugasviðsgreining - Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 14.00 - 16.00.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur - Sérniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14.00 - 16.00.

Briddsklúbbur - Hefur þú gaman af bridds? Langar þig að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Skattar og skattabreytingar - Hvað þýða nýlegar breytingar á skattakerfinu fyrir þig? Tími: 15.30-16.30.

Fimmtudagur 25. febrúar

Fluguþnýtingar fyrir byrjendur - Skráning nauðsynleg. Tími: 12:00 - 13.30.

Föndur - skrápp myndaalbúm og kort - Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 12.00-14.00.

Saumasmiðjan - Gamalt verður nýtt. Tími: 13.00-15.00.

Hjálparstarf á Haítí - Sendifulltrúi Rauða krossins segir frá starfi sínu og aðkomunni á Haítí örfáum dögum eftir jarðskjálftann. Tími: 14.00-15.00.

Þýskuhópur - Við æfum okkur í að tala saman á þýsku um málverk. Tími: 14.00-14.45.

Frönskuþópur - Við æfum okkur á frönsku í að tala um mannlysingar og ættartré. Tími: 15.00 - 15.45.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagur 26. febrúar

Hjartahnoð - Lærðu og æfðu rétt viðbrögð þegar sekúndur skipta máli. Tími: 12.15 - 13.15.

Gönguhópur - Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30 - 13.30.

Meðvirkni - Af hverju verðum við meðvirk? - Ráðgjafar Lausnarinnar (lausnin.is) bjóða upp á einstaklingsráðgjöf að fyrirlestri loknum. Tími: 13.15-14.45.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

512 54 01

Auglýsingasími



Allt sem þú þarft...

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR

22. FEBRÚAR 2010



● ALLTAF NÝTT OG NÝTT

Þeir sem vilja prýða hífýli sín með málverki eða teikningu eftir íslenskan listamann geta leigt slíkt verk fyrir eitt til tíu þúsund krónur á mánuði. Þeir geta svo hvort sem er, eignast það smátt og smátt eða skil-að því aftur og jafnvel fengið annað.

Artótekið - Listhlaða leigir og selur íslenska samtíma-myndlist til almennings og fyrirtækja. Lágmarks leigutími er mánuður og hámark 36 mánuðir en lánþegi getur hve-nær sem er á leigutímanum keypt listaverkið og þá dregst frá verðinu sú leiga sem áður hefur verið greidd.

Artótekið er til húsa á 1. hæð Grófarhúss við Tryggvagötu 15 og þangað getur fólk komið á afgreiðslutíma Borgarbókasafnsins og skoð-að myndverkin. Auðvelt er líka að fara inn á vefinn www.artotek.is og líta á úrvalið sem til er hverju sinni.

● BRÁÐSNIÐUG SVEPPAHILLA

Hillur þurfa ekki að kosta of fjár. Hægt er að hanna þær sjálfur með því að nota gamlan viðarbút.

Austurríski hönnuðurinn Katharina Mischer hannaði hilluna Limited Fungi Shelf sem hefur vakið mikla athygli. Hillan er búin til úr gömlum viði sem búið er að finpússa

og lakka og upp úr honum standa fal-legir skógarsveppir úr kopar.

Hillur úr notuðum viði eru því einföld og skemmti-leg lausn sem mun án efa gefa heimilinu skemmtilegan blæ.



Rannveig segist hrifin af bókstöfum á vegg. Svörtu stafina keypti hún í blómaverslun á Ísafirði fyrir nokkru.

Mestu munar um

Í þrílyftu húsi í Mosfellsbænum búa Rannveig Halldórsdóttir og Kristján Jóhann Guðmundsson ásamt börnunum Gyðu Margréti og Halldóri Gauta og hundinum Neró. Húsið keyptu þau árið 2005 og hófust handa við að gera það upp þremur árum síðar.

„Ég er á því að maður verði að vera búinn að búa í húsinu í einhvern tíma til að finna út úr því hvernig maður vill hafa hlutina,“ segir Rannveig en búið er að taka neðri hæð hússins í gegn og stefnt á efri hæðina í framhaldinu.

Skipt var um gólfefni og hiti lagður í gólf, eldhúsið og borðstofan tekin í gegn og eins snyrtingin á hæðinni.

„Við nutum aðstoðar Kristínar Guðmundsdóttur hjá Innark og hún teiknaði til dæmis eldhúsið. Það var bæði lítið og erfitt að vinna í því svo við lögðum áherslu



Heimasætan Gyða Margrét og húsfreyjan Rannveig með hundinn Neró á milli sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Klukka á vegg innan um myndir en Rannveig segist gjarnan nostra við smáatriðin.

á að fá pláss undir alla hluti og góða vinnuaðstöðu. Til dæmis var gerð útdraganleg eyja sem nýtist sérstaklega vel.“

Þegar Rannveig er beðin að lýsa stílnum heima hjá sér vefst henni tunga um tönn en segir hann þó ekki minimalískan og heldur

ekki „brjálæðískan“. „Ég set bara saman minn eigin stíl og vil hafa hlýlegt í kringum mig. Ég labba ekki í leiðslu út í búð og kaupi eitt-hvað bara af því ég sá það hjá einhverjum öðrum. Mér er líka alveg sama hvort flottur hlutur fæst í Rúmfatalagernum eða Casa. Ég



Ideal
STANDARD

Tilboð
12.025



Ideal Standard
Handlaugar blöndunartæki
m/lyftutappa

Tilboð
23.657



Ideal Standard
Hitastýrt
baðblöndunartæki

Tilboð
16.840



Ideal Standard
Hitastýrt
sturtublöndunartæki

Tilboð
14.435



Ideal Standard
Eldhúsböndunartæki



ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

FASTEIGNASALAN **570 4800**

GIMLI

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Gransásvegur 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800



Garðyrkjustöð í Hveragerði

Vorum að fá til sölu meðferðar garðyrkjustöð í góðum rekstri sem staðsett er við Breiðumörk, sem er aðal gata bæjarins og býður því upp á margskonar þjónustu- og viðskiptamöguleika. Í stöðinni er rósarækt og er húsnæðið 1.520 fm og lóðin 3.920 fm með góðri aðkomu. Góðir stækkunarmöguleikar. Sér sölukerfi. Kjörið tækifæri til að skapa sér eigin atvinnurekstur. **Nánari upplýsingar gefur Kristinn G. Kristjánsson í s. 483-5900 eða 892-9330.**

- Traust þjónusta í 30 ár -



Húsið er á tveimur hæðum og alls 292,9 fermetrar.

Til sölu

Vesturgata 6-8 & 10-10a



**Tilboð óskast í heildareignina c.a. 1500m²
Hagstæð langtímalán með 5.5% föstum
vöxtum geta fylgt.**

Upplýsingar veitir Aron í s. 861 3889 aronpk@gmail.com

Fögur lóð og gott útsýni

Fasteignamarkaðurinn kynnir fallegt og vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum í Holtsbúð í Garðabæ.

Húsið er 292,9 fermetrar að flatarmáli. Komið er inn í flísalagða forstofu með fataskápum. Gestasalerni er flísalagt og með glugga. Á hæðinni er stórt parketlagt herbergi, vinnuherbergi og sjónvarpshol. Þar er einnig líkamsræktarrými með gufubaði, salerni og sturtuklefa innaf. Innangengt er úr geymslu í bílskúr sem er tvöfaldur með gluggum og rafmagnsopna.

Á efri hæð hússins er farið um fallegan stiga með viðarþrepum. Komið er í parketlagða setustofu með útgangi á stóra verönd með skjólveggjum, lýsingu og

heitum potti. Á hæðinni eru samliggjandi stórar stofur með útsýni og útgangi á svalir til vesturs. Í stofunum er fallegur arinn.

Eldhúsið er parketlagt og rúmgott. Þar eru fallegar hvítar eikarinnréttingar með tengi fyrir uppþvottavél. Þvottaherbergi og búr eru innaf eldhúsi. Svefngangur er parketlagður og bjartur. Flísalagt baðherbergið er stórt með glugga og bæði baðkari og sturtuklefa. Góðar innréttingar eru í baðherbergi. Hjónaherbergið er með miklum innréttingum en innangengt er úr því í baðherbergi. Á hæðinni er einnig annað mjög stórt herbergi sem á teikningum eru tvö herbergi.

Húsið að utan er í góðu ástandi og þak er í góðu lagi. Hiti er í innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið.



heimili
FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

Sími
530 6500

Opð mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnþógi Hilmarsson og
Bogi Pétursson
löggiltir fasteignasalar

Vantar eignir
á söluskrá



Langholtsvegur
Gott 142 fm endarahús á tveimur hæðum á góðum stað. Afgirtur bakgarður, góð stofa og 3 svefnherbergi. V. 31,7 m.



Rauðalækur.
Rúmgóð 139 fm sérhæð með 26 fm bílskúr. Alls 165 fm. Vel hönnuð sérhæð með mikla möguleika. V. 35,9 m



Rauðalækur.
Falleg og mikið endurnýju 3ja herbergja ca 85 fm íbúð með sérinnngangi. V. 21,0 m.



Álfaskeið.
Góð 3ja herbergja efri sérhæð með 16 fm akaíbúðarherbergi í kjallara. Góð staðsetning við hraunið. Nýlegir gluggar og gler. V. 20,0 m. Áhv 15,0 m



Sóleyjarími.
Fallegt og vandað 218 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Skipti á minni eign í sama hverfi.



Hamravík.
Fallegt og vandað 240 fm einbýli með innbyggðum bílskúr. Róleg staðsetning við óbyggt svæði. Mikið útsýni



Hlíðarvegur 64
Glæsileg 100 fm 3ja herbergja íbúð á einstökum útsýnisstað. Tvennar svalir og mikil lofthæð. V. 32,9 m



Tómasarhagi - glæsileg sérhæð í nýju húsi.
Stórglæsileg 130 fm sérhæð ásamt bílskúr í húsi byggðu 1998. Þrjú góð herbergi. Hér er allt fyrsta flokks. Bein sala eða skipti á stærra. Verð 45 millj.



Gerðarbrunnur - Parhús.
Byggingarlóð með sökkulum, botplötu og lögnum í grunn ásamt öllum teikningum. Öll skipti skoðuð.



Hólmátún.
Vel skipulagt og einstaklega vel staðsett um 200 fm einbýlishús. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Glæsilegt sjávarútsýni. V. 46,0 m.



Kastalagerði.
Fallegt mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. V. 49,5 m.



Eyktaar.
Vandað mikið endurbætt 275 fm einbýli á rólegum stað. Fallegur garður með verönd og mikið útsýni af svölum. Makaskipti.



Hólmvað.
Ný fullbúin 160 fm sérhæð, þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvestur. Áhv. 25 m frá íls.



Arnarsmári.
Góð vel skipulögð 90 fm, 3ja herb. endaíbúð á 3. hæð í litlu fjölbýli. Mikið útsýni. V. 23,9 m.

Sverrir Kristinnsson,
framkvæmdastjóri,
lögg. fasteignasaliGuðmundur
Sigurjónsson,
lögfræðingur,
lögg. fasteignasaliÞorleifur St.
Guðmundsson,
lögg. fasteignasaliKjartan Hallgeirsson,
lögg. fasteignasaliGeir Sigurðsson,
lögg. fasteignasaliHilmar Þór
Hafsteinsson,
lögg. leigumiðlari,
lögg. fasteignasaliMagnús Geir
Pálsson,
sölumaðurÞóririnn M.
Friðgeirsson,
lögg. fasteignasaliJóhanna
Valdimarsdóttir,
gjaldkeriElin Þorleifsdóttir,
ritari**Íbúðir í Sunnuhlíð í Kópavogi**

Höfum til sölu íbúðarrétt að þjónustuíbúðum fyrir aldraða hjá Sunnuhlíðarsamtökunum. Studio íbúð 50 fm að Kópavogsbraut 1B verð: 13,8 milljónir 2ja herb. íbúð 61 - 66 fm að Kópavogsbraut 1A og 1B verð: 17,7 - 20,5 milljónir. Notalegar íbúðir og fallett umhverfi. Mikil og góð þjónusta. Mikil sameign. 5444

Sævangur 47 - tvær íbúðir**Opið hús**

Stórt og mikið samtals 339,5 fm einbýlishús með rúmgóðri aukaíbúð á jarðhæð. Á aðal hæðinni eru 4-5 svefnherbergi og 2-3 stofur. Arinn í stofu. Stórar svalir. Tvöfaldur bílskúr. Um er að ræða steypt einbýlishús á tveimur hæðum. V. 57,9 m. 5437

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**Dofraberg 9 - falleg útsýnisíbúð****Opið hús**

Falleg og vel skipulögð samtals 130,5 fm 5 herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli við Dofraberg í Hafnarfirði. Íbúðin er í fallegu fjölbýlishúsi á góðum stað rétt við leikskóla og skóla. Mikið og fallett útsýni. Sameign mjög snyrtileg. V. 26,0 m. 4950

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL 17:00 - 18:00**Álfholt 24 - með útleigu herbergi****Opið hús**

Rúmgóð fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð auk herbergis í kjallara og sérgæmslu. Íbúðin er samtals 114,9 fm og er björt og með góðu útsýni. Parket og flisar á gólfum. V. 18,9 m. 5438

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL 17:00 - 18:00**Álfholt 24 - með auka herbergi í kjallara****Opið hús**

Rúmgóð 3ja herbergja 129,6 fm íbúð á jarðhæð og auk þess með mjög rúmgóðu aukaherbergi í kjallara. Íbúðin er björt og með góðu útsýni. Parket og flisar á gólfum. 5436

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL 17:00 - 18:00**Yrsufell 32 - raðhús á einni hæð****Opið hús**

Vel skipulagt 134,2 fm raðhús á einni hæð ásamt 23,1 fm bílskúr sem stendur sér í lengju. Húsið skiptist í anddyri, sjónvarpshol, eldhús, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi, geymsla, samliggjandi stofa og borðstofa. Suður garður. V. 29,2 m. 5378

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**Hálsasel 48 - reisulegt einýli****Opið hús**

Fallett og reisulegt 317,4 fm einbýlishús (með aukaíbúð á jarðhæð) og innb., 26 fm bílskúr. Í kjallara er 2ja herbergja íbúð með sem hægt er að hafa sér og rúmgott herbergi og tvö vinnuherb. Húsið er mjög falleg sem og lóðin og allt umhverfi. Heitur pottur. Húsið er velstaðsett í sérstaklega fjölskylduvænu hverfi. Stutt er í alla þjónustu. Mögulegt skipti á minni eign. V. 55,0 m. 5358

OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00.**Eldri borgarar**

Bólstaðarhlíð 2ja Eldri borgarar
Falleg og vel staðsett 70 fm 2ja herbergja íbúð á 6.hæð í lyftuhúsi fyrir eldri borgara. Góð sameign á 1.hæð með mötuneyti og þjónustu. Íbúðin skiptist í forstofugang, stofu, svalir með glerlokun, svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu. Mikið útsýni V. 19,9 m. 5255



Klapparhlíð 1 - 50 ára og eldri
Mjög falleg ca. 70 fm 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í 4ra hæða fjölbýli fyrir 50 ára og eldri í Mosfellsbæ. Klapparhlíð 1 er glæsilega hönnuð 4ra hæða fjölbýlishús með lyftu. 20 íbúðir eru í húsinu. Sér inngangur er í hverja íbúð af svalagangi með glerskermun. V. 23,5 m. 5232



Aflgrandi - 11. hæð
Mjög falleg ca. 70 fm 2ja herb. íbúð á 11. hæð í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri við Aflgranda í Vesturbænum. Störglæsilegt útsýni er úr íbúðinni. Sér geymsla fylgir í kjallara. Sameiginleg geymsla er á hæðinni. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara en einnig er lógn f. þvottavél á baðherbergi. V. 19,750 m. 5422

Einbýli

Barðavogur - einbýli á einni hæð
Gott 190 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist í anddyri, hol, stofur með kabisu, gestasnyrtingu, eldhús með borðkrók, þvottaherbergi, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og geymslu. Góður bílskúr. Húsið þarfnast endurbóta. V. 39,0 m. 5357



Bakkastígur - Einbýli - Endurnýjað frá grunni.
Virðulegt einbýlishús í gamla vesturbænum. sem er 206,7 fm á þremur hæðum ásamt 8,4 fm útgæmslu, samtals 215,1 fm. Húsið er bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1903. Húsið hefur verið endurnýjað frá grunni. Eignin skiptist í tvær hæðir og kjallara. V. 54,0 m. 4648

Parhús

Klettberg 44 - tvöfaldur bílskúr
Fallegt ágætlega vel skipulagt parhús á góðum útsýnisstað í Hafnarfirði. Hellulagt stórt bílapian, góður tvöfaldur bílskúr. 3-5 svefnherbergi. Mjög gott útsýni. Laust strax. V. 42,9 m. 5415



Fjallalind - skipti
Glæsilegt 188,8 fm tvílyft parhús með innb. 27 fm bílskúr innanlega í botnlanga auk 20 fm milli lofta. Á neðri hæðinni er forstofa, innra hol, eldhús, þvh. 2 herbergi og stofa. Uppi er herbergi, snyrting og sjónvarpshol ofl. Skipti á minni eign koma til greina. V. 49,9 m. 3574

Raðhús

Disarás - tvöfaldur bílskúr -fimm svefnherb.
Fallett mjög vel skipulagt endaraðhús á tveimur hæðum á mjög góðum stað innst í lokuðum botnlanga. Húsið er 171,4 fm ásamt tvöf. bílskúr 42 fm. 5 svefnherbergi. Góður arinn í stofu. Fallett útsýni. Húsið nýmálað. Góð aðkoma. V. 49,8 m. 5435



Ásholt - raðhús m. 2.stæðum í bílskylí.
Skipti möguleg á dýrari eign.
Fallett vel skipulagt 133 fm raðhús á mjög góðum stað við Ásholt ásamt tveimur stæðum í bílskylí í lokuðum kjarna. Fallett hús á 2.hæðum. 3 svefnherbergi, tvö baðherb. Ný sólstofa (frá 2009). Hús að sjá í góðu standi. Skipti möguleg á dýrari eign, helst í Garðabæ (önnur hverfi koma einnig til greina) V. 33,9 m. 5336



Giljaland - endaraðhús
Fallett endaraðhús á fjórum pöllum. Húsið skiptist þannig. 1. hæð: forstofa, snyrting, hol, borðstofa og eldhús. 2. hæð: tvær stofur (önnur stofan er herbergi skv. teikningu). Jarðhæð: hol, fjögur svefnherbergi og baðherbergi. Neðsti pallur: herbergi, þvottahús og bakinngangur. Bílskúr fylgir húsinu. Húsið stendur fyrir neðan götu. Búð er að skipta um járn á þaki. V. 56,0 m. 5261

Hæðir

Bugðulækur - miðhæð í góðu húsi.
Falleg talsvert endurnýjuð 127,4 fm 2.hæð í góðu fjölbýlishúsi á góðum stað við Bugðulækinn. Nýl. baðherbergi, gler og fl. 3. svefnherb. og tvær stofur. Góðar svalir. Fallegur sameiginlegur garður. Sam.inngangur m. einni íbúð. V. 28,9 m. 5389



Fagrákinn - neðri hæð m. bílskúr.
Falleg vel skipulögð 112,6 fm neðri sérhæð í tvíbýli ásamt 30,5 fm bílskúr. Nýl. hurðir, ofnar og lagfir, eldhús og fl. 3 svefnherb. Góð stofa, sérverönd afgirt. Góður bílskúr Laus strax. Lyklar á skrifstofu. V. 25,0 m. 5412



Súlunes 14 - glæsileg neðri sérhæð m. bílskúr.
Einstaklega vel útbúin og sérhönnuð glæsileg séríbúð á jarðhæð í nýlegu tvíbýlishúsi. Íbúðin er 144,6 fm og bílskúrinn er 24,4 fm. Innangengt í bílskúrinn. Vandaðar sérhönnuð innréttingar, parket og flisar, granít, sérhönnuð lýsing og fl. og fl. 5407



Hringbraut - falleg hæð
Falleg 76,4 fm neðri hæð í þríbýlishúsi við Hringbraut. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Tvær stofur og eitt svefnherbergi. Sameiginlegur inngangur með íbúð á efri hæð. V. 17,5 m. 5381



Flóakagata - falleg hæð
Vel skipulögð efri hæð í fallegu og vel staðsettu húsi sem skiptist í forstofu, gang, tvö svefnherbergi, eldhús, bað og tvær stofur. Í kjallara er sér geymsla og sameignar þvottahús. Húsið hefur nýlega verið viðgert og málað að utan. V. 29,9 m. 5322



Bugðulækur - eign í sérflokkki
Mjög falleg 5 herbergja 119 m2 íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. öll gólfefni, eldhúsinréttingar og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla, neysluvatnslagnir ofl. V. 29,9 m. 5230



Rauðalækur - Góð hæð með bílskúr
Mjög góð 137,8 fm 4ra herbergja hæð ásamt 26,4 fm bílskúr, samtals 164,2 fm. Húsið var teiknað af Sigvalda Thordarsyni. V. 35,9 m. 4624



Tómasarhagi - nýleg hæð
Glæsileg neðri sérhæð ásamt bílskúr í nýlegu húsi í vesturbænum. Samtals um 157 fm. 3 svefnh., 2 stofur, 2 svalir. Vandaðar innréttingar. Um einstaklega góða eign er að ræða. V. 45,9 m. 5421

4ra - 6 herbergja

Kjarrhólmi - fallett útsýni
Falleg 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð. Fallett útsýni er úr íbúðinni yfir Fossvogin og stutt í skóla og leikskóla. Þvottahús innan íbúðar. Íbúðin er skr. 89,5 fm hjá FMR en til viðbótar er ca 10 fm geymsla og er því íbúðin um 100 fm. V. 19,9 m. 5417



Flétturími - jarðhæð
Góð ca 99 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð þar sem bæði geymsla og þvottaherbergi eru innan íbúðar. Íbúðin hefur verið endurnýjuð að hluta. V. 20,5 m. 5406



Engjaveilir - nýlegt fjörbýlishús
Falleg nýleg 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í vönduðu 4ra íbúða húsi á finum stað á Völlum. Sérinngangur. 3 svefnherb. Góðar innréttingar. Flisar og parket. Mjög góð suðurverönd. Laus strax. Lyklar á skrifstofu. V. 25,5 m. 5411



Asparfell
Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð með tveimur baðherbergjum og tvennum svölum. Íbúðin skiptist í forstofuhol, gesta salerni, eldhús, stóra stofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og tvær geymslur, þar af önnur á jarðhæð. V. 19,5 m. 5409



Veghús - stór og rúmgóð
Falleg og rúmgóð 136 fm íbúð á tveimur hæðum ásamt 20,1 fm bílskúr, samtals 156,1 fm - mikið útsýni. Íbúðin skiptist í 4 svefnherbergi, 2 stofur, 2 baðherbergi, þvottahús og eldhús. Skipti möguleg á minni íbúð í Grafarvogi. LÆKKAD VERÐ - V. 29,9 m. 4119



Hrísmóar- Mjög fallett útsýni.
Góð 5 herbergja íbúð með mikilli lofthæð og bílskúr. Íbúðin er 145,2 fm og bílskúrinn 28,6 fm, samtals 173,8 fm. Tvennar svalir eru á íbúðinni og fallett útsýni. Geymsla er í kjallara hússins og hjólageymsla. V. 35,0 m. 5361



Snæland - vel staðsett íbúð
Vel staðsett 4ra herb. 90 fm íbúð á 2.hæð (efsru) í litlu fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í hol, eldhús með borðkrók, sér þvottaherbergi, stofur með svölum og útsýni, þrjú herbergi og baðherbergi. V. 20,9 m. 5367



Vesturgata - mikið endurnýjuð íbúð!
Glæsileg mikið endurnýjuð og sérhönnuð 103,9 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur. Nýlegar innréttingar, skápar, gólfefni og fleira. Sérhönnuð lýsing. Vandaðar innréttingar og tæki. Sauna í sameign. V. 24,9 m. 5354



Kórsalir 3 - efsta hæð
Falleg 145,3 fm íbúð á efstu hæð ásamt staði í bílskilyi. Íbúðin er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er n.k. forstofa, gangur, þvottahús, baðherbergi, svefnherbergi, stofur og eldhús. Úr holinu er gengið upp á efri hæðina en þar er sjónvarpshol og tvö svefnherbergi. Góðar svalir. V. 29,5 m. 4941



Sléttahraun 4.hæð - gott verð
Góð fjögurra herbergja 94,1 fm íbúð á 4. hæð í góðu fjölbýli í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í 3 svefnherbergi, eldhús, stofu, bað og geymslu á jarðhæð. Sameignillegt þvottarhús er á hæðinni. Stutt er í helstu þjónustu. V. 18,5 m. 4323

3ja herbergja



Dalaland Fossvogi- Góður garður
Mjög góð 3ja til 4ra herbergja fossvogs íbúð með útgengi út á fallega verönd og garð. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð og er skráð 102,5 fm, en þar að auki er 7 fm sólstofa. 5442



Gullengi - laus strax
Góð 3ja herbergja ca 83 fm íbúð á þriðju hæð. Íbúðin er björt og með góðu útsýni. Sameignar bílskúr sem nýttur er til þrifa og smáviðgerða, V. 18,7 m. 5405



Kleppsvegur -
Falleg vel skipulögð 3ja herb. 84,5 fm íbúð á 2.hæð í mikið víðgerðu lyftuhúsi á finum útsýnisstað neðst við Kleppsvæg. Nýl. gluggar, gler, svalahurð og fl. V. 20,9 m. 5429



Fagrahlíð - gott verð
Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 83,1 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Íbúðin er vel innréttuð. Stór stofa. Góðar svalir. Falleg eign á eftirsóttum stað í Hafnarfirði. V. 18,5 m. 5401



Maríubakki - mjög falleg
Mjög góð og vel skipulögð 3ja herbergja 82,2 fm íbúð á 2. hæð hæð. Íbúðin skiptist í eitt svefnherbergi, stofur, eldhús, baðherbergi, þvottahús og búr/geymslu innan íbúðar. V. 15,9 m. 5391



Hrísateigur - mikið endurnýjuð íbúð.
Falleg mikið endurnýjuð 3ja herb. íbúð í kj. í mjög góðu endurnýjuðu þríbýli. Nýl. dren, gluggar og gler, útihurð, eldhús, baðherbergi og fl. Mjög góð staðsetning í grónu hverfi. 2 góð herbergi. Séríngangur. V. 19,8 m. 5388



Strandvegur - staði í bílgeymslu
Mjög falleg og rúmgóð 119,3 fm íbúð á kj. hæð í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofugang, herbergi, stofur með sjónvarpsholi, hjónaherbergi, eldhús, sérþvotta herbergi og baðherbergi. Íbúðinni tilheyrir staði í lokaðri bílgeymslu. V. 26,9 m. 5368

2ja herbergja



Trönuhraun - ósamykktar íbúðir
Endurnýjað atvinnuhúsnæði sem er nýlega innréttað sem 2ja herbergja íbúð(ósamykkt) en samþykkt sem vinnustofa. Nýl. innréttingar, gólfefni, baðherbergi, eldhúsinrétting og fl. Einstaklega gott verð 5,0 millj. V. 5,0 m. 5425



Reykjavíkurb. HF. laus strax.
Góð ágætlega skipulögð 2ja herbergja 74,6 fm íbúð á 2.hæð í fjölbýli á finum stað í firðinum. Rúmgóðar stofur sem mætti skipta upp. Eign sem þarfnast smá yfirhalingar. Gott verð. V. 13,9 m. 5410



Eskihlíð - auka útleiguherbergi
Góð 2ja herbergja íbúð með fallegu útsýni ásamt auka útleiguherbergi í risi með aðgengi að salerni. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, stofu, baðherbergi og svefnherbergi. Aukaherbergi er í risi og sér geymsla í kjallara ásamt sameiginlegu þvottahúsi. V. 17,9 m. 5393



Kóngsbakki - mikið áhvalandi
ATH. lítill útborgun áhv. 14,2 millj. Falleg og björt 2ja herbergja 69,7 fm íbúð á jarðhæð með sérlóð. Íbúðin skiptist í hol, stóra stofu, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús í íbúð. Í sameign er sérgeymsla. Húsið hefur nýlega verið málað og lítu það vel út. V. 15,9 m. 5390



Háaleitisbraut - rúmgóð 2ja
Rúmgóð 67,5 fm í íbúð í kjallara í fallegu fjölbýlishúsi við Háaleitisbrautina. Eldhúsið er með nýlegri eikar innréttingu og góðum tækjum. Íbúðin er laus strax. Sérgeymsla íbúðarinnar er á sömu hæð. V. 14,0 m. 5347



Álfheimar- góð lofthæð
Góð ca 60 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með mikilli lofthæð og útgengi út í afgirtan stóran garð með leiktækjum. Um er að ræða mjög skemmtilega íbúð sem er útbúin seinna en öðrar hæðir í húsinu. Stutt er í alla helstu þjónustu en húsið stendur við Glæsibæ. V. 15,5 m. 5305



Kleppsvegur - mikið endurnýjuð íbúð.
Falleg mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð á 8.hæð (efstu) í mikið endurnýjuðu lyftuhúsi. Húsið er klætt að hluta og nýlega viðgert að hluta. Nýl. vandað eldhús. Nýlegt parket og nýlegir skápar bæði í herbergi og á baðherb. Fallett útsýni. Svalir. V. 15,8 m. 4979

Nýbyggingar



Furuás 26 - Hafnarfirði.
282 fm fokhelt einbýlishús á 2.hæðum á mjög góðum útsýnisstað við Furuás í Hafnarfirði. Húsið er fokhelt en komnir gluggar og gler, útihurðir og svalahurðir (utan bílskúrs-hurð). Húsið er til afhendingar strax í því ásigkomulagi sem það er í. Lyklar á skrifstofu. V. 29,5 m. 5414



Mjósund - miklir möguleikar
Mjósund í hjarta Hafnarjarðar. Um er að ræða húseign á góðum stað miðsvæðis í Hafnarfirði sem í dag er nánast fokhelt og tilbúin til afhendingar í núverandi ástandi. V. 13,5 m. 5317

Sumarhús



Sumarbústaður í Grímsnesi
Glæsilegur sumarbústaður á fallegum stað í Grímsnesi. Bústaðurinn er um 100 fm á einni hæð og skiptist í stóra stofu, 3 rúmgóð herbergi, eldhús, bað og geymslu. Vandaðar innréttingar. Um 250 fm sólpallar. Heitur pottur. Landið: Gróið hraun með kjarri og ýmsum trjategundum. Fallett útsýni yfir Búrfellslæk og til Búrfells og Ingólfsfjalls. Hitaveita, rennandi vatn, roþró. Bústaðurinn stendur á 6500 fm lóð á lokuðu svæði. V. 27,0 m. 5366

Til leigu



Skrifstofuhæðir við Laugavegin
Til leigu tvær einstaklega vandaðar 209,2 fm skrifstofuhæðir til leigu í góðu lyftuhúsi neðst á Laugaveginum. Mikil lofthæð, vandað parket og nýlegar innréttingar. Tölvulagnir o.fl. 5373

Norðurbakki 23-25 - einstakt útsýni



Ný hugsun - ný verð - Einstök samsetning staðsetningar við sjóinn og klassískrar hönnunar. Skýrar útlínur og hagnýt hönnun sem höfðar til allra skilningarvita. Glæsilegar 3ja og 4ra herbergja fullbúnar íbúðir án gólfefna til afhendingar strax. Verð frá 31,1 - 42,1 m. 515

Ásakór 13-15 - gott verð



Fallegar og vel hannaðar 3ja - 5 herbergja útsýnisíbúðir í lyftuhúsi. Íbúðirnar sem eru til afhendingar strax eru fullbúnar án gólfefna. Staði í bílageymslu fylgir sumum íbúðum. Í húsinu eru 32 íbúðir í tveimur stígaðum. Verð: 3ja herbergja ca 103 fm eru frá 21,9 - 23,4 m. Verð: 4ra herbergja ca 140 fm eru frá 26,4 - 28,5 m. Verð: 5 herbergja ca 157 fm eru frá 28,4 - 30,9 m. 5262

Trönuhraun - gott húsnæði



Gott ca 250 fm iðnaðar/lager húsnæði við Trönuhraun í Hafnarfirði. 4,4 metra innkeyrsluhurð. Stórt milli loft. Húsnæðið er laust og eru lyklar á Eignamiðlun. V. 20,0 m. 4951

Lækjarmelur - nýtt og flott



Nokkur ný geymslu/iðnaðarbil í mjög góðu húsnæði og er hvert bil u.þ.b. 100 fm auk u.þ.b. 30 fm milli lofti. Bilin eru með góðri innkeyrsluhurð. mikilli lofthæð og þriggja fasa rafmagni. Snýrtung og skolvaskur í hverju rými. Mjög hagstætt verð! ATH! Engin virðisaukaskattskvöð V. 15,1- 16,2 m. 4600

Ögurhvarf - vanðað húsnæði



Einsaklega gott og vandað, samtals 511,8 fm iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði á áberandi stað með góðu aðgengi og stóru bílplani með gámaaðstöðu. Samkvæmt skráningu er húsið skráð: Iðnaður 363,3 fm og Skrifstofur 148,5 fm. ATH! Engin virðisaukaskattskvöð. V. 83,5 m. 5323

Skipholt 50D - einstaklega fallett



Í einkasölu fyrrum Höfuðstöðvar MP Banka. Húsnæðið er samtals 675,5 m² auk sameignar og er einkar vel innréttað. Allar nánari upplýsingar veita Magnús Geir Pálsson eða Sverrir Kristinsson hjá Eignamiðlun. MP Banki veitir ekki upplýsingar um eignina. V. 149,0 m. 5235

Eignir óskast

Einbýlishús í Þinghóltunum óskast - staðgreiðsla

Óskum eftir 300-400 fm einbýli í Þinghóltunum. Verð mætti vera á bilinu 80-140 milljónir. Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson í síma 861-8514 eða Magnús Geir Pálsson í síma 892-3686

Einbýlishús í Vesturborginni óskast - staðgreiðsla

Óskum eftir 250-350 fm einbýli í Vesturborginn. Verð mætti vera á bilinu 90-140 milljónir. Allar nánari upplýsingar veita Sverrir Kristinsson í síma 861-8514 eða Magnús Geir Pálsson í síma 892-3686

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - Ö

F A S T E I G N A S A L A N
MIKLABORG569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.isÓskar R.
Harðarson
hdl. og lögg.
fasteignasaliJason
Guðmundsson
hdl. og lögg.
fasteignasaliRagna S.
Óskarsdóttir
MBA Löggiltur
fasteignasali,Halldór Ingi
Andrésson,
lögg.
fasteignasaliJón Sigfús
Sigurjónsson
hdl. og lögg.
fasteignasaliHilmar
Jónasson
sölufulltrúiHeimir H.
Eðvarðsson
sölufulltrúiElín
Rafstöðvar 2-200 KvA, úrtök fyrir 10-125A, hljóðlátar og eyðslugrannar stöðvar fyrir flestar stærðir framkvæmda. Þú veist þörfina, við útvegum rétta tækið. Sala og leiga.

Kranabjónusta og flutningar
Bílkranar og vörubílar með krana, hentar í allar upplýtingar, að fjöllum undanskildum. Eigum herðatré og sértækan hífibúnað. Mannkørfur í nær öll verkefni, hvort sem er viðhaldsverkefni eða gluggaþvott. Ólí kranaaður er einn sá reyndasti í gjörvallri Skandinavíu.
8 ára reynsla af flutningum t.d. byggingakrana, bygginga og byggingareininga, brúa ofl. Leysum líka einfaldari verkefni með Einari, hafið samband í síma 824 0670 og biðjið um Einar.

Viðgerðir og varahlutabjónusta.
Þjónustum öll tæki og vélar, varahlutir í flestar tegundir byggingakrana, original varahlutabjónusta fyrir Liebherr og Potain.

Hafið samband við sölumenn og gerið verð samanburð.

DSL AUSNIR ehf.
ÞJÓNUSTA Í BYGGINGARÍÐNAÐI
...öllum framkvæmdum!

Önnumst flutninga og viðhald á vélum og tækjum

Símar: 561-8373 / 824-0676 - www.dslausnir.is

LIEBHERR
Við þjónustum:
Beltagrófur - Hjólastöflur - Jarðýtur - Bílkranar
Steypstöðvar - Hafnarkranar - Byggingakranar
Varahlutabjónusta

Auglýsingasími

512 54 01

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...

BP-Herling S.110770



Edik kemur sér stundum vel til að losna við óþef.

Burt með vonda lykt

Gömul og góð húsráð er oft gott að kunna þegar óhöpp eiga sér stað inni á heimilinu. Margir eiga í stökustu vandræðum með að ná límmiðum af gleri en gott ráð við því er að hella sítrónudropum í blauta tusku og nudda vel yfir þar til límið er horfið. Bletti í parketi getur einnig verið leiðinlegt að eiga við en stundum virkar vel að taka blauta tusku og hella ediki í hana og strjúka yfir blettinn. Edik getur einnig gert gagn ef losna á við vonda lykt úr ísskáp með því að hella ediki í tusku og strjúka innan úr ísskápnum.

- sm



Hægt er að gera góð kaup á húsgögnum á netinu.

Fjársjóðir leynast víða

Óvæntir húsgagnafjársjóðir finnast ekki bara í Góða hirðinum eða á öðrum flóamörkuðum. Þannig geta þeir sem eru duglegir að vakta netið dottið inn á góð kaup á íslenskum vefsíðum, séu þeir í leit að hönnunarvörum í þeim geira. Undanfarið hefur nokkuð borið á því að húsgögn sem fólk hefur fjárfest í síðustu árin séu nú í sölu, til að mynda vegna flutninga. Til að vakta slík húsgögn má benda á dálkinn „húsgögn“ á barnaland.is sem og smáauglýsinga-dálka blaðanna.

- jma



Mikilvægt að línur séu beinar og fallegar

Þegar ætlunin er að láta tvo liti mætast þegar herbergi er málað skiptir öllur að línurnar séu beinar og fallegar. Til þess er notast við límband sem eftir mælingu veggjanna er límt á eftir kúnstánnar reglum. Hins vegar er fátt jafn svekkjandi og að taka límbandið af og uppgötva þá að málningin hefur runnið inn fyrir það og

þannig eyðilagt dagsverkið.

Góð leið til að koma í veg fyrir slíkt er að renna fyrst þétt yfir límbandið á veggnum með nóglinni eða kreditkortu. Taka síðan þunnan pensil og strjúka yfir límbandsbrúnirnar með glærum, möttum gljáa. Svo þarf að leyfa þessu að þorna í um klukkutíma áður en hafist er handa við málninguna.



Með því að lakka aðeins yfir límbandið er komið í veg fyrir að málningin leki meðfram því.

YFIRBURÐIR BYLGJUNNAR MÍNÚTU FYRIR MÍNÚTU*



Auglýsingar á Bylgjunni eru lesnar samtímis á Létt Bylgjunni og Gull Bylgjunni.

* Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í fjólda mínútna á viku. Hlutdeild mínútuþjóla útvarps hlustenda í aldurshópnum 18-49 ára, í viku 47, 2009.

LÉTT BYLGJAN GULL BYLGJAN BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AD HLUSTA!

Kjarni málsins
Ekkert viðhald
ÍSLENSKI FRAMLEIÐSLA



Kjarnagluggar
kjarnagluggar.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaeles. S. 894 4560 www.flytja.is

Stíflupjónusta

Stíflulosun Röramyndun

Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.

S.892 7260 & 567 0530

Tölvur



tölvuhjálpi!

Eitt ódýrasta tölvu-verkstæði bæjarins

Sími 588 9590/860 9970
www.tolvuhjalp.is
Vesturvör 32 a Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, virusheinsun, gagna-björgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Vandaðar tölvuviðgerðir

Microsoft vottun. 15 ára reynsla. Þjónustum einstaklinga og fyrirtæki. www.midnet.is Miðnet ehf S. 564 0690

Nudd

Whole body massage. S. 849 5247

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 5015.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264

NUDD

Whole body massage. S. 841 8529.

www.orlagalinan.is



Örlaga línán

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma

595 2001 & 908 1800

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIDILL

-SPÁ Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGIÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is



Hanna S. 555 2927
visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænr
Draumar
Tarot
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening-ar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Dulspekisíminn 908-6414

Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Ódýr blekhyllki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send sam-dægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhyllki.is S. 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

ÖRYGGISSKÁPAR



Öryggiskápar fyrir heimili og fyrirtæki

OPTIMA
Vinlandsleið 6-8 - S: 588 9000
www.optima.is

ditto.is



Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is



Eigum nýjar hvítar 80x200 innihurð-ir með karmi og gerekum á aðeins 24.900 með vsk. Húsgagnsprautun - Gjóthrauni 6 - Hfj. S. 555 3759.

Rúm fyrir nudd til sölu. Verð 50þ. Uppl. í s. 659 1237.

Óskast keypt

Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull Staðgreiðum í gull í verslun okkar.

Upplýsingar í s. 577 7740

Staðgreiðum gull og úr.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumalltgull.is

Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gull-smíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripí. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáðið góð ráð.

Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

Hljóðfæri



Tilboð

Dúndurtilboð!

Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. KassagítarTilboð kr. 49.900.- m/pikup, innbyggður tuner, 10W magnari, poki, snúra,ól, auka strengja-sett og e Media kennsluforrit í tölvu. Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 44.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örorkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga



Harðviður til húsabygg- inga.

Sjá nánar á www.vidur.is

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, park-et, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúf-ur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife

Hringdu núna, Margrét S. 699 1060.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskysrsla.is. Rannveig iðjupjálfi/einkapj. s. 862 5920.

LR kúrin er hagstæðari. Natúruleg og árangursrík aðferð. LRlinur.com s. 773 2100.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!

Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Létu þig á skemmtilegan hátt. Hittu mig einu sinni í viku og fáðu aðhald og fræðslu um bættan lífsstíl. helga-hauks@gmail.com

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ölöf 861 5356, osa@isemnt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE

An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Nudd, svæðanudd, heilsuráðgjöf. Ristilheinsun (detox).Heilsulindheidas Garðabæ s. 8981501

J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1

Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæð-anudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsu-ráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðn-um. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

NÝTT SPA - DREAM OASIS

NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn, Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

Ýmislegt

Ódýrustu gleraugu á Íslandi! Nærsýni, fjar-sýni, sjónskekkja, margskípt og sól-gleraugu með styrk. Sérsmíðuð eftir þínum þörfum. www.Kreppugler.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtöku-próf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Þjónusta

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn

Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562

Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.

Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.

OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

◆ **STEYPUSÖGUN** ◆ **KJARNABORUN**

◆ **MÚRBROT** ◆ **PÍPULAGNIR**



LÍNUBORUN EHF

☎ **820 0070** **577 5177**

Atvinna

Auglýsing fyrir ráðningu framkvæmdastjóra:

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) auglýsir stöðu framkvæmdastjóra SHÍ fyrir starfsárið 2010-2011 lausa til umsóknar. Framkvæmdastjóri skal hafa yfirumsjón með bókhaldi og fjármálum ráðsins ásamt daglegum rekstri skrifstofu SHÍ auk annarra tilfallandi starfa í samráði við formann.

Æskilegt er að framkvæmdastjóri SHÍ uppfylli eftifarandi hæfnisskilyrði:

- Góð innsýn og áhugi á SHÍ og málefnum stúdenta.
- Þekking og reynsla á fjármálum og bókhaldi.
- Þekking á stjórnsýslu Háskóla Íslands.
- Þekking og reynsla af skipulagningu stórviðburða.
- Hæfileiki til að vinna með Stúdentaráðsliðum, starfsmönnum skrifstofu SHÍ og öðrum hagsmunaaðilum ráðsins.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.

Framkvæmdastjóri SHÍ er ráðinn í 50% stöðu til eins árs í senn. Laun hans fara eftir kjarasamningum VR og SA um skrifstofufólk eftir 3. ár í starfsgrein, þ.e. um 150.000 kr. á mánuði fyrir 50% stöðu.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar um starfið má fá hjá formanni SHÍ í síma 570-0850.

Umsókn skal skila skriflega ásamt ítarlegri ferilskrá merkt „Framkvæmdastjóri 2010-2011“ til: Stúdentaráðs Háskóla Íslands Háskólatorgi 101 Reykjavík

eða í tölvupósti á netfang ráðsins: shi@hi.is

Umsóknafrestur er til og með 5. mars 2010.

Ert þú lögfræðingur?

Öflugt ráðgjafa- og endurskoðunarfyrirtæki leitar eftir samstarfi við lögfræðinga. Höfum vinnuaðstöðu fyrir 1-3 lögfræðinga sem við getum boðið:

- Framúrskarandi húsnæði í nágrenni Borgartúns
- Mjög góða vinnuaðstöðu og starfsanda
- Símsvörun og fundaraðstöðu
- Góða aðkomu fyrir viðskiptavin

Við leitum að aðilum sem eru með eigin viðskipta-mannahóp en geta þó vel bætt við sig auknum verkefnum samhliða því að starfa sjálfstætt. Áhugasamir sendið upplýsingar á box@frett.is

Kenni á Ford Focus tdci disel ,07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný L. Einarsdóttir.

Námskeið



ICELANDIC - ANGIELSKI dla POLAKÓW NORSKA - ENSKA fyrir BÖRN

ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18-19:30, start 1/3, 29/3, 26/4. Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15, st 1/3, 29/3, 26/4. Level III: 4w.13-14:30 st:1/3, 29/3. Level IV 4w. Mnd-Fri 8-9:30/16-17:30; st.29/3. Level V: 4w. Mnd-Fri 8:00-9:30, st 26/4. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr; 10-11:30/17:30-19:00 st. 1/3. Level II: 7 w; 10-11:30 or 19:15-20:45 Md,We, Fri, st. 1/3. NORSKA; 4 vikur, mán til fös kl 19:45-21:15, stíg I, 29/3 stíg II:1/3. ENSKA f. BÖRN 8-12 ára, 12 vikur; mið kl 16:30-17:30: 5/3. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

HEIMILIÐ

Dýrahald



Pomeranian rakki til sölu, með ættbók, örmerkingu og heilsufarssk. Tilbúin til afhendingar. Uppl. S: 8228444



Heimasíða HundaHönnu! Fróðleikur og fjör fyrir hunda og eigendur! Hundahandbók Voffaborgar, Hundapössun, Hundagreinar og margt fleira

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir ferðamenn



SPOT Neyðarsendir

Ferilvöktun, OK skilaboð, Hjálpar og Neyðarskilaboð GPS móttakari og Globalstar sendir. AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16, Kópavogi s: 585-0000, www.aukaraf.is

Ferðapjónusta

Sjóstöng - skotveiði - grill

Tilvalið fyrir fjölskyldur, fyrirtæki og einstaklinga. Siglt er frá RVK- höfn. Túrin er ca. 3 tímar. Uppl. s. 894 1535 og svanursv@hotmail.com

Byssur

Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 25. febrúar kl. 20:15. Fundurinn verður haldinn í Lions húsinu, Sóltúni 20. Dagskrá, venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University. For more info call 692 0649



Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issimi 517-0150.



STAY APARTMENTS - VIKULEIGA

Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

www.leiguherbergi.is 1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgagnur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leiguliðar ehf Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Til leigu stúdíó/herb. í hlíðunum, eldhúshorn með öllum búnaði. Húsgögnum og sjónvarpi, þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Aðeins reglusamir leigjendur koma til greina, laus strax. Uppl. í s. 856 7722.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt Hl. Sími 773 3182.

Room for Rent in 101 RVK from March 1. email andrielvar@gmail.com for more info

Til leigu

3. herb 100 fm íbúð í á Völlumum í Hafnarfirði m.stæði í bílageymslu. Uppþvottavél, isskápur ofl. fylgir. Verð 120.000- hússjóður innifalinn. Laus frá 1. apríl. Uppl. í síma 496-0706 og eða 822-0102 sjá myndir á http://fasteignir.visir.is/fasteignir/eign/123795/myndir/

Húsnæði óskast

Fimm manna fjölskylda óskar eftir húsnæði til kaups eða leigu á svæði 200 eða 201 í Kópavogi. gsm. 8580156

Sumarbústaðir

Aukin eftirspurn - Vantar á skrá Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520

Atvinnuhúsnæði

Hálsar, um 1.900 fm iðnaðarhúsnæði. Hægt að skipta niður í minni einingar, frá um 170 fm. Erum með önnur laus iðnaðarhúsnæði t.d. 3.500 fm, og 6.500 fm. Uppl. um þessi og önnur atvinnuhúsnæði af öllum tegundum til sölu eða leigu Atvinnueignir s.534-1020.

Snyrtilegt iðnaðarhúsnæði, 320 fm, til leigu eða sölu á Smiðjuvegi. Skipti á íbúð koma til greina. Uppl. í síma 896 0551.

Til leigu Tunguháls 204 og 327 fm iðnaðarhúsnæði, lofthæð 4,70 . Við sund. 25 og 45 fm. vinnustofur á 2. Hæð. Garðabær 87 fm. iðnaðarhúsnæði leiguval.is sími 553 9820 og 894 1022.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktad & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S: 564-6500

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Gisting



GISTING Í KAUPMANNAHÖFN Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Kökuhúsið Auðbrekku Óskum eftir að ráða starfskraft í afgreiðslu og aðstoð í bakari okkar. Vinnutími ca. 10-18 Upplýsingar í s. 554 2708 og 693 9091.

Texture hárstofa óskar eftir hársnyrtifólki til starfa. s.8452227

Atvinna óskast

Ungan mann langar að komast í grásleppu mjög duglegur og vinnusamur Sími: 661-1735

Lögfræðingur frá HÍ 2010. Sjálfstæður í vinnubrögðum, með góða samskiptahæfileika. S. 893 5503

TILKYNNINGAR

Einkamáll

Strákar spjallið við dömununa S. 908 1010 alla daga

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is





ÁBERANDI Íslensk hönnun mun blasa við þeim sem leggja leið sína um torgið.



HALLA Hönnum góða útflutningsvöru.

Íslendingar leggja undir sig hönnunarmiðstöð Dana

„Þetta er mjög flottur staður, nafntogaður fyrir glæsilegar sýningar og því mikil viðurkenning fyrir íslenska hönnuði og arkitekta að vera boðið að sýna þarna,“ segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, um fyrirhugaða sýningu á íslenskri samtímahönnun í hinni virtu hönnunarmiðstöð Danmarks Design Center í Kaupmannahöfn, sem verður opnuð föstudaginn 26. febrúar næstkomandi.

Húsgögn, vöruhönnun og arkitektúr af farandssýningunni Íslensk samtímahönnun sem sett var upp á Listahátíð í Reykjavík í Listasafni Reykjavíkur á Kjar-

valsstöðum á síðasta ári verða í sviðljósinu í hönnunarmiðstöðinni næstu tvo mánuði. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk hönnunarsýning er sett upp í miðstöðinni og segir Halla þetta einstakt tækifæri fyrir íslenska hönnuði og arkitekta að mynda samstarfsvettvang við norræna kollega sína.

„Skandinavísk hönnun nýtur mikillar virðingar um allan heim. Okkar markmið er að tengja þá íslensku betur við hana og koma á betra samstarfi við skandinavíska hönnunariðnaðinn, til að auka möguleika íslenskrar hönnunar sem útflutningsvöru. Við höfum fengið góða aðila til liðs við

okkur, eins og utanríkisráðuneytið og íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn, en svo virðist sem að í kreppunni hafi menn loksins komið auga á þau dýrmætu verðmæti sem eru fólgin í íslenskri hönnun, arkitektúr og listum almennt.“

Þess má geta að nafn Íslands og íslensk hönnun munu blasa við vegfarendum sem leggja leið sína um Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn næstu tvo mánuði þar sem ákveðið hefur verið að setja fjórtán metra háan borða utan á húskynni Danmarks Design Center, sem stendur rétt við torgið.

roald@frettabladid.is



Stjórnarkjör

Skv 34. grein félagsins skal tveim mánuðum fyrir aðalfund ár hvert auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður samkvæmt 23. og 24. gr.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnendi, auk þess fjórir menn til vara. Einnig skal kjósa þrjá menn í trúnaðarráð og þrjá til vara, tvo endurskoðendur og einn til vara og tvo menn í kjörstjórn

Til að bera fram lista eða tillögu til stjórnarkjörs, trúnaðarráðs eða annarra trúnaðarstarfa, þarf skriflega staðfestingu þeirra sem á listanum eru. Komi aðeins fram einn listi eða tillaga um menn í trúnaðarstöður, þarf kosning ekki að fara fram.

Umsóknarfrestur er til 12.mars 2010

Umsóknum skal skila til skrifstofu félagsins Stórhöfða 31 merkt: **Stjórnarkjör FÍS**

Stjórn Félags Íslenskra Síamanna

KOSNINGIN HEFST Í DAG



2010
EDDAN

Kosning til Edduverðlaunanna hefst í dag þegar tæplega þúsund meðlimir Akademiunnar fá senda kjörseðla í tölvupósti. Fólk er hvatt til að greiða atkvæði sem fyrst en kjörseðilinn verður að nota fyrir kl 17 á föstudag.

Verðlaunin verða afhent í Háskólabíói á laugardagskvöldið og sýnd í opinni dagskrá á Stöð 2



ÍSLENSKA KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSAKADEMÍAN

FAGHÓPUR Í FRAMLEIÐSLU
KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSEFNIS

Miðasala á Edduna hefst í dag á midi.is. Miðinn kostar 1000 krónur og gildir á afhendingu Edduverðlaunanna og samkvæmi sem fram fer á eftir.

Hvað er í matinn?

Saga sjálfþökunnar

BAKÞANKAR
Bergsteins
Sigurðssonar

Á dögunum var greint frá því að Jón Sigurðsson, fyrrverandi seðlabankastjóri og núverandi háskólakennari, hafi verið fenginn til að rita sögu Seðlabanka Íslands og fékk fyrir það um fimm milljónir króna. Jón segist halda að leitað hafi verið til hans vegna þess að hann hafi áður skrifað bækur og nýlega haft aðgang að trúnaðarmálum bankans sem starfsmaður. Á það hefur verið bent að síðarnefnda atriðið hefði eitt og sér átt að útiloka hann sem söguritara Seðlabankans; betur færi á að einhver utanaðkomandi væri ráðinn til starfars, helst sagnfræðingur sem byggir yfir meiri reynslu á sviði sagnaritunar en Jón. Á þeim er ekki hörgull.

JÓN svaraði þessum athugasemdum á heimasíðu sinni á Pressunni. Þar kemur fram að ritið sé hugsað sem yfirlitsrit fyrir almenning. Kaflar fjalli um sérstök svið starfseminnar og nokkur mikilvægustu fyrirbæri seðlabankafræða séu kynnt lauslega. Jón klykkir út með því að hann leggi „auðvitað ekki mat á ákvarðanir bankastjórnar og ekki er ég dómari um eigið verk“.

PETTA er sérkennileg söguspeki hjá sagnfræðimenntuðum manni, jafnvel þótt prófið sé að verða 40 ára gamalt; leitun er að sagnfræðingi sem telur það ekki

í sínum verkahring að leggja heildstætt mat á viðfangsefni sitt. Það mat birtist til dæmis í efnistöfum og áherslum – um hvað er fjallað og ekki síst um hvað er ekki fjallað. Jón hefur sagt að hann hafi verið ráðinn vegna aðgangs síns að trúnaðarmálum bankans. Þá vaknar sú spurning hvort það sé eitthvað af þeim gögnum sem fyrrverandi seðlabankastjóri hefur sérstakan hag af því að birtist ekki í sögu Seðlabankans. Hver á að meta það annar en hann sjálfur?

JÓN hefur líka gert grein fyrir launum sínum. Kveðst hann hafa fengið því sem nemur nærri launum framhaldsskólakennara í þá 16 mánuði sem það tók hann að vinna verkið, „en ég lagði ekki mat á það, enda verkefnisvinna í hlutastarfi og skil á mína ábyrgð“. Er eitthvað í sambandi við þessa bók sem Jón lagði mat á? Ef hann hefði lagt mat á launin hefði mögulega runnið upp fyrir honum að þar sem þau námu fullu kaupum framhaldsskólakennara, væri kannski æskilegt að hann sinnti verkinu í fullu starfi.

OFAN á þetta bætist við að áhöld eru um hvort það standist lög að opinber stofnun ráðist í svona verk án útboðs. Með öðrum orðum lyktar þetta mál bæði af sérhygli og flautri. En það er kannski bara viðeigandi þegar Seðlabanki Íslands á í hlut. Svona í ljósi sögunnar.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á **vísir.is**



...ég sá það á vísir.is



Til hamingju Snæfell með bikarinn!



HERBALIFE.

Áfram Snæfell!



NÝTT Í BÍÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus



★★★★
TV-KOMMUNIS

LOFTKASTALINN
SEM HRUNDI



★★★★
TV-KOMMUNIS

THE WOLFMAN



★★★★★
TV-KOMMUNIS

THE LIGHTNING THIEF



★★★★★
TV-KOMMUNIS

EDGE OF DARKNESS



★★★★★
TV-KOMMUNIS

IT'S COMPLICATED

SÝNINGARTÍMAR	
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 7 og 10 14
THE WOLFMAN	kl. 8 og 10.10 16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.40 10
EDGE OF DARKNESS	kl. 10.20 16
IT'S COMPLICATED	kl. 5.40 og 8 12

2 tilnefningar til ÓSKARS VERÐLAUNA

BESTI LEIKARI | ADALHLUTVERKI
Morgan Freeman

BESTI LEIKARI | AUKAHLUTVERKI
Matt Damon



INVICTUS

3

Tilnefningin til **2 Golden Globe verðlauna**
Besti leikari - Tobey Maguire
Besta þæg - "Winter" - U2

Frá framleiðandanum **Sigurðni Sighvatsdóttir**
kemur ein af stórmyndum ársins

BROTHERS

★★★★★

"The best movie I've seen in 2009. Tobey Maguire gives the performance of his career. Natalie Portman deserves an Oscar nomination."
Richard Roeper, *ndtvareaper.com*

★★★★★

"Brothers is arguably the most successful remake of a foreign film since Martin Scorsese rescored *Infernal Desire* into *The Departed*."
8800+views - James B.




FRÁ SEMA LEIKSTJÓRA OG FÆRDI OKKUR

PRETTY WOMAN



VALENTINE'S DAY

FRÁBER GAMANSÖMU OG RÓMANTÍSK MYND
SUMIR ERU HEPPINIR Í ÁSTUM ADRINN EKKI



Toy STORY 2

Disney PIXAR

3D

sýnd með íslensku tali



THE WOLFMAN

SÁMUNGA ALFABAKKA		SÁMUNGA KRINGLUNNI	
BROTHERS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	BROTHERS	kl. 8:10D - 10:30D
VALENTINE 'S DAY	kl. 5:30D - 8D - 10:40D	INVICTUS	kl. 5:30 - 8 - 10:40
VALENTINE 'S DAY	kl. 8 - 10:40	VALENTINE 'S DAY	kl. 5:40D - 8:10D - 10:40D
THE WOLFMAN	kl. 8 - 10:20	MAYBE I SHOULD HAVE	Synd á morgun kl. 8 Uppselt
TOY STORY 2 <i>M/ Isl. Tali</i>	kl. 5:50 (3D)	BJARNFREDARSON	kl. 5:50 með enskum texta
THE BOOK OF ELI	kl. 10:20	SÁMUNGA AKUREYRI	
AN EDUCATION	kl. 5:50	VALENTINE 'S DAY	kl. 8
UP IN THE AIR	kl. 8 (VIP) kl. 5:50	BROTHERS	kl. 10:20
SHERLOCK HOLMES	kl. 8 - 10:40	THE BOOK OF ELI	kl. 8
BJARNFREDARSON	kl. 5:50	SHERLOCK HOLMES	kl. 10:20

NÝTT Í BÍÓ!

BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STIEG LARSSON

H.K. Bitið á Bylgjunni

D.P. - Fbi

T.V. - kvikmyndir.is

LOFTKASTALINN SEM HRUNDI

MICHAEL NYQVIST NOOMI RAPACÉ

LUXUS 14

5 STJARNUR

H.S.N. - Mbl

T.V. - Kvikmyndir.is

10

3 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

9 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR

M.A. BESTA MYND OG BESTI LEIKSTJÓRI

BESTA MYND
BESTI LEIKSTJÓRI

10

77 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR

10

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

H.S. Morgunblaðið

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR


T.V. - Kvikmyndir.is

16

5 STJARNUR

T.V. - Kvikmyndir.is

16



ÖFGAFULL HÁTIGN

Una Hlín Kristjánsdóttir fatahönnuður hefur hannað sína fyrstu línu undir heitinu Royal Extreme. Una, sem er á myndinni lengst til vinstri, segist hafa mikla trú á þessu verkefni sínu þrátt fyrir erfiðt efnahagsástand.

Una hannar eigin fatalínu

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir hefur hannað sína fyrstu fatalínu undir heitinu Royal Extreme. Hún segir að fólk verði að láta drauma sína rætast þrátt fyrir kreppu og peningaleysi.

farin tvö ár hefur hún starfað sem framleiðslustjóri hjá hönnunarfyritækinu Andersen & Lauth en hefur sagt upp starfi sínu þar til að elta drauma sína.

„Ég hef lært ótrúlega mikið af því starfa hjá Andersen & Lauth og sú reynsla sem ég tek með mér þáan er alveg ómetanleg, enda getur þetta framleiðslukerfi verið afskaplega flókið. Ástæðan fyrir því að ég ákvað að gera mína eigin línu núna var sú að ég hafði þörf fyrir að skapa meira. Í fyrstu ætlaði ég aðeins að byrja á lítilli fylgjuhlutalínu en ákvað svo að fara með þetta alla leið og gera eina heilsteypu fatalínu og setja hana í framleiðslu. Ég ákvað að elta drauminn um að

Una Hlín Kristjánsdóttir, fatahönnuður, hefur hannað sína fyrstu fatalínu sem ber heitið Royal Extreme og eru einkunarorð Unu Hlínar „More is more, less is a bore“, sem þýða mætti sem „Meira er meira, minna er leiðigjarnt“.

Una Hlín útskrifaðist frá handmenntarbraut Fjölbautaskólans í Breiðholti á sínum tíma og þaðan lá leiðin í almenna hönnun í Iðnskólanum og loks í Listaháskólann þar sem hún nam fatahönnun. Undan-


urnar allar handunnar enda mikið um skemmtileg smáatriði í hönnun Unu Hlínar.

Aðspurð segist hún hafa fundið fyrir miklum áhuga manna á Royal Extreme og sé það mikil hvatning. „Þótt það séu erfiðir tímar núna og lítið um peninga þá verður maður bara að leyfa sér að gera svona hluti. Ég hef mikla trú á þessu verkefni og ég veit að þetta á eftir að ganga vel, en auðvitað hef ég stundum fengið í magann af áhyggjum. Þessa dagana er ég svo að vinna í því að fá fjárfesta með mér í verkefnið svo ég þurfi ekki að gera þetta algjörlega ein.“ Una Hlín er einn þeirra hönnuða sem taka munu þátt í tískuhátíðinni Reykjavík Fashion Festival nú í mars.

Peir sem hafa áhuga á að kynna sér hönnun Unu Hlínar er bent á vefsíðuna www.beroyalextrême.com.
sara@frettabladid.is

sara@frettabladid.is

Bilađ?



Við gerum við:

- ✓ Kæli- og frystiskápa
- ✓ Þvottavélar og þurrkara
- ✓ Ofnar og helluborð
- ✓ Bosch, Dremel og Skil rafmagnsverkfæri
- ✓ Rafmagns nuddpotta

Egill þjónustuverkstæði
Miðhrauni 2, 210 Gardabæ.
Sími: 554 4445, fax: 554 4476.
Veffang: www.egill.is Netfang: egill@egill.is

Ástin verður aldrei preytt

Listdans ★★★★★

Endalaus
Íslenski dansflokkurinn

Dans og textahöfundur: Alan Lucien Öyen. **Tónlist:** Ólafur Arnalds. **Ljós:** Aðalsteinn Sigurðsson. **Búningar:** Elín Edda Árnadóttir. **Dansarar:** Aðalheiður Halldórsdóttir, Cameron Corbett, Guðmundur Elías Knudsen, Hannes Þór Egilsson, Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, Katrín Á. Johnson, Katrín Ingvadóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Steve Lorenz.

Er ástin spurning um orð eða framkvæmd? Eitthvað á þessa leið hafa þau spurt sig, ungu listamennirnir úr Íslenska dansflokknnum sem settu saman sýninguna Endalaus sem nú er verið að sýna í Borgarleikhúsinu. Ástin getur verið frasi, leiður frasi, sjálfsagður hlutur, hversdagslegt hjal eða ofasfengin upplifun. Að dansa og á sama tíma sýna grafík á veggjum sem verður til um leið og orð og hreyfingar auk undirliggjandi og stundum ögrandi tónlistar blossar upp, er það sem við fáum að sjá. Liðugir líkamar sem segja sögur og sveigjast eftir höggum andstæðinga á fiman og flinkan máta.

Höfundar sýningarinnar eru þeir Alan Lucien Öyen og Ólafur Arnalds. Alan Lucien Öyen hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir verk sín. Hann er danshöfundur frá Noregi sem leggur áherslu á ríkar tilfinningar og ljóðrænu í verkum sínum. Handritið er alfarið hans, en dansarar tala hér jöfnum höndum og gerir það verkið aðgengilegra kannski þeim sem óvanir eru hreinræktuðum dansi. Að vísu er hér talað á ensku, en hún er svo skýr þessi enska að allir ættu að skilja. Ólafur Arnalds semur tónlistina og hefur hann getið sér gott orð fyrir verk sín bæði í samvinnu við Sigur Rós og eins einn og sér. Hann blandar saman klassík og poppi og hér er hann svolítið ein-tóna en um leið ögrandi og tónarnir eiga mjög vel við undirliggjandi erfiðleika fólks sem komið er í kastþröng tilfinninga og orðasamskipta. Sófaborðið er á milli okkar



FRÁBÆR SÝNING Unun er að horfa á sýningu Íslenska dansflokksins, Endalaus.

eða kemur upp á milli okkar, eitthvað á þá leið mælir ein kona, og samtímis birtist sófaborð reyndar með öðrum húsgögnum teiknað snilldarlega á vegg og urgandi tónlist fylgir með. Þetta er sýning sem unun er að því að horfa á sama hvort heldur er ísmeygilegur dans eða smart grafík.

Dansararnir voru hver öðrum betri og skemmtilegt að sjá hversu margbreytilegur hópurinn er, það eru greinilega ekki stærðarstað-

ar í þessum dansflokki, allt í lagi að vera lítill og fínt að vera stór. Einstök atriði báru af eins og samskipti hjóna sem greinilega eru búin með kvótann í sínu samlífi og barátta upp á líf og dauða er sýnt á ofurfíman hátt af líkðum sem virtust breytast í gúmmí og almennt notkunin á rýminu sem stækkaði upp í allsherjar flæði og niður í smæstu kompur með töfrum ljósanna. Góð sýning fyrir alla.

Elisabet Brekkan

Í fótspor Friðriks Þórs

Eysteinn Guðni Guðnason frumsýnir heimildarmynd sína, Hringurinn II, 2. mars, nákvæmlega 25 árum eftir að Friðrik Þór Friðriksson frumsýndi mynd sína Hringurinn. Sú mynd var tekin upp í bíl sem ók hringinn í kringum landið án þess að leikarar kæmu við sögu og gerði Eysteinn slíkt hið sama síðasta haust.

Myndin verður sýnd á hvor sínum húsveggnum fyrir utan heimili Eysteins á Laugaveginum þar sem óprúttir aðilar skvettu nýverið rauðri málningu. „Ég er búinn að hafa augastað á þessum veggjum sem eru hvor á móti öðrum því þetta er mynd með tveimur römmum, einum að framan og einum aftan á,“ segir Eysteinn, en myndin var tekin upp þannig að einni myndavél var beint fram veginn og annarri aftur á bak meðan á ferðalaginu stóð. Einn rammi var tekinn upp á tíu metra fresti. „Þetta er óhefðbundin mynd og þar sem bíóin bjóða ekki upp á tvö tjöld í sama salnum ákvað ég að finna aðra leið til að sýna hana. Þetta er kjörin staðsetning á Laugaveginum og mér varð hugsað til hennar. Ég var að hugsa að það þyrfti að fara að mála



EYSTEINN GUÐNASON Kvikmyndagerðarmaðurinn ungi sýnir heimildarmynd sína, Hringurinn II, 2. mars næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þessa veggi og svo skvetta þeir þessari málningu þarna, þannig að það var alls ekkert svo slæmt. Það gaf mér tilefni til að mála veggina aftur,“ segir hann.

Eysteinn segist ekki vita hverjir voru þarna að verki en tekur fram að hann sé alls enginn útrásarvikingur. Hann var fljótur að mála yfir skvettuna, enda segir hann það afar mikilvægt. „Það er tvennt sem maður græðir á því. Maður tekur burtu tilganginn hjá kroturunum og kemur í veg fyrir áframhaldandi krot, því ef það kemur eitt þá laðar það að sér fleiri.“ - fb



Lífvarðanámskeið á Íslandi í mars



Öryggisvarðaskólinn

Sími: 698 1666
ovskoli.is



Terr security býður upp á starfsmöguleika á heimsvísu



- vinsælasta viðbitið

> Heather fyrst til að ná þrennu í bikarúrslitaleik

Haukakonan Heather Ezell varð fyrsta konan til þess að vera með tvöfalda þrennu í bikarúrslitaleik kvenna þegar hún skoraði 22 stig, tók 15 fráköst og gaf 11 stoðsendingar í 83-77 sigri Hauka á Keflavík um helgina. Helena Sverrisdóttir (2005) og Limor Mizrachi (1999) höfðu komist næst því að ná þrennunni í Höllinni en báðar vantaði þær aðeins eitt frákast, Helena var með 27 stig og 11 stoðsendingar en Limor skoraði 31 stig og gaf 10 stoðsendingar.



HAUKAKONAN GUÐRÚN ÓSK ÁMUNDADÓTTIR: BIKARMEISTARI Í FJÓRÐA SKIPTIÐ Á FIMM ÁRUM

Sýndum það í fráköstunum að við ætluðum að vinna

Haukakonan Guðrún Ósk Ámundadóttir var eini bikarmeistarinn í Höllinni um helgina sem náði því að vera bikarmeistari annað árið í röð. Guðrún var einnig með KR-liðinu sem vann líka Keflavík í bikarúrslitaleiknum í fyrra. „Ég hef aldrei tapað í Höllinni og þetta er alveg dásamlegt,“ sagði Guðrún eftir leikinn en hún varð einnig bikarmeistari með Haukum 2005 og 2007 og hefur því fengið fjögur bikargull á síðustu fimm árum. „Vörnin skilaði okkur algjörlega þessum sigri. Við vorum að kasta okkur á alla bolta og við stóðum allar saman. Við hjálpuðum hver annarri ef einhver missti leikmann framhjá sér og þá var alltaf kominn önnur í staðinn. Við vorum bara frábærar í þessum leik og við trúðum þessu allan tímann,“ segir Guðrún sem skoraði 7 stig í leiknum.



Guðrún hrósaði mikið hinni 21 árs gömlu Maríu Lind Sigurðardóttur sem var óvænt maður leiksins. „María var stórkostleg í þesum leik. Hún var sjóðandi heit, skaut með þvilliku sjálfstrausti og það fór allt ofan í hjá henni,“ segir Guðrún en það voru yfirburðirnir í fráköstunum sem áttu einnig mikinn þátt í sigrinum. „Við sýndum það í fráköstunum að við ætluðum að vinna þennan leik,“ segir Guðrún sem komst í hóp með Hönnu Kjartansdóttur yfir þær sem hafa orðið bikarmeistarar með tveimur félögum tvö ár í röð. Hanna vann bikarinn með Haukum 1992 og Keflavík 1993. „Þessi fer í safnið með hinum þremur og það er alltaf ótrúlega skemmtilegt að vinna bikarinn í Höllinni,“ sagði Guðrún að lokum.



SVEKKTAR Keflavíkurkonur fengu silfrið annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Keflavíkurkonur eftir leik: Hræddar við að tapa leiknum

KÖRFUBOLTI Keflavíkurstelpurnar Birna Valgarðsdóttir og Pálína Gunnlaugsdóttir töluðu báðar um að leikmenn liðsins hefðu verið hræddar við að tapa. „Þetta er þvillíkt svekkelsi en við skitum upp á bak í fráköstum. Þegar við erum komnar í svona spennandi bikarúrslitaleiki þá förum við alltaf inn í skelina ef það kemur smá áhlaup á okkur,“ sagði Birna og bætti við: „Það er orðið frekar fúlt að fá alltaf silfur í Höllinni. Þetta átti ekki að fara svona en við vorum bara hræddar við að tapa í fjórða leikhlutunum og því fór sem fór,“ sagði Birna sem var best í liði Keflavíkur. „Við spiluðum ekki nógu vel saman og við létum þessa litlu hluti fara í taugarnar á okkur. Haukarnir voru alltaf skrefi á undan og tóku líka örugglega tuttugu fleiri fráköst heldur en við,“ sagði Pálína eftir leikinn en hún var frákastahæsti leikmaður Keflavíkur þrátt fyrir að vera lítill bakvörður. - 66j



BIKARINN Á LOFTI Telma Björk Fjalarsdóttir, fyrirliði Hauka, með bikarinn í hendi og félagi í liðinu sér við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

María spilaði leik lífsins

Haukakonur urðu bikarmeistarar í fimmta skiptið eftir 83-77 sigur á Keflavík í Höllinni á laugardaginn. Keflavíkurkonur áttu ekki svar við baráttuglöðum Haukastelpum og bikarsilfrið fór til Keflavíkur í þriðja sinn á fjórum árum.

KÖRFUBOLTI „Þetta var alveg óvart,“ sagði María Lind Sigurðardóttir högvær eftir úrslitaleik Subway-bikars kvenna á laugardaginn en óvænt og frábær frammistaða Maríu tryggði henni útnefninguna besti maður úrslitaleiksins og átti stóran þátt í að Haukakonur unnu bikarinn. María skoraði 20 stig á 23 mínútum í leiknum, hitti úr 9 af 12 skotum og tók 7 af 9 fráköstum sínum í sókninni. „Þetta er örugglega besti leikurinn sem ég hef spilað á ævinni og ég held að stigametið mitt hafi verið 18 stig,“ sagði María og bætti við: „Það er oft sem litla liðið kemur og vinnur svona leiki. Þannig að við vissum að það var ekkert að marka einhverjar spár. Við vissum það að þeir sem berjast meira, þeir vinna,“ sagði María. Kvinnalið Keflavíkur náði ekki að fylgja eftir frábærum leikjum liðsins á árinu 2010 og urðu enn á ný að yfirgefa höllina með silfrið um hálsinn alveg eins og 2007 og 2009.

Haukakonur unnu fráköstin í fyrri hálfleik en þær hreinlega rústuðu Keflavíkurliðið í fráköstum í þeim seinni þar sem liðið tók meira að segja þrjú fleiri sóknafráköst en Keflavík tók af varnafráköstum. Haukar fengu 31 stig eftir sóknafráköst í leiknum, þar af skoruðu þær fyrstu tólf stig sín í lokaleikhlutunum eftir að hafa tekið sóknafráköst í sókninni. Hér lá munurinn í leiknum enda erfið að vinna leik þegar þú tekur 38 færri skot á körfuna en andstæðingurinn. „Þetta var ömurlegt. Þær rústa okkur í fráköstunum og þar liggur bara munurinn. Við vissum alveg að þær væru sterkar í fráköstunum en mínar stelpur stigu bara ekki út og vildu bara ekki vinna þennan leik,“ sagði Jón Halldór Epvaldsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn. Liðin skiptust á um að hafa forustuna í fyrri hálfleik en Haukar



MIKIL GLEÐI Í LEIKSLOK María Lind Sigurðardóttir og Henning Henningsson í fararbroddi í fögnuði Haukaliðsins í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

voru einu stigi yfir í hálfleik, 46-45, eftir að Heather Ezell skoraði lokakörfu hálfleiksins eftir að hafa tekið enn eitt sóknafrákastið. Haukarnir komust mest fimm stigum yfir í þriðja leikhluta en munurinn var aðeins tvö stig fyrir lokaleikhlutann, 62-60. Keflavíkurkonur töpuðu hverju frákastinu á fætur öðru í upphafi fjórða leikhlutans og Haukarnir gengu á lagið, gerðu út um leikinn á meðan og tryggðu sér bikarinn. „Þetta var frábær barátta hjá stelpunum í dag. Þetta er það sem skilur á milli í svona leikjum þegar getumunurinn er ekki mikill. Við vissum alveg hvað við getum og við viljum vera með stóru liðunum. Við þurfum að minna á okkur og það var bara það sem við gerðum,“ sagði Henning Henningsson, þjálfari Hauka. „Við lögðum upp með það að

vörnin myndi skila þessu. Við vorum með ákveðna taktík í vörninni sem átti að geta tekið svoltið frá þeirra leik og brotið þeirra leik svoltið upp. Það heppnaðist mjög vel í seinni hálfleik en ekki eins vel í þeim fyrri. Við förum yfir það í hálfleik og náðum að laga þetta,“ sagði Henning og hann gat ekki annað en hrósað hinni ungu Maríu Lind Sigurðardóttur í hástert. „María Lind er mjög góður leikmaður. Hún hefur kannski ekki fengið öll þau tækifæri sem hún hefur átt skilið en það er ekki hægt að segja annað en að hún hafi notað það tækifæri sem hún fékk í dag. Þetta var frábær frammistaða hjá henni. Við vitum alveg hvað María getur og þegar hún setur skotin sín ofan í körfuna þá stoppar hana enginn,“ sagði Henning. oo@frettabladid.is

BIKARÚRSLITIN

Subwaybikar kvenna

Haukar-Keflavík	83-77 (46-45)
Stig Hauka:	Heather Ezell 25 (15 frák., 11 stoðs., 5 stolnir), María Lind Sigurðardóttir 20 (9 frák.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11, Telma Björk Fjalarsdóttir 10 (11 frák.), Kiki Jean Lund 9 (5 frák., 5 stoðs.), Guðrún Ósk Ámundardóttir 7, Helena Brynja Hólm 1.
Stig Keflavíkur:	Birna Valgarðsdóttir 22, Kristi Smith 20, Bryndís Guðmundsdóttir 19 (5 frák., 5 stoðs.), Svava Ósk Stefánsdóttir 10, Rannveig Randversdóttir 3, Pálína Gunnlaugsdóttir 3 (7 frák., 5 stoðs.).
Tölur úr leiknum	
Fráköst:	Haukar +19 (51-32)
Sóknafráköst:	Haukar +23 (27-4)
Stig af bekk:	Haukar +11 (21-10)
Stig úr teig:	Haukar +4 (32-28)
3ja stiga körfur:	Jafnt (7-7)

Subwaybikar karla

Snæfell-Grindavík	92-81 (44-41)
Stig Snæfells:	Sean Burton 36, Sigurður Þorvaldsson 14, Jón Ólafur Jónsson 12, Hlynur Bæringsson 10 (19 frák.), Martins Berkis 9, Emil Þór Jóhannsson 6, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3, Sveinn Arnar Davíðsson 2.
Stig Grindavíkur:	Brenton Joe Birmingham 17, Þorleifur Ólafsson 16, Darrell Flake 16 (9 frák.), Arnar Freyr Jónsson 15 (11 stoðs.), Guðlaugur Eyjólfsson 9, Páll Axel Vilbergsson 4, Ómar Örn Sævarsson 3 (10 frák.), Ólafur Ólafsson 1.
Tölur úr leiknum	
Fráköst:	Snæfell +7 (40-33)
Sóknafráköst:	Snæfell +11 (14-3)
Stig af bekk:	Grindavík +12 (26-14)
Stig úr teig:	Grindavík +20 (44-24)
3ja stiga körfur:	Snæfell +8 (13-5)



36 STIG Sean Burton. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sean Burton hjá Snæfelli: Ég hélt bara áfram að skjóta

KÖRFUBOLTI Sean Burton átti frábæran leik með Snæfelli í bikarúrslitaleiknum á laugardaginn og skoraði alls 36 stig í leiknum. „Mér leið vel í þessum leik. Ég kom inn í leikinn með það markmið að stjórna hraðanum í leiknum og koma félögum mínum í Snæfellsliðinu inn í leikinn. Skotin mín fóru að detta þannig að ég hélt bara áfram að skjóta,“ sagði sagði Sean sem skoraði 16 af stigum sínum í þriðja leikhlutunum. „Þetta var jafn leikur og ég reyndi bara að gera það sem ég taldi að myndi skila okkur sigri. Ég vissi hvað það yrði æðislegt að vinna þennan leik. Í þriðja leikhlutunum þurfti eitthvað að gerast hjá okkur, ég reyndi að vera ákveðnari og skotin mín dattu,“ sagði Sean Burton. - 66j

HEILBRIGÐISKERFI Á KREPPUTÍMUM

RÁÐSTEFNA Á VEGUM SÍBS – NORRÆNA HÚSINU KL. 13.00-16.00, Á MORGUN 23. FEBRÚAR 2010

DAGSKRÁ

13.00

Setning
Sigurður Rúnar Sigurjónsson, formaður SÍBS

13.05

Heilsan og hagsveiflan
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands og form. meistaranáms í heilsuhagfræði

13.25

Lyfjamál astmasjúklinga
Davíð Gíslason, læknir

13.40

Staða sjúklinga á tímum samdráttar í heilbrigðiskerfinu
Sigmar B. Hauksson, formaður Astma- og ofnæmisfélagsins og fulltrúi í stjórn SÍBS

14.00

Verður læknauskortur á Íslandi?
Birna Jónsdóttir, formaður Læknafélags Íslands

14.15

Hvernig tryggjum við heilbrigði, virkni og þátttöku sjúkra og fatlaðra á samdráttartímum?
Hjördis Jónsdóttir, lækningaforstjóri Reykjalundar

14.35

Kaffihlé

14.55

Eru kaup á lyfjum óþarfa brúð?
Jakob Falur Garðarsson, frá Frumtökum, samtökum framleiðenda frumlyfja

15.10

Niðurskurður í þjálfun - skammgóður vermir?
Kristján Hjálmar Ragnarsson, sjúkrapjálfi

15.30

Ávarp heilbrigðisráðherra
Álfheiður Ingadóttir, heilbrigðisráðherra

15.45

Lokaorð
Helgi Hróðmarsson, frkvst. félagsm. og fjárflounar SÍBS

Ráðstefnan er öllum opin, aðgangur ókeypis. Þátttaka tilkynnist: helgi@sibs.is Nánari upplýsingar: www.sibs.is

SÍBS

Sean Burton í miklu stuði í Höllinni

Snæfellingar urðu bikarmeistarar í annað skiptið á þremur árum eftir sigur á Grindvíkingum. Þjálfarinn Ingi Þór Steinþórsson varð bikarmeistari í fyrsta sinn og Grindavík tapaði fyrsta bikarúrslitaleiknum.

KÖRFUBOLTI „Ég er ólýsanlega montinn að hafa náð þessum titli loksins. Þetta er geðveikur titill,“ sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, eftir 92-81 sigur á Grindavík í úrslitaleik Subway-bikars karla í Höllinni á Laugardaginn.

Ingi Þór var búinn að fara með liði sínu þrisvar í Höllina, sem aðalþjálfari 2000 og 2002 og sem aðstoðarþjálfari í fyrra, en farið heim með silfur í öll skiptin.

„Sean Burton leiddi liðið í þessum leik og steig stórt skref fram þegar okkur vantaði. Það var frábær karakter hjá honum. Hann sagði mér að hann hafi bara þurft að taka af skarið,“ sagði Ingi og það er hægt að taka undir það. Sean Burton skoraði alls 36 stig í leiknum og gerði Grindvíkingum lífið létt allan leikinn.

Grindvíkingar byrjuðu leikinn ágætlega og Brenton Birmingham var mjög ákveðinn í upphafi og skoraði meðal annars 9 stig í fyrsta leikhlutnum. Grindavík var 20-18 yfir eftir fyrsta leikhluta og náði mest átta stiga forskoti í upphafi annars leikhluta.

Snæfellingar þurftu hins vegar ekki langan tíma til að snúa leiknum þegar liðið breytti stöðunni úr 23-30 fyrir Grindavík í 36-30 fyrir Snæfell með því að skora þrettán stig í röð á rúmum tveggja mínútna kafla. Eftir það var Snæfells-liðið með frumkvæðið og varðist vel endurkomum Grindvíkinga.

Grindvíkingurinn Guðlaugur Eyjólfsson virtist þó vera búinn að kveikja í Grindavíkurliðinu er hann kom Grindavík yfir í 57-56 í þriðja leikhluta eftir að hann skoraði tvær þriggja stiga körfur í röð en Sean Burton var fljótur að svara og koma sínum mönnum aftur af stað.

„Við náðum þessum stóru leikatriðum á undan þeim. Þegar þeir komu með stóru leikatriðin sín þá náðum við að svara þeim. Eins og þegar Gulli kom þeim yfir þá kom bara Burton og svaraði strax með þristi og meðbyrinn var aftur kominn yfir til okkar. Við náðum að hafa „mómentin“ okkar megin. Við fengum kraft úr þessum stóru skotum og höfðum þar af leiðandi



LOKSINS GULL Inga Þór Steinþórssyni, þjálfara Snæfells, var fagnað með hefðbundnum hætti eftir að bikarmeistaratitillinn var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



ANNIÐ SKIPTIÐ Á ÞREMUR ÁRUM Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, lyfti bikarnum alveg eins og fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

meiri kraft í lokin. Það skipti sköpum,“ sagði Ingi Þór eftir leikinn.

„Við hleyptum þeim í alltof mörg opin þriggja stiga skot og þetta er mjög gott þriggja stiga skotlið. Þeir hittu mjög vel og það verður bara að segja alveg eins og er að þeir bara söktu okkur í

þriggja stiga skotum. Þeir spiluðu bara betur en við og þetta er bara sanngjarnt,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn.

Grindvíkingar voru með fullskipað lið í fyrsta sinn í langan tíma en þjálfarinn kenndi ekki

léglegri leikæfingu um það hvernig fór.

„Við getum endalaust verið að afsaka okkur en við töpuðum bara af því að við vorum lélegri og það var bara svoleiðis. Það þýðir ekkert að vera að afsaka sig því þá vinnum við ekkert alvöru titil. Við horfum bara fram á við og förum að einbeita okkur að því að vinna stóra titilinn,“ segir Friðrik.

Grindvíkingar höfðu unnið alla fjóra bikarúrslitaleiki sína fyrir leikinn á laugardaginn en að þessu sinni vantaði liðið tilfinnanlega meira frá lykilmönnum eins og Páli Axel Vilbergssyni sem náði aðeins fimm skotum á körfuna og skoraði aðeins 4 stig í leiknum.

Þegar á reyndi undir lokin voru Snæfellingar líka grimmari í baráttunni, tóku flest ef ekki öll mikilvægustu fráköstin og settu síðan niður dýrmæt skot í kjölfarið á sóknarfráköstum á lokakafla leiksins. Það vó þungt en mestu máli skipti þó að þeir voru með Sean Burton í sínu liði.

ooj@frettabladid.is



Í STRANGRI GÆSLU Sigurður Þorvaldsson dekkaði Pál Axel Vilbergsson í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Sigurður Þorvaldsson: Sean setti niður stór skot

KÖRFUBOLTI „Þetta var frábær sigur. Við náðum að loka betur á þá í seinni hálfleik og Sean setti niður stór skot. Þar var leikurinn fannst mér,“ sagði Snæfellingurinn Sigurður Þorvaldsson sem varð bikarmeistari í þriðja sinn í þremur heimsóknum í Höllina.

„Við vorum búnir að undirbúa okkur vel eins og kannski tveir síðustu leikir í deildinni sýndu,“ sagði Sigurður.

„Mér fannst við ná að loka mjög vel á Pál Axel. Það var enginn einn sem gerði það því við vorum allir að spila góða vörn. Kannski Þorleifur og hinir að keyra eitthvað meira upp að körfunni en við urðum að gefa eitthvað. Við urðum að velja eitrið,“ sagði Sigurður að lokum. - 66j

Brenton Birmingham: Jörðuðu okkur með þristunum

KÖRFUBOLTI Brenton Birmingham náði ekki að vinna bikarinn í fimmta sinn á ferlinum þegar hann spilaði sinn sjötta bikarúrslitaleik með Grindavík um helgina.

„Þetta var erfitt og það sem gerði okkur enn erfiðara fyrir var að við fylgdum ekki því sem við höfðum lagt upp með varnarlega fyrir leikinn. Þeir jörðuðu okkur með öllum þessum þristum,“ sagði Brenton eftir leikinn.

„Ég vil ekki afsaka mig og þetta er leikur sem við áttum að vinna og gátum unnið,“ sagði Brenton sem var stigahæstur í liði Grindavíkur með 17 stig. - 66j

NÝTT! MARGFALDUR ÁVINNINGUR FYRIR KYLFINGA

KORTHAFAR PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS GREIÐA EKKERT ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS

ICELANDAIR GOLFERS

Félagar í klúbbum njóta ýmissa hlunninda og fríðinda:

- Ekkert gjald er tekið fyrir golfsetti í áætluðarflugi Icelandair
- 2.500 Vildarpunktar
- 2.000 króna gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básum

PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS

Greiðslukort sem veitir margföld hlunnindi á við venjuleg greiðslukort og margborgar sig að nota bæði hér heima og í golfferðum erlendis.

Meðal fríðinda Premiumkortsins má nefna:

- Ókeypis aðild að Icelandair Golfers
- 15 Vildarpunktar af hverjum 1.000 kr. af öllum færslum kortsins heima og erlendis
- 20 Vildarpunktar af hverjum 1.000 kr. af öllum keyptum miðum og um borð hjá Icelandair
- Frítt bílastæði við Leifsstöð þegar flogið er með Icelandair
- Aðgangur að flýtiinnritun í Leifsstöð
- Viðbótarfarangursheimild
- Aðgangur að betri stofu Icelandair í Leifsstöð
- 10.000 Vildarpunktar við fyrstu notkun kortsins

SLÁÐU HOLU Í HÖGGI OG FÁÐU ÞÉR PREMIUM

Pú getur sótt um Premium Icelandair American Express á icelandairgolfers.is

ENSKI BOLTINN

Enska úrvalsdeildin:

ASTON VILLA-BURNLEY	5-2
0-1 Steven Fletcher (10.), 1-1 Ashley Young (32.), 2-1 Stewart Downing (56.), 3-1 Downing (58.), 4-1 Emile Heskey (61.), 5-1 Gabriel Agbonlahor (68.), 5-2 Martin Paterson (90.+2)	
BLACKBURN-BOLTON	3-0
1-0 Nikola Kalinic (41.), 2-0 Jason Roberts (71.), 3-0 Gaël Givet (84.)	
FULHAM-BIRMINGHAM	2-1
0-1 Sjálfsmark (3.), 1-1 Damien Duff (59.), 2-1 Bobby Zamora (90.).	
MANCHESTER CITY-LIVERPOOL	0-0
WIGAN-TOTTENHAM	0-3
0-1 Jermain Defoe (27.), 0-2 Roman Pavlyu chenko (84.), 0-3 Pavlyuchenko (90.+2).	
ARSENAL-SUNDERLAND	2-0
1-0 Nicklas Bendtner (27.), 2-0 Francesc Fabre gas, viti (90.+3).	
EVERTON-MANCHESTER UNITED	3-1
0-1 Dimitar Berbatov (16.), 1-1 Diniyar Bilya letdinov (19.), 2-1 Dan Gosling (76.), 3-1 Jack Rodwell (90.).	
PORTSMOUTH-STOKE	1-2
1-0 Frédéric Piquionne (35.), 1-1 Robert Huth (50.), 2-1 Salif Diao (90.+1).	
WEST HAM-HULL	3-0
1-0 Valon Behrami (3.), 2-0 Carlton Cole (59.), 3-0 Julien Faubert (90.+3).	
WOLVES-CHELSEA	0-2
0-1 Didier Drogba (40.), 0-2 Drogba (67.).	

STAÐAN Í DEILDINNÍ:

Chelsea	27	19	4	4	63-22	61
Man. United	27	18	3	6	63-24	57
Arsenal	27	17	4	6	63-30	55
Tottenham	27	13	7	7	48-26	46
Man. City	26	12	10	4	48-33	46
Liverpool	27	13	6	8	43-27	45
Aston Villa	26	12	9	5	37-21	45
Everton	26	10	8	8	38-37	38
Fulham	27	10	7	10	32-29	37
Birmingham	26	10	7	9	25-28	37
Stoke City	26	8	10	8	26-29	34
Blackburn	27	9	7	11	29-43	34
West Ham	26	6	9	11	35-40	27
Sunderland	26	6	8	12	32-44	26
Wigan	26	6	7	13	26-52	25
Wolves	26	6	6	14	21-44	24
Hull City	27	5	9	13	25-54	24
Bolton	26	5	8	13	29-49	23
Burnley	26	6	5	15	27-55	23
Portsmouth	26	4	4	18	21-44	16

MARKAHÆSTIR:

Wayne Rooney, Manchester United	21
Didier Drogba, Chelsea	19
Jermain Defoe, Tottenham	16
Darren Bent, Sunderland	15
Louis Saha, Everton	13
Carlos Tévez, Manchester City	13
Fernando Torres, Liverpool	12
Francesc Fabregas, Arsenal	12

Enska b-deildin

Blackpool-Reading	2-0
Brynjar Björn Gunnarsson var eini Íslendingurinn í byrjunarliðinu en Gylfi Þór Siguðsson kom inn fyrir hann á 32. mínútu og Gunnar Heiðar Þorvaldsson kom inn á 54. mínútu.	
Cardiff-Barnsley	0-2
Emillí Hallfréðsson var ekki í leikmannahópnum.	
Crystal Palace-Coventry	0-1
Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn.	
Plymouth-Leicester	1-1
Kári Árnason lék allan leikinn og varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark.	
Scunthorpe-Watford	2-2
Heiðar Helguson spilaði fyrstu 83 mínúturnar.	



ÚR LEIK Íris Guðmundsdóttir byrjaði Ólympíuferilinn ekki vel.

Ólympíuleikarnir í Vancouver: Íris datt í risa-sviginu

SKÍÐI Íris Guðmundsdóttir náði ekki að klára ferð sína í risa-svigi á vetrarólympíuleikunum í Vancouver en þetta var fyrsta keppni hennar á ólympíuleikum. Það voru erfiðar aðstæður og Íris datt í miðri braut. Hún var ein af 15 sem sem náðu ekki að klára. Íris fær annað tækifæri því hún keppir einnig í svigi á leikum í Vancouver en það fer fram á föstudaginn kemur. Það var síðan ákveðið að senda engan keppanda til leiks í tví-keppni karla sem fram fór í gærkvöldi en næstur Íslendinga til að keppta er Björgvin Björgvinsson sem keppir í stórsvigi á morgun.

- óóó



GAMAN AÐ SKORA Hinn tvítugi Dan Gosling fagnaði innilega eftir að hafa komið Everton yfir gegn Englandsmeisturinum. Gosling hafði komið inn á sem varamaður í leiknum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Slæmt tap á slæmum tíma

Manchester United tapaði óvænt fyrir Everton í ensku úrvalsdeildinni á laugar-dag. Arsenal og Chelsea héldu upp á það með því að vinna sína leiki.

FÓTBOLTI Chelsea náði fjögurra stiga forystu í ensku úrvalsdeildinni á laugardag þegar liðið lagði Úlfana örugglega að velli, 2-0. Didier Drogba heldur áfram að vera þyngdar sinnar virði í gulli en hann skoraði bæði mörk leiksins. Fyrr um daginn tapaði Manchester United fyrir Everton. Útlitið var gott fyrir United snemma leiks á Goodison Park þegar búlgarski sóknarmaðurinn Dimitar Berbatov þrúmaði knettinum í slá og inn. Það tók Everton hins vegar aðeins þrjár mínútur að jafna metin. Í seinni hálfleik þurfti Berbatov að yfirgefa völlinn vegna meiðsla og við það sundraðist spilamennska Englandsmeistaranna. Sir Alex Ferguson breytti um leikkerfi og ekki stóð steinn yfir steini hjá United. Varamennirnir Dan Gosling og Jack Rodwell skoruðu fyrir þá bláklæddu sem fögnuðu innilega í leikslök enda hafa þeir nú borið sigurorð af tveimur efstu liðum deildarinnar með skömmu millibili. Rodwell fékk síðan kampavínsflösku fyrir nafnbótina maður leiksins. „Mér líður eiginlega bara kjánalega,“ sagði hinn 18 ára Rodwell. „Ég spilaði í fimm mínútur og fæ flöskuna. Réttast væri að verðlauna liðið í heild. Við lékum virkilega vel. Það segir sig sjálft að ef lið nær að vinna Manchester United þá hefur það spilað vel.“ Sir Alex Ferguson, stjóri United, sagði eftir leik að úrslitin hefðu verið sanngjörn. „Við byrjuðum

leikinn vel en það er mjög slæmt að fá á sig mark í andlitið svona fljótt eftir að komast yfir. Við vorum bara næst bestir í seinni hálfleiknum,“ sagði Ferguson. „Þetta eru mikil vonbrigði og leikmenn eru miður sín. Þeir eru manneskjur, spila fyrir Manchester United og vilja ekki tapa leikjum. Það gerðist samt í dag. Þetta eru slæm úrslit og það á tímamarki sem við höfum ekki efni á svona úrslitum.“ **Sígar hjá Lund-únaliðunum** Lundúnaliðin Arsenal og Chelsea nýttu sér svo mistök Rauðu djöflanna og unnu sína leiki síðar um daginn. Fílabeiðsstrendingurinn Didier Drogba sá um markaskorun Chelsea eins og svo oft áður. Petr Cech, maðurinn með hjálminn í marki Chelsea, átti einnig finan leik. „Drogba er magnaður sóknarmaður og hefur gert frábæra hluti fyrir Chelsea í mörg ár. Hann er einn

19 MÖRK Í DEILDINNÍ Didier Drogba skoraði bæði mörk Chelsea á móti Wolves.

MYND/APP

besti sóknarmaður í heimi og það eru forréttindi að fá að æfa og spila með svona leikmanni,“ sagði Cech eftir leik. „Vissulega erum við í góðri stöðu en þetta er fljótt að breytast og við verðum að halda okkur á tánum. Við lékum ekkert sérlega vel í þessum leik en stigin þrjú eru það sem máli skiptir.“ Arsene Wenger, stjóri Arsenal, segir að menn megi ekki afskrifa titilmöguleika sinna manna eftir 2-0 sigur á Sunderland. „Það getur ýmislegt gerst og margt á eftir að gerast. Toppliðin munu tapa stigum, þau eiga eftir að mætast innbyrðis svo það er ekki annað hægt,“ sagði Wenger. „Það er nóg af liðum í deildinni sem geta vel tekið stig af efstu liðum. Við verðum bara að nýta okkur þau tækifæri sem gefast.“ Á hinum enda töflunnar heldur áfram að ganga bölvanlega hjá Hermanni Hreiðarssyni og félögum í Portsmouth. Liðið tapaði fyrir Stoke um helgina þar sem sigurmarkið kom í blálökin. Liðið er nú átta stigum frá öruggu sæti í deildinni og útlitið vægast sagt slæmt, innan vallar og einnig utan hans.

elvargeir@frettabladid.is



NÝR UMBOÐSMAÐUR Ragnar Sigurðsson vill komast í betra lið.

MYND/TOMMY HOLL

Ragnar Sigurðsson: Skipti Arnóri út fyrir Svía

FÓTBOLTI Íslenski landsliðsmiðvörðurinn Ragnar Sigurðsson hefur skipt um umboðsmann en þetta kom fram á vefsíðunni fotbolti.net í gær. Ragnar staðfesti það við sænska fjölmiðla í gær að Arnór Guðjohnsen væri ekki lengur umboðsmaður hans heldur hefur sænski lögfræðingurinn Carl Fhager tekið við hans málum utan vallar. Ragnar Sigurðsson hefur staðið sig frábærlega með IFK Gautaborg á síðustu árum og hefur ítrekað verið orðaður við lið í betri deildum í Evrópu en það hefur engu síður ekkert gerst í hans málum. Hann var síðast orðaður við enska úrvalsdeildarliðið Blackburn Rovers um helgina.

- óóó



SAM TILLEN Hefur leikið vel í vinstri bakverðinum hjá Fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Pepsi-deild karla í fótbolta: Tillen-bræður sömdu til 2011

FÓTBOLTI Framarar eru búnir að gera nýjan samning við Tillen-bræðurna sem hafa spilað með liðinu undanfarin tvö sumur. Þeir Joe og Sam Tillen sömdu út keppnistímabilið 2011 og verða því áfram í aðalhlutverki á vinstri vængnum hjá Safamýrarliðinu í Pepsi-deildinni. Samuel Tillen hefur verið fastamaður í vinstri bakvarðarstöðunni og hefur skorað 3 mörk í 39 leikjum með liðinu. Joseph Tillen var inn og út úr liðinu í fyrra en hann spilar á vinstri vængnum og hefur skorað 6 mörk í 35 deildarleikjum með Fram. Joe skoraði sigurmarkið í sigri á KR í undanúrslitaleik VISA-bikarsins í sumar.

- óóó

Tottenham nýtti sér jafntefli Manchester City og Liverpool og tók fjórða sætið með sigri á Wigan: Tottenham í hið eftirsóttta fjórða sæti

FÓTBOLTI Leikur Manchester City og Liverpool var bragðdaufur og endaði með markalausum jafntefli. Tottenham greip tækifærið og komst upp í fjórða sæti deildarinnar með því að leggja Wigan að velli, 3-0. Eiður Smári Guðjohnsen fékk að kynnst varamannabekknun á DW-vellinum vel og sat á honum allan leikinn. „Ég er verulega sáttur við okkar frammistöðu, sérstaklega þegar mið er tekið af vallaraðstöðum sem voru mjög erfiðar,“ sagði Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Tottenham. Jermain Defoe kom Tottenham yfir í fyrri hálfleik en mark hans

MÆTTUR Í SLAGINN Fernando Torres kom inn á sem varamaður á 75. mínútu í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY



átti reyndar aldrei að standa þar sem hann var rangstæður. Varamaðurinn Roman Pavlyuchenko skoraði síðan tvívegis í seinni hálfleik. „Mér er alveg sama þó að Defoe hafi átt að vera dæmdur rangstæður. Ég fagna því að Pav hafi náð að skora þessi tvö mörk. Þegar hann hugsar um að spila fótbolta og leggur sig allan fram þá er hann í hæsta klassa,“ sagði Redknapp. Knattspyrnustjóri Manchester City, Roberto Mancini, segir að jafnteflið við Liverpool í gær hafi verið sanngjörn úrslit. „Við gáfum þeim engin færi og þeir gáfu okkur engin færi. Þetta eru því sanngjörn úrslit,“ sagði Mancini sem var án Carlosar Tevez í gær.

„Ég veit ekkert hvar hann er. Ég held að hann sé í Argentínu. Ég býst við honum aftur eftir tvo daga, ég þarf á honum að halda. Þegar ég heyrði í honum fyrir þremur dögum sagði hann að það væru einhver fjölskylduvandamál en þau eru nú að baki,“ sagði Mancini. Tevez flaug til heimalands síns þar sem eiginkona hans eignaðist barn þeirra fyrir tímenn. „Þetta var erfiður leikur og svekkjandi hve erfiðlega gekk að skapa færi,“ sagði Rafa Benítez, stjóri Liverpool, sem fagnaði endurkomu Yossi Benayoun og Fernando Torres af meiðslalistanum. „Þeir tveir hafa reynst okkur ansi mikilvægir í fortíðinni og það er frábært að fá þá aftur.“

- egm

ÚRSLITIN Í GÆR

EHF-bikarinn í handbolta

Naturhouse La Rioja-Haukar 34-24 (15-9)
Mörk Hauka: Sigurbjörg Sveinsson 12/5, Freyr
Brynnarsson 3, Guðmundur Árni Ólafsson 3/1,
Björgvin Hólmgeirsson 2, Elías Már Halldórsson
2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Pétur Pálsson 1,
Haukar-Naturhouse La Rioja 23-24 (11-10)
Mörk Hauka: Tjörvi 4, Freyr 4, Elías 3, Björgvin 3,
Pétur 3, Stefán Rafn 2, Gunnar Bergs 1, Einar
Örn Jónsson 1, Sigurbjörgur 1, Guðmundur 1

N1-deild kvenna í handbolta

Stjarnan-Fylkir 24-16 (11-7)
Mörk Stjörnunnar: Harpa Sif Eyyjólfssdóttir 8, Elsa bet Gunnarsdóttir 6, Esther Víktoría Ragnarsdóttir 4, Guðrún Erla Bjarnadóttir 3, Aðalheiður Hreinsdóttir 1, Þorgeirður Anna Atladóttir 1, Þórhildur Gunnarsdóttir 1.
Mörk Fylkis: Sunna Jónsdóttir 5, Elzbieta Kowal 5, Sunna María Einarssdóttir 4, Sigríður Hauksdóttir 1, Hanna Rut Sigurjónsdóttir 1.
Valur-FH 29-17 (15-8)
Mörk Vals: Ágústa Edda Björnsdóttir 7, Hildi Gunnur Einarssdóttir 7, Kristín Guðmundsdóttir 4, Karólína B. Gunnarsdóttir 4, Soffía Rut Gísladóttir 3, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2, Arndís María Erlingsdóttir 1, Nína K. Björnsdóttir 1.
Mörk FH: Ragnhildur Guðmundsdóttir 9, Ingibjörg Pálmadóttir 2, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2, Heiðís Rún Guðmundsdóttir 1, Agnes Egilssdóttir 1, Birna Íris Helgadóttir 1, Kristjana Þorradóttir 1.
Vikingur-KA/Þór 22-36 (7-17)
Mörk Vikings: Guðrún Ósk Jónsdóttir 9, Helga Birna Björgvólfssdóttir 7, Guðný Halldórsdóttir 2, Áslaug Gunnarsdóttir 2, Brynhildur Bolladóttir 1, Berglind Halldórsdóttir 1,
Mörk KA/Þór: Anna Erlingsdóttir 8, Arndís Heimisdóttir 6, Katrín Vilhjálmssdóttir 5, Martha Hermannsdóttir 5, Inga Dís Sigurðardóttir 4, Unnur Ómarsdóttir 4, Ásdís Sigurðardóttir 4.
HK-Fram 20-32 (8-18)
Mörk HK: Elin Anna Baldursdóttir 8, Lilja Lind Pálsdóttir 3, Elva Björg Einarssdóttir 3, Tinna Ragnvaldsdóttir 2, Heiðrún Björk Helgadóttir 2, Dóra Sif Egilssdóttir 1, Helena Jónsdóttir 1.
Mörk Fram: Stella Sigurðarsdóttir 7, Karen Knútsdóttir 6, Hafðís Hinrikssdóttir 5, Pavla Nevarilova 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Marthe Sórdal 1.

Lengjubikar karla í fótbolta

Riðill 1: Fjarðabyggð-Þór AK.	0-1
Jóhann Helgi Hannesson	
Riðil 1: Fylkir-Stjarnan	3-1
Albert Brynjar Ingason, Ingimundur Niels Óskars- son, Pape Mamadou Faye - Þorvaldur Árnason.	
Riðill 2: Valur-FH	0-3
Atli Guðnason 2, Gunnar Már Guðmundsson.	
Riðill 2: Víkingur R.-KA	3-0
Helgi Sigurðsson 2, Halldór Smári Sigurðsson.	
Riðill 2: Fram-Selfoss	3-1
Tómas Leifsson, Halldór Hermann Jónsson, Alex and Veigar Þórarinnson - Jón Daði Böðvarsson.	
Riðill 3: ÍR-ÍBV	0-6
Eyþór Helgi Birgisson 4, Tryggvi Guðmundsson, Ásgeir Aron Ásgeirsson.	
Riðill 3: Þróttur R.-Breiðablik	1-3
Hjörvar Hermannsson - Kristinn Steindórsson, Elvar Freyr Helgason, Haukur Baldwinsson	
Riðill 4: KR-HK	5-1
Gunnar Kristjánsson 2, Jordao Diogo, Óskar Örn Hauksson, Bjarni Guðjónsson - Hafsteinn Briem.	

Evrópukeppnin í handbolta:

Íslendingaliðin komust áfram

HANDBOLTI Íslendingaliðin Gummersbach og Lemgo komust bæði áfram í Evrópukeppnum um helgina eftir að þau sóttu sigur til Portúgals. Björgvin Páll Gústavsson og félagar í Kadetten slógu líka út Zarja frá Rússlandi með sannfærandi hætti.

Gummersbach er komið áfram í átta liða úrslit Evrópukeppni bikarhafa eftir 28-27 sigur á Braga í seinni leiknum en Gummersbach vann fyrri leikinn 30-26. Róbert Gunnarsson skoraði 3 mörk í leiknum.

Lemgo tafaði óvænt 27-30 fyrir Benfica á heimavelli í fyrri leiknum en bætti fyrir það með þrettán markaðum sínum í seinni leiknum, 31-18. Logi Geirsson og Vignir Svavarsson voru ekki meðal markaskorara Lemgo.

Kadetten vann seinni leikinn á móti Zarja Kaspíja Astrakhan tíu marka mun í Rússlandi, 36-26, og þar með samtals með 18 marka mun. - óój



**Í ÁTTA
LIÐA ÚRSLIT**
Róbert Gunnarsson.

Haukar úr leik í EHF-keppninni í handbolta eftir tvo ólíka tapleiki á móti Naturhouse La Rioja á Spáni:

Við vorum mjög lélegir á laugardaginn

HANDBOLTI Haukar dattu úr keppni í EHF-bikarnum í handbolta í gær eftir 23-24 tap á móti Naturhouse La Rioja í seinni leik liðanna í sextán liða úrslitum keppninnar. Naturhouse La Rioja vann fyrri leikinn 34-24 og þar með samanlagt 58-47 en báðir leikirnir fóru fram á Spáni um helgina.

„Við vorum mjög lélegir á laugardaginn, yfirspenntir og náðum ekki að framkvæma neitt af því línu, sem við töluðum fyrir leikinn, hvorki varnarlega né sóknarlega. Í dag (gær) var annað upp á ten-

ingnum og þá sérstaklega varnarlega," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka.

„Það hefði verið sanngjarnt ef við hefðum fengið stig og kannski tvö út úr þessum leik. Markmaðurinn þeirra er að gera okkur svo-

GÓÐUR EVRÓPUVETUR

Aron Kristjánsson segir
gengi Hauka í Evrópu í
vetur hafa verið framfar-
vönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEF-
ÁN

lítið lífið leitt og
hann ver ótrúlega
mörg dauðafæri.

Það gerir það
að verkum að
þeir unnu þennan
leik," segir Aron
sem er ánægður
eð Evrópuveturinn
hjá Haukum.

„Við erum
búnir að ná
frábærum
árangri í
Evrópu-

keppninni þó svo að þessir leik-
ir hafi ekki verið okkar bestu
leikir. Það er alltaf erfitt að hafa
sanna trú á verkefninu ef maður
selur heimaleikinn á móti sterkum
liðum," sagði Aron.

„Þetta var virkilega gott hjá okkur í Evrópukeppninni í vetur og kannski framar væntingum. Það segir kannski sitt að HSÍ skipulagði mótið þannig að þeir bjuggust ekki við að við værum enn þá í Evrópukeppninni,“ sagði Aron að lokum en fram undan eru bikarúrslit um næstu helgi. - 601



> Melina Kanakaredes

„Ekki skammast þín fyrir það sem þú ert. Það eru alltaf einhverjir sem gagnrýna þig sem myndu einnig gera það ef þú værir einhvern veginn öðruvísi.“

Kanakaredes fer með hlutverk lögreglukonunnar Stelli Bonasera í þættinum CSI: New York sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 21.40.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI SPÁIR Í HÚSAKOSTI FÓLKS Í SJÓNVARPINU

Maður með stórt typpi í tjaldi

Pótt skömm sé frá að segja er líf mitt ekki flóknara en það að þegar ég er búinn að vinna, borða og koma krökkunum í rúmið, vil ég oftast ekkert frekar en að liggja með tærnar upp í loft, opna iskaldan rótarbjór og glápa á froðu frá Ameríku. Froðan þarf reyndar að vera vel skrifuð svo ég nenni henni og nú eru nokkrir ágætis möguleikar í boði á þessu sviði.

Fólk í svona þáttum á það sameiginlegt að búa í flottum húsum og íbúðum. Feiti kallinn og gellan í King of Queens voru í ágætis raðhúsi, Frasier í flottri piparsveinaibúð og meira að segja Simpsons-fjölskyldan er í tveggja hæða einbýlishúsi. Það nýjasta sem ég er að glápa á er þátturinn Modern family sem fjallar um líf og samskipti pabba og tveggja fullorðinna barna hans. Þetta eru frábærir þættir, fyndnir og skemmtilegir. Öll búa þau með fjölskyldum sínum í rosa flottum húsum. Ég horfi líka á 30 Rock og ameríska The Office, en þeir



þættir gerast mest á vinnustað svo maður er lítið hangandi heima hjá Liz Lemon eða Micheal Scott. Mig minnir samt að þau búi vel. Er hlúð svona vel að millistéttinni í Bandaríkjunum?, hugsar maður.

Ég horfi líka á Hung, sem er allsérstakur þáttur fyrir margra hluta sakir. Fyrir það fyrsta er aðalsöguhetjan að gera upp hálfgerðan kofa sem hann erfði eftir foreldra sína og á meðan býr hann í tjaldi. Ég hef aldrei séð mann búa í tjaldi fyrr í svona þáttum. Hann á líka óvenju ófrið börn, sem er skrítið því hann er sjálfur fjallmyndarlegur sem og barnsmóðir hans. Þá er sögufléttan fersk því hann er með stórt typpi (sem við höfum reyndar ekki fengið að sjá enn þá) og reynir með aðstoð hálf vonlausrar ljóðakonu að selja tólið á sér til þurfandi kvenna. Hvergi er lætt inn pólitískum rétttrúnaði í garð þessarar atvinnustarfsemi og þátturinn er allur hinn eðlilegasti. Af hverju geta ekki fleiri þættir verið svona, hugsar maður, svona blátt áfram og ekta?

MÁNUDAGUR



► 19.45 How I Met Your Mother STÖÐ 2



► 20.10 How To Look Good Naked - Revisited SKJÁR EINN



► 21.15 Sporlaust SJÓNVARPIÐ



► 21.50 Cold Case STÖÐ 2 EXTRA



► 22.00 Little Fish STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 15.30 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Skiðaskotfimi kvenna)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Pálína (22:28)
- 17.35 Stjarnan hennar Láru (17:22)
- 17.50 Róbert bangsi (6:26)
- 18.05 Vetrarólympíuleikarnir - Samantekt
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Stephen Fry í Ameríku (Stephen Fry in America) (5:6) Heimildarþáttur þar sem breski leikarinn Stephen Fry ferðast um Bandaríkin.
- 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (9:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Kona hverfur mánuði eftir að hún er látin laus úr fangelsi og sérsveitin veltir því fyrir sér hvort orsökina sé að finna í vafasamri fortíð hennar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Sprettganga, frjáls aðferð)
- 23.45 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (Skiðakross, úrslit karla)
- 01.15 Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver (parakeppni í ísdansi)
- 04.55 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Shopgirl
- 10.00 Bowfinger
- 12.00 George of the Jungle
- 14.00 Shopgirl
- 16.00 Bowfinger
- 18.00 George of the Jungle
- 20.00 Small Time Obsession Vínir í Suður-Lundúnum gengur hægt á framabrat- inni og þegar einn þeirra leiðist út í afbrot slettist upp á vinskapiinn.
- 22.00 Little Fish Ung kona er á stöð- ugum flótta undan myrkri fortíð og eituryfja- vanda. Með aðalhlutverkið fer Cate Blanchett.
- 00.00 Licence to Kill
- 02.10 Daltrey Calhoun
- 04.00 Little Fish
- 06.00 Showtime

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Tommi og Jenni og Apaskólinn.
- 08.15 Oprah Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 The Moment of Truth (23:25)
- 11.00 60 mínútur
- 11.45 Falcon Crest (4:18)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 'Til Death (15:15)
- 13.25 Grease
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 The Simpsons (22:25)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (1:24) Sjötta gamanþáttaröðin um bræðurna Charlie og Alan Harper. Charlie er piparsveinn sem nýtur mikillar kvenhylli og hafði það nokk- uð gott þangað til Alan flutti inn á hann eftir skilnað.
- 19.45 How I Met Your Mother (13:22) Ted nælir sér í konu í brúðkaupinu en þau ákveða að skiptast ekki á eftirmöfn- um og símanúmerum.
- 20.10 American Idol (11:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar.
- 21.35 American Idol (12:43)
- 22.20 Supernatural (2:16) Yfimáttúruleg- ir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfölinn.
- 23.05 It's Always Sunny In Philadel- phia (11:15) Gamanþáttur um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumgláðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi, upp á hvern einasta dag. Danny DeVito leikur stórt hlutverk í þáttunum en hann er óþolandi faðir tveggja úr hópnium og er stöðugt að gera þeim lífið leitt.
- 23.30 Radio Days
- 00.55 Hung (7:10)
- 01.25 Grease
- 03.10 Letters from Iwo Jima

SPORT besta sætið

- 07.00 Real Madrid - Villarreal Útsend- ing frá leik í spænska boltanum.
- 15.40 World Golf Championship 2010
- 18.40 Orlando - Cleveland Útsending frá leik körfuboltanum.
- 20.30 Meistaradeild Evrópu: Frétta- þáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
- 21.00 Spænsku mörkin Allir leikir um- ferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
- 22.00 Bestu leikirnir. Valur - KR
- 26.09.09 Það var boðið upp á sannkallaða veislu í vonskuveðri þann 26. september þegar KR heimsótti Val. Björgólfur Takefusa setti á svið sýningu fyrir áhorfendur þar sem KR-ingar fóru mikinn
- 22.30 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilara heims.
- 23.20 UFC Live Events

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Man. City - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 14.25 West Ham - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.05 Portsmouth - Stoke Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.45 PL Classic Matches: Wimbledon - Newcastle, 1995
- 19.15 PL Classic Matches: Newcastle - Man United, 1995
- 19.50 PL Classic Matches: Chelsea - Sunderland, 1996
- 20.20 Man. City - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaum- gæfilega.
- 23.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
- 23.30 Blackburn - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.10 Spjallið með Sölva (1:14) (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Spjallið með Sölva (1:14) (e)
- 12.50 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 Game Tívi (4:17) (e)
- 17.15 7th Heaven (4:22)
- 18.00 Dr. Phil
- 18.45 Survivor (16:16) (e)
- 19.30 Fréttir
- 19.45 King of Queens (13:25) (e)
- 20.10 How To Look Good Naked - Revisited (4:6) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Stjörmustill- inn Gok Wan heimsækir núna konur sem hann hefur áður hjálpað og við sjáum hvort aðgerðir hans hafi skilað árangri.
- 20.55 One Tree Hill (8:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Strákarn- ir fara saman í útilegu en Julian fellur ekki vel í hópinn. Á meðan er stelpukvöld hjá Brooke og Haley.
- 21.40 CSI. New York (24:25) Stella kemst að því að grískir fommunir tengjast morðmáli sem hún hún rannsakar og hún er tilbúin að fórna öllu til að upplýsa málið. Hún rekur slóðina til Grikklands og kemst á á snöðir um einn af stærstu leyndardómum mannkynsögunnar.
- 22.30 The Jay Leno Show Spjallþátta- kóngurinn Jay Leno tekur á móti góðum gestum og slær á léttu strengi.
- 23.15 Dexter (8:12) (e)
- 00.15 Fréttir (e)
- 00.30 King of Queens (13:25) (e)
- 00.55 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Úr öskustónni Guðjón Bergmann um ráð til að sleppa úr kreppu.
- 20.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon matreiðslumeistari er kominn aftur í eldhús Perlunnar.
- 21.00 Frumkvöðlar Gestir Elinóru Ingu eru Vilborg Einarsdóttir og Svana Helen Björnsdóttir frumkvöðlar.
- 21.30 Í nærveru sálar Kolbrún Baldurs- dóttir og góðir gestir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

93% Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., hófuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.

66,3%

Lesara Fréttablaðið

6,8%

Lesara Morgunblaðið

26,9%

Lesaði Fréttablaðið og Morgunblaðið



Allt sem þú þarft...

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.10

American Idol

Niunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtipáttar. Draumar átta söngvara hafa ræst sem allir hafa slegið í gegn og selt milljónir platna, bætt met og sungið sig inn í hjöрту heimsbyggðarinnar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

ÞVIÐ MÆLUM MEÐ

Stephen Fry í Ameríku

Sjónvarpið kl. 20.10

Breski leikarinn Stephen Fry heldur áfram ferð sinni um Bandaríkin. Hann byrjar þátt kvöldsins við rofstapana háu í Nýja-Mexíkó og fer um Suðvesturríkin. Hann hittir meðal annars eðlisfræðinga í Los Alamos, hippa við Santa Fe, indíána í Arizona og hálfberan mormónatrúboða. Meðal þess sem hann skoðar er Powell-vatn og flugvélagrafreitur í Tucson.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst

06.50 Bæn

07.03 Vött og breitt

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.05 Morgunstund með KK

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Stefnumót

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Hringisól

14.03 Bak við stjörnumar

15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu

15.25 Fólki og fræði

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.16 Spegillinn

18.53 Dánarfregnir

19.00 Endurómur úr Evrópu

20.00 Leynifélagið

20.30 Kvika

21.10 Heimur hugmyndanna

22.10 Lestur Passíusálma

22.20 Einhver mun minnst vor

23.15 Lostafulli listræninginn

23.50 Þjóðsagnalestur

00.05 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 102,2 Útvarp Latibær

FM 102,9 Lindin

FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors

Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 E.R.

(8:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.30 Seinfeld

(3:24) Jerry býr sig undir það að verða reiður fyrir hönd vinkonu sinnar, Georg lendir í því að selja tölvur fyrir föður sinn og Elaine bjargar sér undan Lippmanfeðgunum.

19.00 The Doctors

19.45 E.R.

(8:22)

20.30 Seinfeld

(3:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

Þ21.50 Cold Case

(8:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félagahennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.

22.35 The Mentalist

(14:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

23.20 Twenty Four

(5:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer.

00.05 John Adams

(5:7)

01.10 Sjáðu

01.35 Fréttir Stöðvar 2

02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.30 Never Better

13.05 Absolutely Fabulous

13.35 Doctor Who

14.20 Doctor Who

15.05 The Mighty Boosh

15.35 The Inspector Lynley Mysteries

16.25 Waterloo Road

17.15 EastEnders

17.45 The Weakest Link

18.30 Extras

19.00 My Family

19.30 Spooks

20.20 New Tricks

21.10 My Family

21.40 Only Fools and Horses

22.30 Never Better

23.00 Absolutely Fabulous

23.30 New Tricks

DR 1

14.00 DR Update

- nyheder og vejr

14.10 Boogie Mix

15.05 Family Guy

15.30 Dragejægerne

15.55 Kæledyr for viderekomne

16.00 Vinter OL Studiet

16.30 Peter Pedal

16.55 Gurli Gris

17.00 Aftenshowet

17.30 TV Avisen med Sport

18.00 Aftenshowet med Vejret

18.30 Med livet i hænderne

19.00 Oceaner af liv

20.00 TV Avisen

20.25 Horisont

20.50 Vinter OL Studiet

21.30 Inspector Morse

23.15 OBS

23.20 Så er der pakket

23.50 Boogie Mix

NRK 1

12.40 OL hoydepunkter

14.00 NRK nyheter

14.10 OL hoydepunkter

15.00 OL hoydepunkter

16.00 NRK nyheter

16.10 Herskapelige gjensyn

16.40 Oddasat - nyheter på samisk

16.55 Nyheter på tegnspråk

17.00 Distriktsnyheter

17.20 OL direkte

17.45 OL direkte

18.00 NRK nyheter

18.03 OL direkte

19.55 Dagsrevyen

20.30 OL direkte

22.00 Kveldsnytt

22.15 OL studio

23.10 OL direkte

1 SVT 1

10.00 OS i Vancouver

16.00 OS i Vancouver

17.00 Rapport med A-ekonomi

17.10 Regionala nyheter

17.15 Olympiska vinterstudion

18.00 Kulturnyheterna

18.15 Regionala nyheter

18.30 Rapport med A-ekonomi

19.00 OS i Vancouver

23.00 OS i Vancouver

Kraftmikil átaksnámskeið





LES MILLS

rpm

BODY PUMP

BODY STEP

BODY FLOW

BODY ATTACK

BODY COMBAT

BODY BALANCE

BODY VIVE

Konu átak

Kl. 6.05 3 x í viku

Kl. 9.15 3 x í viku

Kl.17.30 3 x í viku

Kl.18.30 3 x í viku

Krefjandi átak, framhaldsnámsk.

Karla átak

Kl.18.30 3 x í viku

STOTT pilates

Kl.17.30 3 x í viku

• Vikulegur netpóstur

• Vikuleg vigturn

• Æfingaáætlun í tækjasölum

• Meira aðhald í mataræði

• Aðgangur að 4 stöðvum

• Aðgangur að sundmiðstöðinni Ásvöllum

• Nýtt hreinsandi mataræði (græna línan)

• Fitumælingar og cm mælingar

• Tímatafla: 75 tímar á viku

Átaksnámskeiðin hefjast 1. mars og eru í 7 vikur

Verð kr. 23.900.-. Korthafar kr. 11.990.-

Skráning og nánari upplýsingar

í sínum 565 2212 og 565 2712.

Dalshrauni 11, sími 565 2212

Ásvöllum 2, sími 565 2712

hress@hress.is, www.hress.is

HRESS

Grafís 10

HVAD SEGIR MAMMA?

„Ég er náttúrulega í skýjunum yfir því hvað þjóðin er tónviss og hefur góðan smekk. Hún Hera hefur alltaf verið söngelsk og var fljót að grípa lög og læra texta. Ég er alveg ótrúlega stolt af henni.“

Hjördis Geirsdóttir er mamma Heru Bjarkar sem vann Söngvakeppni Sjónvarpsins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. hluta sólahrings, 6. bardagi, 8. rúm ábreiða, 9. sarg, 11. gelt, 12. býsn, 14. fáni, 16. í röð, 17. heldur brott, 18. loga, 20. holskrúfa, 21. stigur.

LÓÐRÉTT
1. blað, 3. skammstöfun, 4. alger, 5. skjön, 7. hálsklútur, 10. gljúfur, 13. kóf, 15. hrjúf, 16. húðpoki, 19. lést.

LAUSN
1. hes, 2. göf, 3. ská, 4. gægn, 5. ská, 6. gægn, 7. trefill, 8. gægn, 9. gægn, 10. gægn, 11. gægn, 12. gægn, 13. gægn, 14. gægn, 15. gægn, 16. gægn, 17. gægn, 18. gægn, 19. gægn, 20. gægn, 21. gægn.

Blaðberinn

bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

Þorskflök roðlaus 1290
GLÆNÝ ÝSA, SIGINN FISKUR, GELLUR OG KINNAR

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

26

FRÉTTABLAÐIÐ

22. febrúar 2010 MÁNUDAGUR

Óttast að hlutirnir hafi verið sendir úr landi

„Maður verður bara að halda áfram. Við höldum góð jól en maður verður stundum sorgmæddur þegar maður hugsar út í myndirnar af börnunum, það er söknuður af þeim,“ segir Arnar Gauti Sverrisson, fyrrum sjónvarpsmaður og framkvæmdastjóri. Hann hefur hvorki séð tangur né tetur af þeim munum sem stolið var af heimili hans í Melahvarfi 14. desember á síðasta ári. Arnar var ekki tryggður og fékk því tjónið ekki bætt en

innbrotið átti sér stað um hábjartan dag.

Arnar er kvæntur Aðalbjörgu Einarsdóttur og saman eiga þau Natalíu París og Kiljan Gauta. Arnar segist vera í góðu sambandi við rannsóknarlögregluna og hann fari reglulega inn á heimasíðu lögreglunnar þar sem finna má myndir af þýfi sem hald hefur verið lagt á. „Annars óttast ég að þarna hafi verið á ferðinni erlent þjófagengi, þessu hafi bara verið sópað inn í gám niður á Sundahöfn og sent út,“ segir Arnar. -fgg

HAFA EKKI FUNDIST Þjófarnir sem brutust inn til Arnars Gauta og fjölskyldu hans hafa ekki fundist og ekki heldur þýfið.

ELST UPP ÁN ÞULNA Ása Finnsdóttir, fyrsta sjónvarpsþulan hjá RÚV, með barnabarni sínu, Jóhannesi Gauta Long, sem elst væntanlega upp án þess að hafa þulu á skjánum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁSA FINNSDÓTTIR: MERKILEGUM SJÓNVARPSKAFLA AÐ LJÚKA Þulurnar kveðja í apríllok

Hinn 1. maí næstkomandi lýkur merkilegum kafla í sögu Ríkissjónvarpsins en þá verður í fyrsta skipti útsending án sjónvarpsþulna. Frá því að sjónvarpið sendi fyrst út, hinn 30. september 1966, hafa sjónvarpsþulur verið órjúf-anlegur þáttur dagskrárinnar en nú tekur við tölvumynd sem sýnir áhorfendum hvað sé næst á dagskrá.

„Þetta er leiðinlegt, það er alltaf gaman að fá fallett brot þegar dagskráin á kvöldin hefst,“ segir Ása Finnsdóttir en hún er fyrsta sjónvarpsþulan og bauð Íslendinga velkomna að skjánum fyrsta sjónvarpskvöldið. Ása hafði verið búsett í Danmörku áður en hún tók þessa stöðu að sér og hafði því fylgst vel með dönsku þulunum sem fylgdu áhorfendum inn í kvöldið þar. „Ég lærði helling af þeim,“ útskýrir Ása og bætir því við að það sé alltaf synd þegar hefðir detta út. „En það hafa átt

FRÆGAR ÞULUR RÚV

Ása Finnsdóttir
Rósa Ingólfsdóttir
Ragnheiður Elín Clausen
Elly Ármannsdóttir
Eva Sólan
Brynja Vífilsdóttir

sér stað miklar breytingar að undanfögnu þótt auðvitað sé stundum erfitt að sætta sig við það.“

Sigurður Hinrik Hjörleifsson hefur stjórnað útsendingum þulnanna í 33 ár, eða frá því 1977. Hann er viss um að það eigi eftir að verða mikill söknuður af þulunum meðal áhorfenda, hann eigi allavega eftir að sakna þeirra. „Það var þula fyrsta kvöldið og hefur alltaf verið síðan þá, þetta eru því stórmerkileg tímamót,“ segir Sigurður og bætir því við að fólk vilji jú alltaf

sjá fólk. „Þær voru fyrst allan tímann, lásu dagskrá morgundagsins og buðu síðan góða nótt. Það er því búið að minnka vægi þeirra jafnt og þétt og kannski hefur alltaf verið stefnt að þessu.“

Katrín Brynja Hermannsdóttir hefur verið sjónvarpsþula í níu ár. Hún segir að það verði skrítið þegar þessu tímabili ljúki. „Maður minnst þeirra Sirrýjar og Rósu, þeirra sem allir þekkja, þetta verður eitthvað undarlegt,“ segir Katrín. freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikið hefur verið rætt og ritað um deilur **Birtu Björnsdóttur** fatakönnuðar og Línú Bjargar Árnadóttur, fagstjóra fatakönnunardeildar LHI, sem Fréttablaðið hefur greint frá að undanfögnu. Linda gerði sem kunnugt er athugasemdir við kjóla eftir Birtu sem Ragnhildur Steinunn og Eva María klæddust í Eurovision. Birta svaraði fullum hálsi og hefur farið fram á afsökunarbeiðni frá Listaháskólanum. Ef til vill er rétt að halda því til haga að Birta er dóttir Björns Emilssonar, framleiðanda hjá RÚV, en fósturmóður hennar er Ragna Fossberg, förðunarmeistari Ríkisútvarpsins.

Og svo virðist sem þjóðin fylgist betur með kjóla- og klæðaburði sjónvarpsfólks nú en áður. Einhverjir supu hveljur yfir kjólum sem **Þóra Arnórsdóttir** klæddist í síðasta Útsvari því hann virtist vera gegnsær. Stóra spurningin er sú; fær Þóra líka bréf frá Listaháskólanum?

Þau **Svanhildur Hólm** og Stefán Eiríksson verða eflaust ekki ofarlega á jólakortalistum Dalvíkinga í ár en lið Reykjavíkur hreinlega valtaði yfir lið Dalvíkurbyggðar í síðasta Útsvarsþætti. Dalvíkingar geta þó huggað sig við að lið Reykjavíkur virðist vera hálfgeri útíbú norðanmanna en höfuðborgarbúar virðast feiknasterkir um þessar mundir.

-fgg

Þáskaopnun Hofsós-sundlaugar

„Við sjáum fram á að hún gæti verið komin í gagnið um þáskana,“ segir Sveinbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Sveinbjörn Sigurðsson. Starfsmenn fyrirtækisins hafa séð um að reisa sundlaugina á Hofsósi sem athafnakonurnar Steinunn Jónsdóttir og Lilja Pálmadóttir gáfu íbúum bæjarins fyrir tæpum þremur árum.

Upphaflega stóð til að sundlaugin yrði tilbúin um mánaðamótin nóvember/desember á síðasta ári og hún hefði því getað orðið ansi vegleg jólagjöf til Skagfirðinga. En eilittar tafir urðu á verkinu, meðal annars vegna efnisskorts, og Skagfirðingar urðu því að bíða enn um sinn. „Þetta var allt leyst og það

FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Forsetafrúin Dorrit Moussaieff tók fyrstu skóflustunguna að sundlauginni ásamt þeim Steinunni og Lilju. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefur allt staðið eins og stafur á bók í samskiptum okkar við þær,“ segir Sveinbjörn. Íbúar Hofsóss

og nærsveitamenn bíða eflaust spennir eftir því að geta stungið sér til sunds og setið í heitu pottunum og horft yfir til Drangeyjar, jafnvel látið sig dreyma um Drangeyjarsund. Og nú lítur allt út fyrir að þeir geti gert það um svipað leyti og þáskarnir ganga í garð.

Það vakti mikla athygli á sínum tíma þegar þær Steinunn og Lilja skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að gefa íbúum Hofsóss sundlaug hinn 19. júní 2007. Dorrit Moussaieff tók fyrstu skóflustunguna að sundlauginni ásamt þeim Steinunni og Lilju í apríl 2008 og í kjölfarið var hafist handa. Sundlaugin sjálf verður 25 metrar að lengd en innifalið í gjöfinni er vegleg þjónustumiðstöð.

-fgg

Góðverk dagsins!

Hefur þú gert góðverk í dag?

Í dag hefjast svokallaðir Góðverkadagar og standa alla vikuna. Það eru Skátarnir sem standa að vikunni og tilgangurinn er sá að fá þig og aðra landsmenn til þess að gera í það minnsta eitt góðverk!

Markmið Góðverkadaga er að bæta mannlífið með hjálpsemi og vináttu – að gera góðverk. Góðverk eru þeirrar náttúru að þau fjölga sér á ógnarhraða, gerendum og þiggjendum til gleði og ánægju. Velvildin og vináttan sem felst í að rétta öðrum hjálparhönd, óumbeðið og án skilmála, er dýpri og sannari en almenn hjálpsemi eða dagleg aðstoð – við köllum það góðverk.

Við hvetjum alla til þess að gera góðverk, skrá það inn á heimasíðuna okkar www.godverkin.is og láta þannig aðra vita um hjálpsemi þína.

Vertu skáti í einn dag - gerðu góðverk!

Allar upplýsingar eru á www.godverkin.is

Samstarfsaðilar:



BYLGJAN

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

SKÝRR
Velkomin


Skátarnir
- eitt góðverk á dag



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Góðverk dagsins!

Kynntu þér málið nánar á **visir.is**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Allt seldist upp

Sjónvarpskonurnar Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Sigrún Ósk Kristjánsdóttir seldu fót sín í Kolaportinu á laugardaginn ásamt söngkonunni **Birgittu Haukdal**. Kolaportið var opnað klukkan ellefu og augljóst var að nærvera þessara þekktu kvenna vakti athygli því erfitt var að fá bílastæði í

nágrenninu og öngþveiti var við bás þeirra. Um hádegisbil voru flottustu flikurnar seldar og þegar Kolaportinu var lokað hafði allt selst.

Mikið grínast

Kjólamálið fræga hefur verið á allra vörum síðustu vikuna og því var **Ragnhildur Steinunn** mikið spurð hvort umdeildi kjóllinn sem hún klæddist á lokakvöldi Eurovision væri til sölu. Svo var ekki en allar þrjár stúlkurnar munu þó hafa selt fót eftir Birtu Björnsdóttur.

Hafði í nógu að snúast


Það voru fleiri þekkt andlit sem létu sjá sig í Kolaportinu um helgina. **Ágústa Johnson**, líkamsræktarfrömuður og eiginkona Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns, var með sölubás í félagi við aðra konu. Ekki var eins mikil trafik í bás Ágústu og hjá sjónvarpskonunum og poppstjörnunni en þær höfðu þó í nógu að snúast.

- hdm

Mest lesið **visir.is**

- 1 Davíð Oddsson bauð Hreini að gerast útvarpsstjóri
- 2 Maðurinn kominn á gjörgæsludeild
- 3 Tamíl-tígrar í íslensku fangelsi
- 4 Bruní í Stykkishólmi
- 5 Óviss um hvort spillingarumræðan hafði áhrif á niðurstöðuna

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.



Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum aftur **ÓTRÚLEG KJÖR** á öllum King Koil heilsurúmum.

Það þýðir **UMTALSVERDA LÆKKUN** af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

Komdu og fáðu þér hágæða heilsurúm á ótrúlegu verði.

Með öllum keyptum rúmum er **25% AFSLÁTTUR** af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.

CORSICA

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veltir góða slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Tívhert sérvalið stál í gormakerfi
- Hreyfing milli svefnsvæða aldrei minni
- Steiptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

CORSICA
Queen size (153x203)

249.636 kr.

KK-TILBOÐ
174.000 kr.
= 75.636 kr.
AFSLÁTTUR!

GRAND HAVEN

- 7 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Svefnsvæði er úr þrýstjöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
- Lagar sig að líkamanum
- Veltir fullkomna slökun
- Studningur við bak og önnur viðkvæm svæði líkamans
- Steiptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

GRAND HAVEN
Queen size (153x203)

421.303 kr.

KK-TILBOÐ
269.000 kr.
= 152.303 kr.
AFSLÁTTUR!

AMELIA


- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 5 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veltir góða slökun
- Studningur við bak
- Tívhert sérvalið stál í gormum
- Styrtir kantar
- Þarf ekki að snúa

AMELIA
Queen size (153x203)

159.451 kr.

KK-TILBOÐ
109.312 kr.
= 51.451 kr.
AFSLÁTTUR!

FERMINGARTILBOÐ
30% AFSLÁTTUR!



AMELIA

(135x203)

Verð 142.500 kr.

FERMINGARTILBOÐ
99.750 kr.

AMELIA

(97x203)

Verð 132.267 kr.

FERMINGARTILBOÐ
92.586 kr.

COMFORT ZONE

- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Þrýstjöfnunarsvampi í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veltir góða slökun
- Steiptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

COMFORT ZONE

(135x200)

Verð 151.647 kr.

FERMINGARTILBOÐ
106.152 kr.

COMFORT ZONE

(120x200)

Verð 179.833 kr.

FERMINGARTILBOÐ
125.883 kr.

rekkjan

H E I L S U R Ú M